# FRÉTTABLAÐIÐ

291. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 12. DESEMBER 2015



# Velkomin á Litla-Hraun

**Fangelsismál eru í brennidepli um þessar mundir. Harður veruleiki einkennir lífið bak við rimlana.** →30

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




**Stefán Pálsson: Almar og Ólympíuleikarnir**



**Saga til næsta bæjar** →58

**Sögur spegla sálarlífið** →44



**Minningarnar sumar þungbærar** →40



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




**Hæg suðlæg átt** og víða léttskýjað í dag, en él eða dálítil snjókoma við suður- og vesturströndina. Frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum. SJÁ SÍÐU 66



**Markmið bandalagsins er að halda hlýnun innan við 1,5 gráður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í bandalagi metnaðarfullra ríkja

**UMHVERFISMÁL** Ísland lýsti í gær yfir stuðningi við High Ambition Coalition – bandalag ríflega 100 ríkja sem lengst vilja ganga til að stöðva loftslagsbreytingar. Hreyfingin vill að loftslagssamkomulag í París verði metnaðarfullt, en ekki bara útþynnt og óljóst plagg.

Fjölmörg ríki hafa á síðustu dögum lýst yfir stuðningi við að tryggja að metnaðarfullt samkomulag náist. Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, var viðstödd fundinn þar sem þetta var tilkynnt.

Brasilía og Sviss hafa gengið til liðs við þetta bandalag eins og Ísland en þar voru fyrir Bandaríkin, Evrópusambandsríkin, Noregur, Síle, Filippseyjar, Kanada auk Afríkuríkja og aðildarríkja bandalags lítilla eyríkja (AOSIS).

Markmið þessara ríkja er að ekki verði samþykktur texti sem nánast útilokar endurskoðun á samningnum til að tryggja frekari samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Formlegar viðræður lágu að mestu leyti niðri í gær. Í dag eiga Frakkar samráð við helstu ríkjahópa til að reyna að leysa þá hnúta sem eftir eru áður en nýr texti fullgerðs loftslagssamnings verður kynntur – hvort sem það verður síðar í dag eða á morgun. **- shá**

# Hvað ungur nemur gamall temur



**Kynslóðabilið brúað** Nemar úr Listaháskóla Íslands komu þessum vinkonum saman í Gerðubergi í gær. Skapað var heildarverk úr fjölda snjókorna sem klippt voru út í pappír. Við stundina voru jólalög sungin undir harmonikkuleik og hlýja fengin í kroppinn með heitu kakói. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fylkingarnar ræða óformlega á þinginu

**STJÓRNMÁL** Fundur var enn í gangi á Alþingi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Fjárlög ársins 2016 voru til umræðu.

Að sögn Einars K Guðfinnssonar, forseta Alþingis, var enn óvissa um framhald þingstarfa. Aðspurður um hvort að hann væri að leiða þingflokksformenn saman til samkomulags og hvort eitthvað væri uppi á borðinu sagði hann að óformlegar samræður hefðu átt sér stað í gær.

Hefðin er sú að ríkisstjórnir hverju sinni hafa úr mörgum málum að spila fyrir lok þingfunda ár hvert. En að þessu sinni eru bara fjárlögin uppi á borði og stjórnarandstaðan sækir hart að stjórnarflokkunum hvað breytingar á fjárlögum varðar.

Þetta er þriðja kvöldið í röð sem þingið heldur fund langt fram á kvöld og því mótmæltu nokkrir stjórnarandstæðingar. **-srs**

# Stytting götulýsingar sparar 5 milljónir á ári

**Götulýsing í Reykjavík logaði áður í um 4.000 klukkustundir á ári en logar nú í um 3.700 klukkustundir. Spara í orkukaupum og peruskipti verða sjaldnar.**

**ORKUMÁL** Reiknaður sparnaður frá því að tími götulýsingar í Reykjavík var styttur árið 2009 er 5 milljónir króna á ári. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur var leitað margvíslegra leiða til að draga úr kostnaði eftir hrun. Í þessu tilviki hefur sparast í orkukaupum auk þess sem sjaldnar þarf að skipta um ljósaperur.

Að meðaltali er kveikt á götulýsingu 7 mínútum síðar á kvöldin. Að morgni logar að meðaltali 7 mínútum skemur. Götulýsing logaði áður fyrr í um 4.000 klst. á ári en logar nú í 3.700 klst. Þar af eru 85 klst. vegna breytts viðmiðs í birtustigi en annar sparnaður er vegna betri stýribúnaðar.

Götulýsingin stjórnast af ljósmæli sem tekur mið af dagsbirtu. Reglan er sú að það kviknar á götuljósum um leið og byrjar að dimma. Viðmiðið er 20 lux. Undantekning frá þessari stýringu er gerð nokkra daga að vetrinum en þá er götulýsing látin loga lengur til að ekki slokkni á morgnana frá 7.45 til 8.30 þegar börn eru á leið í skólann.

„Þetta er auðvitað ekki mikill sparnaður í krónum. Kerfislega er mikilvægið aftur á móti meira,“ segir Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs.

„Það er nefnilega þannig að lýsing er frekar óheppilegur notandi í raforkukerfi Íslendinga sem byggist að mestu á vatnsafli. Orkuþörf lýsingar er einmitt mest þegar framleiðslugeta vatnsafls er minnst, það er að segja á veturna. Þess vegna er mikilvægt að draga úr aflþörf á veturna.“

Sigurður segir dægursveifluna svo annað mál. „Á nóttunni minnkar aflþörf verulega og því er götulýsing ekki mikið aukaálag. En á veturna fara ljósaskipti og almennt álag á kerfinu saman. Ef hægt er að minnka orkunotkun á þeim mörkum sparast aflþörf. Hins vegar styttist hratt í að LED-lýsing taki algerlega við, sem er miklu orkunýtnari og þá endingarbetri. Þá er ekki ólíklegt að þetta gangi til baka, það er að segja að ljósgæði verði bætt og aukin enda mun ódýrara og sveigjanleikinn meiri.“

Í tengslum við styttingu tíma götulýsingar voru haldnir fundir um umferðaröryggi með lögreglu, tryggingafélögum og umferðarstofu. Sammælst var um að grípa til aðgerða ef þess þyrfti. Ekki hefur þótt ástæða til að kalla eftir slíku, samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði.

ibs@frettabladid.is



**Daglegur tími götulýsingar í Reykjavík var styttur um um það bil 14 mínútur á dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta er auðvitað ekki mikill sparnaður í krónum. Kerfislega er mikilvægið aftur á móti meira.



Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs



ÍSLENSKA/SIA.IS SML 77504 12/15

# Opið til kl. 22
## fram að jólum



Kláraðu jólainnkaupin í notalegri jólastemningu um helgina.
**Nýtt kortatímabil!**

### **Laugardagur** 12. desember

| | |
|---|---|
| **Kl. 12.30** | **Mjólkursamsalan** býður upp á súkkulaðiköku og mjólk, á meðan birgðir endast |
| **Kl. 13.00** | **Jólasveinar** kíkja í heimsókn |
| **Kl. 14.00** | **Barnaskemmtun** með Söngvaborg |
| **Kl. 15.00** | **Elísabet Ormslev** úr The Voice tekur lagið |
| **Kl. 15.30** | **Jólasveinar sprella** í göngugötunni |
| **Kl. 16.00** | **Barnaskemmtun** með Söngvaborg |
| **Kl. 17.00** | **Jóladjass** í boði Jóladjassbandsins |

### **Sunnudagur** 13. desember

| | |
|---|---|
| **Kl. 14.00** | **Jólasveinar** kíkja í heimsókn |
| **Kl. 15.00** | **Tríóið Tríólur** syngur fyrir gesti |
| **Kl. 16.30** | **Jólasveinar sprella** í göngugötunni |
| **Kl. 17.00** | **Mosfellskórinn** syngur |
| **Kl. 17.30** | **Barnaskemmtun** með Söngvaborg |
| **Kl. 20.00** | **Sönghópurinn Þrjár** syngja jólalög |

### Látum gott af okkur leiða!

Gefðu eina auka jólagjöf og settu undir jólatréð í Smáralind.




SMÁRALIND

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA   ÞORLÁKSMESSA 11–23   AÐFANGADAGUR 10–13   WWW.SMARALIND.IS   FACEBOOK   INSTAGRAM   SNAPCHAT

**TÖLUR VIKUNNAR** 07.12.2015 TIL 13.12.2015

**448.000** ferðir fara Íslendingar til útlanda á þessu ári, segir ferðaþjónustan.

**80%** bankaviðskipta eru rafræn og útibúum bankanna hefur fækkað um 43% frá árinu 2008.

**14.000** eintök af þremur litabókum fyrir fullorðna hafa verið seld á árinu.

**13** vindmyllur, sem hver er 149 metrar að hæð, vill Biokraft reisa norðan Þykkvabæjar.

**3 tilnefningar** til Grammy-verðlaunanna féllu í hlut íslenskra listamanna þetta árið.

**97** prósent félagsmanna Félags stjórnenda leikskóla eru konur.

**0,01%** af framleiðslu fiskeldis er á Íslandi.

**72,6** metrar á sekúndu mældist sterkasta hviðan í ofsaveðrinu á mánudag.

**100** ísbúðir verða opnaðar í Kína með tengsl við íslenskan ískaupmann.

## Þrír í fréttum
## Spítali, sýknun og Grammy

**Kári Stefánsson,**
*forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar,*



lét fjárlaganefnd vita í aðsendri grein í Fréttablaðinu að ef ekki yrði meira fé varið til Landspítalans myndu hann og nokkrir félagar safna hundrað þúsund undirskriftum. Undirskriftirnar eiga að vera undir plagg sem hvetur landsmenn til að kjósa aldrei aftur þá stjórnmálaflokka sem standa að núverandi ríkisstjórn.

**Ásta Kristín Andrésdóttir**
*hjúkrunarfræðingur,*



sem var ákærð fyrir manndráp af gáleysi, var sýknuð í héraðsdómi. Hún kvaðst glöð yfir að dómararnir hefðu trúað henni, hún hefði varla þorað að vona eftir þessari niðurstöðu enda öllu vön eftir síðustu þrjú ár. Stundin þegar sýknudómur var kveðinn upp var tilfinningaþrungin og vöknaði mörgum um augu.

**Björk Guðmundsdóttir,**



Jóhann Jóhannsson og Of Monsters and Men hlutu öll tilnefningu til Grammy-verðlaunanna. Plata Bjarkar, Vulnicura, hlaut tilnefningu sem besta framsækna plata ársins. Jóhann er tilnefndur fyrir tónlist í kvikmyndinni The Theory of Everything. Of Monsters and Men var tilnefnd fyrir viðhafnarútgáfu nýjustu plötu sinnar, Beneath the Skin.

# Mikilvæg aðstoð út fyrir sviga

**Framlag til málefna fatlaðs fólks eykst um 1,5 milljarða. Samkomulagið tekur ekki mið af NPA, notendastýrðri persónulegri aðstoð. Vafi um aðstoðina veldur kvíða hjá fötluðu fólki að mati formanns ÖBÍ.**




Myndin er frá mótmælum NPA miðstöðvarinnar í Kringlunni þann fimmta maí síðastliðinn. Markmið hlekkjanna var að tákngera takmörkun ferðafrelsis og frelsis til búferlaflutninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNSÝSLA** Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) við fatlað fólk er ekki hluti af nýju samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Í samantekt á niðurstöðum verkefnisstjórnar um málaflokkinn segir að NPA teljist ekki til lögbundinnar þjónustu og að innleiðing þjónustunnar hafi „skapað umtalsverðan útgjaldaþrýsting“.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS), segir að samningaviðræðurnar nú hafi aðeins snúist um þá yfirfærslu á verkefnum sem varð frá ríki til sveitarfélaga í janúar 2011. Það hafi NPA aðeins verið á byrjunarstigi og lítið fjármagnað af hálfu ríkisins.

„Þegar við leituðum til kollega okkar í Noregi varðandi NPA var mælt með því að við gæfum okkur tíu ár í innleiðinguna því það væri svo margt sem bæri að athuga,“ segir Halldór. Hann segir að nú sjái ríkið um tuttugu prósent fjármögnunarinnar en það sé vilji sveitarfélaga að hlutfall ríkisins sé þrjátíu prósent.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks ber að klára innleiðingu NPA fyrir árslok 2016 og fjármögnun þess sömuleiðis. Þá eigi ráðherra að leggja fram frumvarp sem lögfesti NPA sem eitt meginform þjónustu við fatlað fólk.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segist bregða við að heyra að NPA sé ekki inni í nýja samkomulaginu. „Það er mjög mikilvægt að sveitarfélögin og ráðuneytið komist að samkomulagi um að það verkefni fái að halda áfram og að það eflist. Það að það sé ekki alveg komið á hreint hvernig NPA málum verður háttað veldur gríðarlegum kvíða hjá því fatlaða fólki sem nýtir sér þessa þjónustu,“ segir Ellen.

Freyja Haraldsdóttir, varaþingmaður Bjartrar framtíðar og notandi NPA, er ekki ánægð með niðurstöðu ríkis og sveitarfélaga. Hún segir að svo virðist sem enginn hafi áttað sig á því að fjármagn þyrfti strax til að mæta kjarasamningshækkunum. „Mér finnst mjög sorglegt að þeir skuli stilla þessu upp eins og þetta sé út fyrir sviga. Það er ákveðin stefnuyfirlýsing fólgin í því að þetta sé ekki partur af almennri þjónustu.“

Freyja segir NPA hafa umbylt lífi sínu. Þjónustan hafi gert henni kleift að vera virk í samfélaginu, vera á vinnumarkaði og sækja sér menntun. **snaeros@frettabladid.is**

> **Það er ákveðin stefnuyfirlýsing fólgin í því að þetta sé ekki partur af almennri þjónustu.**
>
> Freyja Haraldsdóttir, notandi NPA



### Hvað fól samkomulagið í sér?

Fjármagn til málefna fatlaðra eykst um allt að einn og hálfan milljarð króna. Það verður gert með því að lögfesta tímabundna 0,04 prósenta útsvarshækkun sem var ákveðin árið 2014.

Þá mun framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækka sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs.

Samkomulagið felur í sér endanlega niðurstöðu um fjármögnun þjónustunnar.




**Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Leitið læknis leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.**

Pevaryl 150 mg skeiðarstíll, Pevaryl Depot 150 mg skeiðarstíll og Pevaryl 1% krem (í samsettum pakkningum) (innihalda econazolnítrat) eru breiðvirk sveppalyf við sveppasýkingum í leggöngum (leggangabólga og skapabólga af völdum gersveppa). **Skammtar:** Einn skeiðarstíll hátt í leggöng að kvöldi fyrir svefn, 3 daga í röð (Pevaryl skeiðarstíll) eða einu sinni (Pevaryl Depot skeiðarstíll). Krem: Berist á svæðið í kringum leggangaop og endaþarmsop 2-3 á dag. Meðferð á að vara í 3 daga eftir að óþægindi eru horfin. Meðhöndlun maka: Þvoið reður og forhúð og berið kremið á tvisvar á dag þar til óþægindi hverfa og í 3 daga eftir það. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Pevaryl og Pevaryl Depot má ekki nota samhliða annarri meðferð í eða á kynfærum. Ef fram koma merki um ertingu eða ofnæmi skal hætta meðferð. Pevaryl krem inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúðir og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. Pevaryl skeiðarstílar innihalda efni í olíugrunni sem getur haft áhrif á og dregið úr öryggi latexhetta og latexverja. Ekki skal nota lyfin samtímis slíkum verjum. Þeir sem nota sæðisdrepandi lyf skulu ráðfæra sig við lækni, þar sem staðbundin meðferð í leggöngum getur gert sæðisdrepandi lyf óvirkt. **Meðganga / brjóstagjöf:** Pevaryl má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Nota má Pevaryl á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu ef hugsanlegur ávinningur fyrir móður vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort econazolnítrat berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

# Breytti atkvæði um kjarnorkuvopn

**UTANRÍKISMÁL** Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum sat hjá í atkvæðagreiðslu um sáttmála um alþjóðlegt kjarnorkuvopnabann. Í byrjun nóvember hafði sendinefnd Íslands greitt atkvæði gegn samkomulaginu og var eitt 29 ríkja sem gerði slíkt.

Að þessu sinni voru það 133 ríki sem greiddu atkvæði með samkomulaginu, 23 kusu gegn og 29 sátu hjá.

Bretland, Bandaríkin, Frakkland, Rússland og Kína kusu ekki með samkomulaginu.

Í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um samkomulagið og afstöðu Íslands segir að ekki er deilt um lokatakmarkið, sem er kjarnorkuvopnalaus heimur. Það hafi komið fram í atkvæðaskýringu Íslands og kemur heim og saman við afstöðu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra. „Við viljum ekki sjá þessi vopn og við viljum að þeim sé öllum eytt og ekki búin til ný,“ sagði Gunnar Bragi í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni þann 10. nóvember síðastliðinn.

> **133 ríki greiddu atkvæði með samkomulaginu, 23 kusu gegn og 29 sátu hjá.**

Þá kemur skýrt fram í nýrri þjóðaröryggisstefnu sem utanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi að Ísland skuli vera friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum.

Í svari ráðuneytisins kemur fram að ástæða þess að Ísland sat hjá ásamt fleiri ríkjum er að til staðar er samningur sem bannar útbreiðslu kjarnorkuvopna, svokallaður NPT-samningur. Mat ríkjahópsins sem sat hjá er að nýtt samkomulag kynni að grafa undan NPT-samningnum. **- srs**



**Alls sátu 29 ríki hjá á allsherjarþinginu.** FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN JÓNSSON




PIPAR\TBWA • SÍA


# Falleg jólatré
Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!
Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is

RANDALÍN, MUNDI OG AFTURGÖNGURNAR
ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR OG ÞÓRARINN M. BALDURSSON




ER ÞAÐ SATT AÐ VEITINGASTAÐIR SELJI KATTAKJÖT?


Þórdís Gísladóttir

Fyrsta bók höfunda hlaut Bóksalaverðlaunin og Fjöruverðlaunin.
Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.

BJARTUR

Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.




Nánari upplýsingar á www.ms.is

GOTT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM GJAFAPOKUM!
VILDARVERÐ FRÁ: 149.-
Verð: 199.-




Penninn Eymundsson
Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Tilboðsverð gilda frá 11. desember, til og með 13. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




## Sveinki á sjóskíðum



Félagsmenn í vatnsíþróttaklúbbi í Líbanon leika listir sínar klæddir sem jólasveinar fyrir utan borgina Jounieh. Þrjátíu og fimm prósent íbúa Líbanons eru kristin og fagna jólahátíðinni. NORDICPHOTOS/AFP

# Ákvæði útlendingalaga alltof þröng og ströng

**Unnur Brá Konráðsdóttir segir frumvarp um ný útlendingalög fjölga leiðum til að sækja um dvalarleyfi. Verkalýðshreyfingin hefur staðið í veginum fyrir rýmkun atvinnuleyfa. Ólína Þorvarðardóttir vill umboðsmann flóttamanna.**

**MANNRÉTTINDI** „Þú þarft að vera annaðhvort sérfræðingur eða flóttamaður frá Sýrlandi til að fá hæli hér,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Unnur Brá segir hælisleitendakerfið hafa verið búið til fyrir fólk í neyð. Þeir einstaklingar sem leiti að betra lífi og vilji vinna eigi að geta óskað eftir því að dvelja hér á öðrum grundvelli. „Ákvæði laganna okkar eru alltof þröng.“

Unnur Brá segir þverpólitíska þingmannanefnd skipaða af innanríkisráðherra hafa skilað af sér drögum að frumvarpi til nýrra laga um útlendingamál. Frumvarpið fjölgi þeim leiðum sem hægt er að fara til að sækja um leyfi til dvalar á Íslandi og mannúð verði í fyrirrúmi.

„Þetta eru mikilvægar breytingar. Við erum að laga löggjöfina. Neyðarkerfið á að vera fyrir þá sem eru í sárri neyð,“ segir Unnur Brá og bætir við að ekki gangi að hafa stofnanir uppteknar við að afgreiða umsóknir frá fólki sem augljóslega fái neitun. Hún segir fólk hafa aðrar leiðir til að koma til Íslands, en þær séu of strangar.

„Leiðirnar til að fá atvinnuleyfi eru til dæmis of þröngar. Það skýrist af ýmsu. Verkalýðshreyfingin hefur verið með mikla fyrirvara á að rýmka ákvæði fyrir fólk sem vill koma hingað til að vinna.“

> Verkalýðshreyfingin hefur verið með mikla fyrirvara á að rýmka ákvæði fyrir fólk sem vill koma hingað til vinna.
>
> Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði málefni flóttamanna að umtalsefni á Alþingi í gær. Hún vill stofnun umboðsmanns flóttamanna.

„Það er alveg greinilegt að Útlendingastofnun hefur ekki hagsmuni flóttamanna að leiðarljósi. Hún hefur bara það lögbundna hlutverk að úrskurða í þessum málum,“ segir Ólína og bendir á að Útlendingastofnun greiði Rauða krossinum til að gæta hagsmuna flóttamanna og hælisleitenda.

„Og það er ekki nógu góður bragur á því. Það er ekki æskilegt að úrskurðaraðili hafi fjárhagssamband við góðgerðarsamtök. Ég efast þó ekki um þá starfsmenn sem þegna lögmannsstörfum fyrir Rauða krossinn en held það sé einfaldlega til bóta að standa betur að þessum málum. Ég held að ef við ætlum að gera þetta almennilega þá verðum við að hafa hér stofnun sem hefur það eina hlutverk að gæta hagsmuna hælisleitenda og flóttamanna. Það er núna verið að hugsa um móttökustöð, það væri hægt að taka þessa hugmynd með í það starf,“ segir Ólína.

> Það er alveg greinilegt að Útlendingastofnun hefur ekki hagsmuni flóttamanna að leiðarljósi.
>
> Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar



kristjanabjorg@frettabladid.is

# GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF FLOTTUM EFTIRRÉTTUM



*Gerðu þína eigin ísköku... og þitt eigið Créme Brulée*




**Debic Parfait og Créme Brulée**
Eins og á bestu veitingastöðum úr eldhúsinu þínu.




**Lífrænn kókosís**
12 bragðtegundir. Mjólkurlaus, glúteinlaus og án Soya.




**Häagen-Dazs ís**
Hver er þinn uppáhalds?




*Ferskir með flugi frá Frakklandi*

**Rians eftirréttir**
Créme Brulée, Panna Cotta.

*Ekta ítalskur*



Súkkulaði og kirsuberja

Súkkulaði

Kaffi

Tíramisú

Jarðarberja

**La Gelateria**
Frábær ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glerglösum.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands óskar eftir orlofseignum (góðum sumarhúsum og/eða íbúðum) til framleigu fyrir félagsmenn sumarið 2016. Leitað er eftir eignum á landsbyggðinni sem og erlendis. Leigutímabilið er frá 3. júní til 12. ágúst, eða 10 vikur. Einnig er möguleiki á að skoða leigu í styttri tíma en þó aldrei skemur en 5 til 6 vikur.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda tilboð til Orlofssjóðs KÍ, á netfangið sjodir@ki.is fyrir 21. desember nk.

**Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:**

- Lýsing eignar – stærð í fermetrum, ástand og byggingarár. Herbergjaskipan - stofa og fjöldi svefnherbergja auk áætlaðs fjölda gesta í rúmum
- Staðsetning eignar, hvað fylgir og lýsing á nærumhverfinu (afþreying o.fl.)
- Ljósmyndir af eign og nánasta umhverfi
- Verðhugmynd; leiguverð á viku

**Orlofssjóður Kennarasambands Íslands**

Hitablásarar

Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.890

Rafmagnshita-blásari 5Kw 3 fasa
12.830

Rafmagnshita-blásari 2Kw
1.990

Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa
17.990

25 metra rafmagnssnúra
5.490

Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa
29.990

Meiri gæði / Lægra verð

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Sérstök jólatilboð

Leikhúskvöld fyrir sælkera
Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð
12.500 kr.

Mamma Mia
Miði fyrir tvo á ABBA söngleikinn sem enginn má missa af
12.900 kr.

Njála
Miði fyrir tvo á Njálu og eitt eintak af Brennu-Njáls sögu.
12.200 kr.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



Nissan er vinsælastur af þeim rafbílum sem hafa verið skráðir í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hlutfallslega næstmest rafbílasala hér á landi

**Sprenging hefur orðið í sölu rafbíla á Íslandi síðustu árin. Því er spáð að þeir verði orðnir 1.200 á næsta ári. Þörf er á að endurskoða byggingareglugerð til að gera heimahleðslur nógu öflugar. Langflestir rafbílaeigendur eiga annan bíl.**

**BÍLAR** Fjöldi vistvænna bifreiða á Íslandi hefur þrefaldast síðan árið 2010 og hefur mestur vöxtur verið í rafbílum.

Í umferð eru 695 rafbílar núna og er því spáð að þeir verði 1.200 árið 2016. Ísland er hlutfallslega næststærsta land í heimi, á eftir Noregi, í sölu rafbíla. Þetta er á að bæta innviði fyrir bílana, meðal annars með langtíma stefnumótun stjórnvalda og breytingu á byggingareglugerðum til þess að gera heimahleðslur nógu öflugar. Þetta kom fram á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands, Rafbílavæðing á Íslandi. Hver er staðan? sem fór fram í gær.

Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslensk NýOrka, gerði grein fyrir stöðu í stefnumótun íslenskra stjórnvalda. Hann benti á að hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum hér á landi hefði tífaldast síðan árið 2010. Rafbílasala hefði numið 30 til 40 á mánuði á árinu og verið umfram spár.

Gert er ráð fyrir heildarendurskoðun á skattlagningu samgangna á árinu 2016. Jón Björn greindi frá því að nokkur óvissa lægi í kringum skattaívilnanir og annað. Rauði þráðurinn á ráðstefnunni var að þörf væri á langtíma stefnumótun stjórnvalda varðandi skatta og uppbyggingu innviða. Sextíu og sjö milljónir króna eru á fjárlögum árið 2016 fyrir uppbyggingu rafinnviða. „Þetta er kannski ekki mjög há tala, en þetta er stórt skref fram á við frá núlli,“ sagði Jón Björn.

> Ég hef ekki hitt neinn sem er óánægður með bílinn.



Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslensk NýOrka

Jón Björn gerði grein fyrir skoðanakönnun sem gerð var á meðal rafbílaeigenda. Almennt væri mikil ánægja á meðal þeirra með bílana. „Ég hef ekki hitt neinn enn sem er óánægður með bílinn,“ sagði Jón Björn. Langflestir eiga þó annan bíl að auki. Flestir nefndu fjárhagslegan sparnað og umhverfisvitund sem ástæðu þess að vera á rafbíl. Níutíu prósent væru ánægð með hraðhleðslustöðvarnar, en ekki væri alltaf ánægja með staðsetningar. Áhugi væri á hraðhleðslustöðvum meðal annars á Granda, í Hafnarfirði, Mosfellsbæ og á landsbyggðinni. Einnig væri áhugi fyrir smáforriti til að sjá hvort einhverjir séu á hraðhleðslustöðinni. **saeunn@frettabladid.is**

## Rafvæðing skipaflotans enn þá stærra mál

Í erindi sínu á ráðstefninu vék Jón Björn Skúlason að rafvæðingu skipaflotans sem hann telur í raun miklu stærra mál en rafvæðingu bílaflotans. Hann sagði að mikill áhugi væri á því að skoða rafvæðingu haftengdrar starfsemi, verið væri að skoða nokkra mismunandi þætti og margir fundir hefðu verið haldnir. Hann nefndi dæmi um hvalaskoðunarbát sem var rafvæddur á Húsavík. Báturinn fer 250 hvalaskoðunarferðir á ári og sparnaðurinn á honum er álíka og á fjörutíu rafbílum. Það er því gríðarlegur ávinningur í rafvæðingu skipa.

ERU DÝR Í KRINGUM ÞIG?
KANNSKI ER ÞAÐ ÞESS VEGNA SEM ÞÚ HNERRAR OG ÞIG KLÆJAR!

Livostin augndropar og nefdropar eru fljótvirk ofnæmislyf með langvarandi verkun. Nota má Livostin samtímis inntöku annarra ofnæmislyfja.

Livostin® Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Livostin® (levokabastin); nefúði, dreifa 50 míkróg/skammt og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmisnefbólgu og ofnæmistárubólgu í augum. **Skömmtun:** Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Gefa má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin augndropar innihalda rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð sem getur valdið ertingu í augum og mislitað mjúkar augnlinsur. Varast skal að það komist í snertingu við mjúkar augnlinsur. Fjarlægið augnlinsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. Livostin nefúði inniheldur rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð og própýlenglýkól sem geta valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstagjöf. **Áhrif á akstur og notkun véla:** Livostin hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Gæta skal varúðar ef syfja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

HÚSASMIÐJAN

blómaval



# SERÍUR & JÓLAGJAFIR

## 20-40% AFSLÁTTUR

Einnig valdar jólavörur á 40% afslætti

**20-40%** ALLAR VÖRUR FRÁ RUSSELL HOBBS

8.874kr ~~14.790kr~~

**Kaffivél Legacy**
Stál,10 bollar.
1840125

**25%** ÖLL ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI

4.868kr ~~6.490kr~~

**Hraðsuðukanna**
ELOISE EEWA3100, 1,5 ltr
1829123

**20-25%** ÖLL BÚSÁHÖLD

5.599kr ~~6.999kr~~

**Litaðir eldhúshnífar í gjafaöskju**
5 stk litaðir hnífar
2007433

**28%** afsláttur

Úrval verkfæra á frábæru tilboði!

9.995kr ~~13.995kr~~

**Hleðsluborvél**
EPC12CAB 12V, 2 rafhlöður
5245999

LATIBÆR SKEMMTIR KL 15:00

## JÓLAHÁTÍÐ

### Skútuvogi í dag

**Jólaland Blómavals**
Jólaland Blómavals er ævintýraheimur sem glatt hefur börn og fullorðna í áratugi.


Birgitta Haukdal

**14:00 Birgitta Haukdal**
Les upp úr bók sinni
Lára lærir að hjóla
og tekur nokkur lög


Jólasveinar

**14:15 Jólasveinar**
skemmta börnunum

**15:00 Latibær**
skemmtir börnunum


Geir Ólafs

**16:00 Geir Ólafs**
Syngur lög af nýrri plötu
og áritar

**Jólahlaðborð í Skútuvogi** KAFFI GARÐUR
Alla helgina kl. 13-19 AÐEINS 1.980 kr
Börn 10 ára og yngri 500kr



## GÆÐA JÓLATRÉ á lægra verði

**Sérvalin jólatré fyrir Blómaval**
• NORMANNSÞINUR • RAUÐGRENI • STAFAFURA
**Öllum jólatrjám fylgir janúar glaðningur Blómavals!**

**Gildir til sunnudags.** Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.





Þungt hljóð er í sjómönnum vegna krafna sem útgerðarmenn hafa sett fram í kjaraviðræðum við félög þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vilja að sjómenn greiði veiði- og kolefnisgjöld

**Allar kröfur uppi á borðinu eftir að upp úr slitnaði. Útgerðarmenn vilja þátttöku sjómanna í kostnaði. Sjómenn vilja allan afla á markað. Þolinmæði sjómanna á þrotum. Stefnt gæti í átök. Aflahlutur fyrir skipti greiðir olíuna.**

**KJARAMÁL** Sjómenn eiga að standa undir greiðslum útgerðarfyrirtækja á kostnaði vegna veiðigjalda, trygginga-, raforku- og kolefnisgjalds, auk þess að taka meiri þátt í olíukostnaði fyrirtækjanna. Þetta er á meðal krafna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS, áður LÍÚ) í kjaraviðræðum við sjómenn, sem hafa verið án samnings frá ársbyrjun 2011.

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir allar kröfur uppi á borðinu á ný eftir að upp úr viðræðum hafi slitnað fyrir viku. Sjómannasambandið hefur birt á Facebook-síðu sinni bæði eigin kröfur og kröfur útgerðarmanna.

Af því að sjómenn séu á hlutaskiptum segir Valmundur afstöðu útgerðarinnar þá að þeir eigi að borga fyrir hana veiðigjöldin og viðlíka kostnað. „En þeir gera sér þá líklega grein fyrir að þeir eru líka á hlutaskiptum og það er ekki okkar að greiða skatta sem á þá eru settir.“ Þá bendir hann á að sjómenn standi þegar undir olíukostnaði útgerðanna. Verð hennar hafi lækkað um 60 prósent frá því útgerðin setti fram kröfur sínar og því standi sá 30 prósenta aflahlutur sem tekinn sé frá fyrir skipti vegna hennar alfarið undir kostnaðinum.

> Við ætlum að heyra ofan í okkar bakland hvað menn vilja gera.
>
> Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands



Félagið segir Valmundur ætla í fundaherferð milli jóla og nýárs þegar allir séu í landi. „Við ætlum að heyra ofan í okkar bakland hvað menn vilja gera.“ Þrennt sé í stöðunni; óbreytt ástand, semja um tryggingar- og launaliði í skammtímasamningi eða fara í aðgerðir. Ef hann ætti að giska segir hann sér finnast líklegast að leið númer þrjú verði fyrir valinu. „Mér heyrist á mönnum að þeir séu ekki par ánægðir. Þeir eru farnir að gefa sig upp bæði á síðunni okkar og víðar og það er mjög nýtt að sjómenn geri það og þýðir bara að þeir eru búnir að missa þolinmæðina.“ **olikr@frettabladid.is**

## Samningslausir frá 2011

Kjaraviðræður sjómanna og útgerðarmanna lögðust fljótlega af í ársbyrjun 2011. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins, segir útgerðarmenn hafa farið í hart og að sjómenn hafi fremur viljað búa við óbreytt ástand en fá á sig gerðardóm líkt og búast hafi mátt við tækju þeir slaginn. En í haust hafi SFS viljað taka upp viðræður á ný. Ákveðið hafi verið að setja til hliðar stóru deilumálin, þátttöku sjómanna í gjöldum útgerðarinnar og kröfu sjómanna um að allur afli fari á markað, og ræða hluti sem ná mætti saman um. „Síðan hefur komið í ljós að þeir eru ekki tilbúnir að ræða neitt nema hækkun kauptryggingar og launaliðar. Um það hefur ekki þurft að semja fyrr en nú, því allar almennar hækkanir hafa tekið gildi hjá okkur eins og öðrum.“ Verði sjómenn áfram samningslausir verði lágmarkskaup þeirra á næsta ári lægra en hjá öldruðum og öryrkjum.


















## Volkswagen Amarok kemur þér á leiðarenda.

Amarok býður upp á einstaklega gott vinnuumhverfi, mikið innanrými og stóran pall. Frábærir aksturseiginleikar og þýsk gæði endurspeglast í þessum kröftuga pallbíl. Amarok Startline með fjarstýrðum og tímastilltum vélahitara (Webasto) og loftkælingu fæst nú á sérstöku tilboðsverði.

**Amarok Startline** 4Motion D/C 2.0 TDI 140 hestöfl kostar frá

**5.990.000 kr.**

(4.830.645 kr. án vsk)

**Eyðsla frá 7,6 lítrum/100 km.**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




Stockholms stad

**Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan í Stokkhólmi.**

Við dvölina gefst tækifæri til að kynnast Stokkhólmi og mynda tengsl með mögulega samvinnu í huga.
Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni í eina eða tvær vikur á árinu 2016.
Dvalargjald fyrir eina viku er 1400 sænskar krónur.
Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld. Opnað verður fyrir umsóknir þann 14. desember 2015 og er **umsóknarfrestur til 14. febrúar 2016.**

**Umsóknareyðublöð má finna hér:**
http://www.stockholm.se/KulturFritid/Stod/nordiskt_kultursamarbete/
Í umsókn skal tilgreina tilgang dvalar og óskir um dvalartíma ásamt kynningu á umsækjanda.

Nánari upplýsingar veitir Auður Halldórsdóttir verkefnastjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 590-1520, netf. audur.halldorsdottir@reykjavik.is og Anne-Marie Andersson hjá Stokkhólmsborg netf. anne-marie.a.andersson@stockholm.se




Guo Guangchang er stjórnarformaður Fosun, eins af stærri fjárfestingarfyrirtækjum heims. NORDICPHOTOS/AFP

# Skýring komin á hvarfi kínverska auðjöfursins

**Hvarf hans skýrðist ekki fyrr en meira en sólarhring eftir handtökuna. Guo Guanchang er einn auðugasti maður Kína. Á eignir metnar á 700 milljarða.**

**KÍNA** Kínverski auðkýfingurinn Guo Guanchang var handtekinn á fimmtudaginn. Talið er að handtakan tengist rannsókn stjórnvalda á spillingu.

Guo er 48 ára gamall, eigandi stórfyrirtækisins Fosun og einn af ríkustu einstaklingum Kína. Eignir hans eru metnar á ríflega 700 milljarða króna.

Í fyrstu var ekkert vitað hvað varð um Guo. Samstarfsmenn hans vissu ekkert hvernig þeir ættu að ná sambandi við hann.

Meira en sólarhring síðar bárust fréttir af því að hann hefði verið handtekinn á flugvellinum í Sjanghaí, en engar skýringar fengust þó á handtökunni.

Kínversk stjórnvöld hafa undanfarin misseri verið í herferð gegn spillingu í landinu. Ekki var vitað hvort Guo sé grunaður um misferli sjálfur eða hvort lögreglan hafi viljað ræða við hann sem vitni.

Hlutabréfamarkaðir í Kína tóku einhverjar dýfur í kjölfar frétta af handtökunni. Viðskipti með hlutabréf í Fosun voru stöðvuð þangað til eftir helgi.

Á mánudaginn stendur til að halda ársfund fyrirtækisins og reiknað var með að Guo myndi flytja þar ræðu, eins og hann gerir árlega.

Fjöldi kínverskra embættismanna hefur verið handtekinn á síðustu árum í tengslum við spillingarrannsóknir, eða frá því að Xi Jinping tók við forsetaembætti árið 2012 og hét því að útrýma spillingu í landinu.

Flestir hinna handteknu hafa þó verið háttsettir félagar í kínverska Kommúnistaflokknum.

BBC skýrir síðan frá því að undanfarnar vikur hafi auðugir Kínverjar horfið hver á fætur öðrum. Fyrir þremur vikum hvarf til dæmis Yim Fung, forstjóri verðbréfafyrirtækisins Guotai Securities. Fyrr í þessari viku hafi síðan tveir bankamenn í fyrirtækinu Citic Securities horfið sporlaust.

Guo hefur verið kallaður kínverska útgáfan af bandaríska fjárfestinum Warren Buffet.

Þegar Guo stofnaði fyrirtæki sitt árið 1992, ásamt nokkrum öðrum ungum mönnum, var hann nýútskrifaður úr skóla. Nú er Fuson eitt af stærri fjárfestingarfyrirtækjum heims. Meðal eigna þess má nefna umfangsmikil lyfjafyrirtæki, tryggingafyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki og fleira. Þar á meðal er sirkusinn þekkti, Cirque du Soleil, í eigu Fosun. **gudsteinn@frettabladid.is**






Menntamálaráðuneytið stefnir ekki að því að endurreisa Casa Christi í upprunalegri mynd þrátt fyrir tillögu Minjastofnunar þess efnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Borgin samþykkir framkvæmdir við MR

**SKIPULAGSMÁL** Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt framkvæmdir við 4.700 fermetra skólabyggingar á lóð Menntaskólans í Reykjavík. Þar mun rísa bókasafn, íþróttahús auk fyrirlestrasals og kennslustofa. Alls eiga framkvæmdirnar að kosta um 2,5 milljarða króna. Ekki liggur fyrir hvenær ríkið mun leggja framkvæmdunum til fé en þær eru ekki á fjárlögum næsta árs. „Stóra spurningin er með fjármögnunina,“ segir Yngvi Pétursson, rektor MR. Hann bendir á að hugmyndirnar séu ekki nýjar, þær byggi á hugmyndasamkeppni frá árinu 1995.

Reykjavíkurborg samþykkti einnig að láta rífa bygginguna Casa Christi sem er á þeim hluta lóðarinnar þar sem nýtt húsnæði á að rísa. Casa Christi var reist árið 1907 eftir uppdrætti Einars Einarssonar húsameistara og var félagsheimili KFUM og KFUK. Minjastofnun leggur til að húsið verði reist í upprunalegri mynd á nýjum stað. „Ráðuneytið ætlar ekki að gera það,“ segir Þráinn Sigurðsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Aðrir aðilar þyrftu að koma að því að endurreisa húsið ef af því eigi að verða. **- ih**




TILBOÐIN GILDA TIL 16.12

*NEMA AF DÚNSÆNGUM OG SÆNGURVERASETTUM

**SLEEPWELL DÝNA**

Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m².
Innifalin í verði er 4 sm. þykk yfirdýna.
Fæst í tveimur stærðum.
Vnr. 8880000913, 8880000914

# LÁTUM DRAUMANA



**KÄHLER**
Avvento stjakar,
nokkrir litir,
**2.990 kr.**
**3.290 kr.**
**3.990 kr.**

## Full búð af spennandi gjafavöru



**SPEETSBERG**
Kaj jólasveinn,
margar stærðir
og litir, 11-130 cm.
**Verð frá**
**790 til 9.690 kr.**



iittala

**IITTALA**
Kastehelmi kertastjaki cranberry.
**Jólaverð 5.990**



**FRIDAY**
Hornsófi með tungu 2H3/3H2.
Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 260 x 90 cm
**269.990 kr.** ~~319.990 kr.~~

**OSWALD**
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt
slitsterkt áklæði. Viðarfætur.
Stærð: 185 x 84 x 87 cm

OSWALD
**40%**
AFSLÁTTUR
IDdesign



**59.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða
vinstri tunga. Dökkgrátt
slitsterkt áklæði
Stærð: 77 × 75 ×
109 cm



**99.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



**EIFFEL**
Borðstofustóll. Svartur, grár og
hvítur með svörtum löppum.
**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



**EIFFEL**
Borðstofustóll. Svartur, grár og
hvítur með krómlöppum.
**9.990 kr.** ~~13.990 kr.~~



**FREYJA**
Barstóll. dökkgrátt áklæði
**24.990 kr.** ~~29.990 kr.~~



**FREYJA**
Borðstofustóll. PU-svart eða áklæði
**19.990 kr.** ~~24.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**Afgreiðslutími um jólin**
12. des. kl. 11–17
13. des. kl. 13–17
14.–18. des. kl. 10–19
19. des. kl. 11–18
20. des. kl. 13–18
21. og 22. des. kl. 10–20
23. des. kl. 10–22
24. des. kl. 10–13

# RÆTAST UM JÓLIN



Broyhill

## LARAMIE

Þessir vinsælu sófar frá Broyhill eru komnir aftur. Sófarnir eru ævintýralega þægilegir með það að meginmarkmiði að láta þér líða vel. Klæddir slitsterku brúnu microfiber áklæði.

Stærð, 2ja sæta: 170 × 95 × 92 cm
Stærð, 3ja sæta: 225 × 95 × 92 cm
Stærð, stóll: 116 × 95 × 92 cm

Tveggjasæta sófi
**169.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

Þriggja sæta sófi
**179.990 kr.** ~~209.990 kr.~~

Stóll
**149.990 kr.** ~~169.990 kr.~~



LA-Z-BOY

## PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Klæddur leðri á slitflötum. Fáanlegur í mörgum litum.
Stærð: 84 × 90 × 100 cm

**139.990 kr.** ~~179.990 kr.~~



## DENVER

Þriggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði.
Stærð: 218 x 98 x 88 cm.

**129.990 kr.** ~~169.990 kr.~~

## DENVER

Tveggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði.
Stærð: 168 x 98 x 88 cm.

**99.990 kr.** ~~129.990 kr.~~



# Helmingur þolenda reyndi sjálfsvíg

**Tæplega hundrað þolendur hópnauðgunar leituðu til Stígamóta 2010-2014. Konur sem verða fyrir hópnauðgun eru líklegri til að sækja í vímuefni og reyna sjálfsvíg. Karlar leita í auknum mæli í kynlíf og klám. Flestar nauðganir eiga sér stað á heimili geranda.**

**SAMFÉLAG** Helstu afleiðingar sem þolendur kynferðisofbeldis upplifa eru reiði, depurð, léleg sjálfsmynd og kvíði. Í mastersverkefni Elsu Guðrúnar Sveinsdóttur í félagsráðgjöf kemur þó fram að marktækur munur sé á milli kynja og eðli ofbeldis.

„Ég skoðaði afleiðingar nauðgana annars vegar og hópnauðgana hins vegar ásamt því að skoða mun milli kynja,“ segir Elsa sem vann úr spurningalistum sem þolendur sem leita til Stígamóta svöruðu á árunum 2010-2014. Á þeim tíma leituðu 688 þolendur sér aðstoðar vegna nauðgunar og 91 þolandi vegna hópnauðgunar.

**Konur sækja í mat og vímu**

Algengast var að konur merktu við reiði og depurð sem afleiðingu nauðgunar. Algengasta afleiðing nauðgunar hjá körlum var aftur á móti félagsleg einangrun eða í 75 prósentum tilfella. Á eftir kom reiði og depurð.

Marktækur munur fannst á milli þeirra sem höfðu orðið fyrir hópnauðgun og þeirra sem höfðu orðið fyrir annars konar kynferðisofbeldi. Munurinn á konunum fólst fyrst og fremst í erfiðleikum með kynlíf og meiri líkum á að þróa með sér fíkn í mat eða vímuefni. Alls þróuðu 37 prósent kvennanna með sér átröskun og 35 prósent leituðu í önnur vímuefni en áfengi.

Einnig eru talsvert meiri líkur á að konur reyni sjálfsvíg eftir hópnauðgun en eftir annað kynferðisofbeldi.

„Tæplega helmingur kvennanna sem hafði orðið fyrir hópnauðgun hafði gert tilraun til sjálfsvígs eða 47 prósent. En um 27 prósent kvenna sem höfðu orðið fyrir nauðgun höfðu reynt sjálfsvíg,“ segir Elsa.

Ekki var marktækur munur hjá körlum en 33-37 prósent höfðu reynt sjálfsvíg eftir nauðgun eða hópnauðgun.

**Sanna karlmennsku í kynlífi**

Karlar sem verða fyrir hópnauðgun eru líklegri til að sækja í klám og kynlíf. Þriðjungur svarenda sagðist hafa fengið fíkn í kynlíf og klám.

„Þar er klámið líklega leið til að fá kynferðislega örvun án þess að vera í nánd við annað fólk. Einnig hafa rannsóknir sýnt að karlmenn noti kynlíf til að sýna fram á karlmennsku eða gefa í skyn að það sé í lagi með þá. Þetta er stundum þeirra leið til að takast á við áfallið,“ segir Elsa.

Einnig kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að algengast sé að konum og körlum sé nauðgað á heimili geranda. Sú var raunin í 43 prósentum tilvika hjá konum og 50 prósentum tilvika hjá körlum. Hjá konum var einnig algengt að ofbeldið ætti sér stað á eigin heimili eða sameiginlegu heimili. Hjá körlum var utandyra og heimahús (til dæmis samkvæmi) næstalgengustu svörin.

Ekki var marktækur munur á hvort um nauðgun eða hópnauðgun væri að ræða. **erlabjorg@frettabladid.is**



Rannsóknin var gerð á svarlistum þolenda nauðgana og hópnauðgana sem leituðu til Stígamóta á fimm ára tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

**Þar er klámið líklega leið til að fá kynferðislega örvun án þess að vera í nánd við annað fólk.**



Elsa Guðrún Sveinsdóttir, félagsráðgjafanemi

**Þolendur sem komu til Stígamóta 2010-2014**

| Nauðgun | | Hópnauðgun | |
|---|---|---|---|
| Konur 603 | Karlar 44 | Konur 85 | Karlar 6 |

**Tilraun til sjálfsvígs**

| | Konur | Karlar |
|---|---|---|
| Eftir nauðgun | 29% | 37% |
| Eftir hópnauðgun | 47% | 33% |


Reykjavíkurborg

## Stelpur stjórna – Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur

Mánudaginn 14. desember stendur Reykjavíkurborg fyrir málþingi í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á fæðingardegi Ingibjargar H. Bjarnason undir yfirskriftinni **Stelpur stjórna.** Málþingið er hluti af 100 viðburðum sem Reykjavíkurborg stendur að í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því íslenskar konur hlutu kosningarétt.

**15.00 Setning málþings:**
Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks setur þingið.

**15.05 Erindi:**
Auður Styrkársdóttir forstöðumaður Kvennasögusafns fjallar um stjórnmálaþátttöku kvenna síðustu 100 ár.

**15.25 Pallborðsumræður- sætustu sigrar og stærstu áskoranir í borgarstjórn.**
**Í pallborði eru:**
Hanna Birna Kristjánsdóttir frá Sjálfstæðisflokki, Sigrún Magnúsdóttir frá Framsóknarflokki, Svandís Svavarsdóttir frá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, Guðrún Ögmundsdóttir frá Samfylkingu og Guðrún Jónsdóttir frá Kvennaframboðinu sem munu ræða sína sætustu sigra og stærstu áskoranir.

Hver fær 7 mínútur á framsögu.

**16.15 Umræður og fyrirspurnir**
Fundarstýra:
Sirrý Arnardóttir sjónvarpskona á Hringbraut

**16.30 Stelpur filma og Stelpur rokka skemmta**



Allir velkomnir





Stefnt er að því að virkjunin hefji rekstur haustið 2017. MYND/LANDSVIRKJUN

# Fá níu milljarða króna lán frá Japan til vélakaupa

**ORKUMÁL** Landsvirkjun hefur undirritað lánasamning, svokallaða verktakafjármögnun, vegna verksamnings um tvær 45 MW vélasamstæður frá Fuji Electric. Vélarnar eru fyrir Þeistareykjavirkjun sem á að hefja vinnslu árið 2017.

Japanska lánastofnunin Japan Bank for International Cooperation (JBIC) veitir lán að fjárhæð allt að 34 milljónir Bandaríkjadala á föstum vöxtum. Þá munu Citibank Japan Ltd. (í forstöðuhlutverki), Bank of Yokohama og Commerzbank AG, Tokyo Branch einnig veita lán að fjárhæð allt að 34 milljónir Bandaríkjadala á fljótandi vöxtum með ábyrgð frá Nippon Export and Investment Insurance (NEXI) og nemur heildarlánsfjárhæð því allt að 68 milljónum Bandaríkjadala – eða níu milljörðum króna að núvirði.

Lánið er til 20 ára og er veitt án ríkisábyrgðar. Þetta er í fyrsta sinn sem umræddar lánastofnanir veita slíkt lán til hátekju-OECD-ríkis vegna verkefnis sem tengt er endurnýjanlegri orku. Takanawa Japan KK og Citigroup voru ráðgjafar Landsvirkjunar við fjármögnunina.

**Lánið er til tuttugu ára og er veitt án ríkisábyrgðar. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland fær fjármögnun með þessum hætti frá Japan.**

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir um tímamótasamning að ræða. „Þetta er tímamótasamningur fyrir Ísland og Japan þar sem þetta er í fyrsta sinn sem Ísland fær fjármögnun með þessum hætti frá Japan. Við erum virkilega ánægð með þann stuðning sem japanskar lánastofnanir veita til fjármögnunar Þeistareykjavirkjunar,“ segir Hörður í tilkynningu frá fyrirtækinu. **– shá**

Komdu og reynsluaktu nýjum bíl

# ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Láttu sölumenn okkar stjana við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.




## RENAULT MEGANE LIMITED

### VEGLEGUR AUKAHLUTAPAKKI

**Aukahlutapakki innifalinn í verði: 17" álfelgur / lyklalaust aðgengi / skyggðar rúður / tölvustýrð tveggja svæða loftkæling / limited innrétting og aðfellanlegir speglar.**

DÍSIL, BEINSKIPTUR, EYÐSLA 3,5 L/100 KM*
DÍSIL SJÁLFSKIPTUR EYÐSLA 4,2 L/100 KM*
VERÐ FRÁ: 3.490.000 KR.

## RENAULT CLIO

**FALLEGUR BÍLL Á FLOTTU VERÐI**

DÍSIL, SJÁLFSK., EYÐSLA 3,7 L/100 KM*
VERÐ: 2.990.000 KR.




## NISSAN PULSAR

**HLAÐINN SKEMMTILEGUM NÝJUNGUM**

VISIA, DÍSIL, EYÐSLA 3,7 L/100 KM*

**SÝNINGARTILBOÐ**

Tryggðu þér nýjan Pulsar á sýningartilboði núna




## NISSAN LEAF RAFBÍLL

**Á VEGLEGU SÝNINGARTILBOÐI**

Nú er tækifærið að tryggja sér rafbíl á einstöku verði.

**100% RAFBÍLL**

Allir Nissan Leaf eru búnir 6,6 kW hleðslubúnaðI sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimahleðslustöðvum, einnig tímastilltum forhitara sem hitar bílinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum símabúnaði og ESP skriðvörn. Nánari upplýsingar á www.nissan.is



## NISSAN QASHQAI

**VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS**

ACENTA, DÍSIL, EYÐSLA 3,8 L/100 KM*
VERÐ: 3.990.000 KR.

ACENTA, DÍSIL, SJÁLFSK., EYÐSLA 4,9 L/100 KM*
VERÐ: 4.590.000 KR.






**REYNSLUAKSTURSLEIKUR BL**
**ÞÚ GETUR UNNIÐ 55" SAMSUNG SJÓNVARP**

Allir sem fara í reynsluakstur á nýjum bíl til jóla verða skráðir í lukkupott og eiga möguleika á að vinna glæsilegt 55" Samsung Smart sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM72097

# Yfir tuttugu þúsund manns hafa komið í ísgöngin í Langjökli

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vel yfir tuttugu þúsund manns hafa komið inn í ísgöngin í Langjökli frá því þau voru opnuð almenningi 1. júní í sumar.

Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Into the Glacier sem rekur ísgöngin segir aðsóknina hafa verið vonum framar.

„Upphaflega ætluðum við að vera með daglegar ferðir út september og fara síðan tvisvar í viku. Í lok september ákváðum við að fara daglega út október og síðan ákváðum við að vera líka með daglegar ferðir í nóvember. Svo um miðjan nóvember ákváðum við að keyra bara alla daga, allt árið – nema þegar það er brjálað veður,“ segir Sigurður.



Sigurður Skarphéðinsson við munna ísganganna þegar gerð þeirra var á lokametrunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrst og fremst er það erlendir ferðamenn sem skoða ísgöngin að sögn Sigurðar. Fram á haust hafi þeir flestir farið á eigin bílaleigubílum upp í Húsafell og voru fluttir þaðan en nú í vetur eru þeir flestir fluttir alla leið úr bænum.

„Það sem hefur komið okkur hvað mest á óvart er hversu þeir ferðamenn sem eru á Íslandi er með lítil plön. Ótrúlega margt af þessu fólki bókar sig með aðeins tólf til fjórtán tíma fyrirvara í ferð hjá okkur,“ segir Sigurður.

Jarðskjálfti af stærðinni 3,2 á Richter varð á fimmtudagsmorgun í Geitlandsjökli í Langjökli með upptök á svipuðum slóðum og ísgöngin eru. Sigurður segir engan hafa verið í göngunum þá. Líklegast sé að áhrifa skjálftans hafi ekki gætt þar.

„Jökullinn er eins og seigfljótandi hunang og gleypir svona skjálfta,“ útskýrir Sigurður og bendir á að þessi þáttur hafi sérstaklega verið kannaður af jarðfræðingi áður en göngin voru gerð. **- gar**





Fjárfestum býðst hér með að taka þátt í útboði hlutafjár Kolufells ehf., kt. 530515-1060, til heimilis að Borgartúni 19, 108 Reykjavík.

Kolufell ehf. er lóðarhafi og eigandi byggingaréttar að Austurbakka 2, Reykjavík, nánar tiltekið lóðar með fastanr. 235-5448. Samkvæmt gildandi skipulagi skal á lóðinni reisa vandað íbúðar- og verslunarhúsnæði og nemur heimilað byggingarmagn alls um 15.900 fermetrum.

Íbúðirnar, sem verða um 100 talsins, ásamt verslunum og þjónustu á u.þ.b. 3.000 fermetrum, eru hluti af stærra þróunarverkefni fyrir svæði sem á næstu árum mun taka miklum breytingum og tengja saman ólík svæði miðbæjarins.
Staðsetning lóðarinnar er einstök, í næsta nágrenni við höfnina, miðbæinn, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús og vandað hótel, sem byggt verður við hlið íbúða- og verslunarbyggingarinnar.

Framkvæmdir við byggingu íbúða- og verslunarhúsnæðisins geta hafist snemma árs 2016 þar sem mikil undirbúningsvinna hefur þegar farið fram. Í boði er leiðandi hlutur í verkefninu fyrir reynslumikla og fjársterka aðila.

Heildarnafnverð skráðs hlutafjár Kolufells ehf. er kr. 20.857.143. Í útboðinu gefst fjárfestum tækifæri til að kaupa á bilinu 51–100% af hlutafé Kolufells ehf. Seljendur hlutafjárins eru Arion banki hf., Mannvit hf. og iTark ehf.

Við framkvæmd útboðsins verður fylgt reglum verðbréfaviðskiptalaga nr. 108/2007. Útboðið telst ekki almennt útboð í skilningi 1. tl. 43. gr. verðbréfaviðskiptalaga, en eingöngu þeim fjárfestum sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði er heimil þátttaka í því:

1) Fjárfestar uppfylla skilyrði 9. töluliðar 43. gr., sbr. 9. og 10. tölulið 1. mgr. 2. gr. verðbréfaviðskiptalaga fyrir flokkun sem hæfir fjárfestar og óska réttarstöðu sem slíkir við framkvæmd söluferlisins.
2) Fjárfestar búa að lágmarki yfir fjárfestingargetu að fjárhæð 500 milljónir króna.
3) Fjárfestar hafa, að mati seljenda, umtalsverða og viðhlítandi þekkingu og reynslu af framkvæmd þróunarverkefna á sviði mannvirkjagerðar.

Á grundvelli heimildarákvæðis a-liðar, 1. tl., 1. mgr. 50. gr. verðbréfaviðskiptalaga verður ekki gefin út lýsing í tengslum við útboðið.

Umsjónaraðili útboðsins er fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. Er þeim fjárfestum sem hafa áhuga á þátttöku í útboðinu bent á að senda póst á netfangið kolufell2016@arionbanki.is fyrir 31. desember 2015. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mun veita fjárfestum nánari upplýsingar um þátttökuskilyrði og framkvæmd útboðsins.

Gert er ráð fyrir því að fjárfestar skili óskuldbindandi tilboðum í hlutafé Kolufells ehf. eigi síðar en kl. 16.00, 20. janúar 2016.

Fyrir hönd Arion banka hf., Mannvits hf. og iTark ehf. sem seljenda,
Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.

Arion banki
– fyrir framtíðina




Gísli Sigurgeirsson verður 67 ára um miðjan janúar og rifar sjónvarpsseglin. MYND/HEIÐA.IS

# Austurfrétt fær opinbera styrki í dagskrárgerð

**Gísli Sigurgeirsson hættir um áramótin að stýra sjónvarpsþáttum um Austurland fyrir N4. Við tekur Austurfrétt og fær hærri fjárstyrki sveitarfélaga og fyrirtækja til að gera jákvæða þætti um svæðið.**

**FJÖLMIÐLAR** „Þetta eru stór skref að fylla en við erum tilbúin í að gera eins vel og við getum,“ segir Stefán Bogi Sveinsson, eigandi Austurfréttar, sem um áramót tekur við sem undirverktaki hjá sjónvarpsstöðinni N4 við gerð þátta um Austurland. Þar leysir Austurfrétt af hólmi sjónvarpsmanninn Gísla Sigurgeirsson sem hættir vegna aldurs.

Nafni þáttanna verður breytt úr Glettum í Að austan en áfram er áhersla á jákvæða umfjöllun um Austurland, líkt og gert er í sambærilegum sjónvarpsþáttum sem N4 framleiðir um Norðurland og Suðurland með styrkjum frá fyrirtækjum og sveitarfélögum þar.

Bæði Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað hafa samþykkt áframhaldandi og hærri fjárstyrki vegna framleiðslu sjónvarpsþáttanna, sem verða 40 á næsta ári. „Reynslan af þáttagerðinni er almennt góð,“ segir í minnisblaði sem lagt var fyrir þegar bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkti einnar milljónar króna styrkveitingu.

„Við höfum verið að biðja menn um að halda áfram og helst bæta við því þetta hefur kannski ekki alveg náð að standa undir sér. Það virðist vera allur vilji til að leggja þessu lið,“ segir Stefán sem kveður sveitarfélögin eystra nú beðin um samtals á fjórðu milljón króna. Viðræður séu einnig um áframhaldandi framleiðslustyrki frá fyrirtækjum. Auglýsingatekjur renni hins vegar til N4.

Í ljósi þess sem getið er í samningum um jákvæðni er Stefán spurður hvort sveitarfélögin séu með styrkjum sínum í raun að kaupa jákvæða umfjöllun fjölmiðla. Stefán, sem sjálfur er bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði þar sem bæjarráðið samþykkti nýjan styrk á meðan hann vék af fundinum, segir mjög mikilvægt að gera greinarmun á fréttum og dægurmálaumfjöllun.

> **Sveitarfélögin hafa í sjálfu sér ekkert vald um það hvað er tekið til umfjöllunar.**
>
> Stefán Bogi Sveinsson, eigandi Austurfréttar



„N4 hefur haft mjög skýra stefnu um að hún sé ekki fréttastöð, þar er fjallað um dægurmál. Það leiðir af sjálfu sér að þá eru menn auðvitað að fjalla um hluti sem eru í gangi, jákvæða hluti. Þannig að þarna eru menn í sveitarfélögunum að tryggja að það sé umfjöllun um hluti sem eru í gangi á svæðunum. Sveitarfélögin hafa í sjálfu sér ekkert vald um það hvað er tekið til umfjöllunar,“ segir Stefán.

Ritstjóri Austurfréttar og blaðamaður þaðan verða á meðal þeirra sem vinna að þáttagerðinni. Austurfrétt er bæði með fréttavef og blað. „Það eru fréttir og þá eru það önnur lögmál sem eru þar að baki,“ segir Stefán Bogi Sveinsson.

gar@frettabladid.is









**KÁRI STEFÁNSSON**
*læknir og erfðafræðingur, ÍE*

**ENGILBERT SIGURÐSSON**
*prófessor í geðlækningum*

**AUÐUR JÓNSDÓTTIR**
*rithöfundur*

**JÓN KALMAN STEFÁNSSON**
*rithöfundur*

# UM HEILANN

## OPINN FRÆÐSLUFUNDUR

### UM HEILANN Í BLÍÐU OG STRÍÐU

### SKÖPUNARVERK HANS OG ERFÐIR

**ALLIR VELKOMNIR**

laugardaginn 12. desember kl. 14:00 - 15:30

í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8

kaffi og piparkökur frá 13:30




Á vefnum getur þú fengið nánari upplýsingar
um rannsóknir okkar, skoðað upptökur frá
fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.

decode.is/fundir

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

# Lærdómur af ákæru



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Óhætt er að fullyrða að við höfum flest andað léttar þegar héraðsdómur kvað upp sýknudóm yfir Ástu Kristínu Andrésdóttur, hjúkrunarfræðingi í vikunni.

Þjóðin fylgdist með réttarhöldum þar sem saksóknari reyndi að leiða í ljós að hún hefði í starfi sínu orðið manni að bana af gáleysi. Réttarhöldin voru tilfinningaþrungin og engum duldist sá sársauki, kvíði og angist sem ákæran olli Ástu Kristínu og hennar nánustu.

Vitni fyrir dómi lýstu erfiðri vinnuaðstöðu hennar og alltof miklu álagi. Skýrt kom fram í málflutningi að hætta á mistökum er mikil í slíku umhverfi. Við þekkjum lýsingar á óboðlegum aðstæðum sem sjúklingum og starfsfólki Landspítalans eru búnar. Vitni orðaði það svo að mistök eins og þau sem ákært var fyrir hefðu getað hent það sjálft. Fjöldi starfsmanna Landspítalans hafði gefið álíka yfirlýsingar opinberlega.

Eðlilega veltir fólk því fyrir sér í hvers þágu Ásta Kristín var ákærð. Ekki var það gert vegna kröfu nánustu ættingja hins látna. Enginn kærandi lýsti glæp – enginn krafðist refsingar. Ekkja hins látna opinberaði meira að segja efasemdir um sekt Ástu Kristínar og lýsti samúð með henni í átakanlegum sporum.

Saksóknari sem gefur út ákæru verður að taka afstöðu til þess hvort líkur á sakfellingu séu meiri en líkur á sýknu. Það getur verið snúið í mörgum tilfellum. Þetta mál virðist ekki falla í þann flokk.

Ákvörðun um að gefa út opinbera ákæru verður því að byggjast á vandaðri rannsókn atvika og sannfæringu ákærandans um að niðurstaðan feli í sér haldgóða sönnun um refsiverðan verknað. Annars á ekki að ákæra.

Saksóknari getur ekki vikist undan því að taka þessa ákvörðun. Hann má ekki ákæra í því skyni að láta dóminn um matið á því hvort glæpur hafi verið framinn. Þannig gerir hann sakborning að tilraunadýri réttarkerfisins. Ekki má heldur réttlæta ákæru með því að þannig gefist sakborningi kostur á að hreinsa nafn sitt.

> **Hann má ekki ákæra í því skyni að láta dóminn um matið á því hvort glæpur hafi verið framinn. Þannig gerir hann sakborning að tilraunadýri réttarkerfisins.**

Að fá á sig ákæru fyrir manndráp af gáleysi hlýtur að vera mikið áfall. Að þurfa að koma fyrir dómara sem sakborningur og svara til saka fyrir lát annars manns hlýtur að vera öllu venjulegu fólki hræðileg raun. Slíkt mun ætíð skilja eftir sig sár á sál þess sem fyrir verður, jafnvel þó að í ljós komi að sakargiftir hafi verið byggðar á sandi.

Saksóknarar verða að gæta þess að fylgja þeirri sjálfsögðu reglu, sem flestir leikmenn þekkja, að einungis megi ákæra þegar háttsemi hins ákærða gefur tilefni til þess að ætla að hann verði sakfelldur. Ekki má ákæra af þeirri ástæðu einni að afleiðingar verknaðar hafi verið hörmulegar, ef slíkt stafaði af erfiðum ytri aðstæðum eins og raunin var í þessu máli, en ekki ámælisverði hegðun.

Hamingja og sálarheill þeirra sem fyrir verða er í húfi.

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Ekki vera skaufi

Kara Florish, þrítug óperusöngkona, sat í neðanjarðarlestinni í London þegar miðaldra karlmaður tók að fikra sig í áttina til hennar. Kara var á leið á jólamarkað þar sem hún hugðist hitta fjölskyldu sína. Lestin var við það að renna í hlað í Warren Street þegar maðurinn nam staðar fyrir framan hana. Kara leit upp og brosti. Maðurinn rétti að henni pappírskort. Um leið og lestin stöðvaðist og dyrnar opnuðust lét hann kortið falla í kjöltuna á henni. Síðan skaust hann út og hvarf í mannhafið á lestarpallinum.

Í fyrstu hélt Kara að um væri að ræða nafnspjald mannsins. Kara er glæsileg kona með þykkt, dökkt hár og himinblá augu og fáum hefði komið á óvart þótt fálmkenndir tilburðir mannsins hefðu átt að vera einhvers konar tilraun til að reyna við hana. En þegar Kara skoðaði miðann betur runnu á hana tvær grímur og af henni jólaskapið.

Á framhlið spjaldsins var ritað eitt orð: Fituhlunkur. Hinum megin á spjaldinu voru skilaboð frá samtökum sem kalla sig Fituhlunkahatarar hf. „Þetta snýst ekki um kirtlastarfsemi, þetta er bara græðgi.“

Deild bresku lögreglunnar sem sinnir samgöngumálum rannsakar nú áreiti sem konur verða í auknum mæli fyrir í neðanjarðarlestakerfi borgarinnar. Um er að ræða svo kallað „body-shaming“, eða líkamsskammir, þar sem ókunnugir ausa vanþóknun sinni yfir konur sem þeim þykja of vel haldnar. Miðarnir frá Fituhlunkahöturunum eru nýjasta birtingarmynd þessarar kaldranalegu tískubylgju.

**Heyrðu, hlussa**

Fordómar í garð þeirra sem teljast yfir kjörþyngd eru ekki nýir af nálinni. Síðustu ár hafa líkamsskammir þó oftast sést á internetinu þar sem svo kölluð „tröll“ eyða kröftum sínum í að níðast á þeim sem þeim þykja feitir, ljótir eða einhvern veginn öðruvísi en staðallinn kveður á um. En nú er eins og þessi ill-kvittnislegi samfélagsvírus hafi breiðst út fyrir netið og haldið innreið sína í raunheima.

Fyrir viku sagði ung íslensk kona, Nanna Hinriksdóttir, frá atviki sem átti sér stað í World Class. Hún var í hnébeygjum og átti eitt sett eftir þegar karlmaður einn hugðist taka af henni tækið. Af fyllstu kurteisi tjáði hún honum að hún væri ekki alveg búin. Viðbrögð mannsins voru svæsin:

„Heyrðu, hlussa. Þú átt ekki heima hér og þér er einfaldlega ekki viðbjargandi. Gerðu öllum greiða og komdu þér héðan út.“

Nanna sagðist ekki taka líkamsskammirnar nærri sér. Þótt hún væri ekki í kjörþyngd væri hún ánægð með útlit sitt. Hún bætti því þó við að hún væri fegin að ónotin hefðu beinst að henni en ekki vinkonum hennar því margir tækju orð sem þessi mjög nærri sér.

**Smæð á óheppilegum stöðum**

„Ekki fóðra tröllin“ er þekktur internet-frasi þar sem fólk er hvatt til að hunsa stafrænu eineltisseggina í stað þess að sýna þeim þá virðingu að svara þeim. Ekki eru þó allir á einu máli um hvort sú aðferðafræði dugi til að þagga niður í tröllunum.

Í þjóðsögunum eru tröll stór vexti. Tröllið í World Class sem áreitti Nönnu flaggaði stoltur „six-pack“. En tröll þola heldur ekki dagsbirtu og þau dagar uppi þegar skín á þau ljós.

Í stað þess að skýla mönnum eins og World Class tröllinu við birtu og leyfa þeim þar með að sniglast óáreittum með skuggsælum veggjum ættum við kannski heldur að beina að þeim kastljósinu svo við blasi hvað þessi tröll eru í raun og veru: Litlir, ómerkilegir karlar með hörfandi hárlínu sem reyna að bæta upp fyrir smæð á óheppilegum stöðum með stórum orðum og stæltum magavöðvum.

Við World Class tröllið er aðeins eitt að segja: Þótt þú sért með lítinn skaufa, ekki haga þér eins og stór skaufi. Næst þegar þú sérð Nönnu í ræktinni, biddu hana auðmjúklega afsökunar.

MÖGNUÐ SAGA




★★★★★
Mögnuð bók, ótrúleg lesning
- The Times

Almenna bókafélagið
bokafelagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



ToysRUs
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
SPARIÐ ALLT AÐ
67%
FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS
SPARIÐ 33%
082606
Venjulegt verð 7.499
SPARIÐ 2.500
4.999
SPARIÐ 45%
082568
Venjulegt verð 9.999
SPARIÐ 4.500
5.499
LEGO CITY
8-12
60095
SPARIÐ 21%
156013
Venjulegt verð 18.999
SPARIÐ 4.000
14.999
Fashion Angels
PIXEL LOOM
3500+
SPARIÐ 45%
451799
Venjulegt verð 10.999
SPARIÐ 5.000
5.999
SPARIÐ 27%
090830
Venjulegt verð 17.999
SPARIÐ 5.000
12.999
SPARIÐ 67%
143588
Venjulegt verð 6.999
SPARIÐ 4.700
2.299
Tilboðin gilda til og með 11.–13.12.2015. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
Akureyri: Glerártorg, sími 461 4500 – Grafarvogur: Korputorg, sími 585 0600 – Kópavogur: Smáratorg, sími 550 0800

# Jólagjöfin í ár



Ellert B. Schram
í stjórn Félags eldri borgara

Meirihluti þingmanna felldi fyrr í vikunni tillögu stjórnarandstöðunnar um hækkun lífeyrisbóta til aldraðra. Raunar gekk tillagan, sem felld var, út á það að hækkun bótanna næði frá þeim tíma í vor, sem launþegar sömdu um og fengu, auk þess sem kjararáð hækkaði laun þingmanna og ráðherra átta mánuði aftur fyrir sig eins og allur þorri vinnumarkaðarins fékk.

Rökstuðningur meirihlutans var í aðalatriðum sá, að vel hafi verið gert við ellilífeyrisþega, frá því að núverandi ríkisstjórn tók við, að lög kveði á um, hvernig reiknaðar skulu út tryggingabætur og ellilífeyrir hafi hækkað um 3%, um síðustu áramót, umfram það sem aðrir fengu. Þetta er löðurmannlegur málflutningur, fyrirsláttur og afneitun gagnvart þeirri einföldu staðreynd, að samfélagið er með þessari afgreiðslu Alþingis að horfast í augu við þá niðurstöðu, að eldra fólk eigi ekki annað skilið en að glíma við fátækt.

Upplýsingar frá innanríkisráðuneytinu og Almannatryggingum hafa leitt í ljós að fjögur þúsund eldri borgarar hafa minna en tvö hundruð þúsund krónur á mánuði til að framfleyta sér. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að ellilífeyrir hækki um 9,6% frá næstu áramótum, u.þ.b. tuttugu þúsund krónur, mínus skattur. Við það stendur. Við þá skömm stendur.

**Það hafði enginn alþingismaður úr stjórnarliðinu manndóm í sér til að greiða atkvæði með réttlætinu.**

Þegar Almannatryggingar voru stofnaðar, var tilgangurinn sá, að samfélagið rétti öldruðu fólki hjálparhönd til að halda reisn sinni og geta lifað mannsæmandi lífi, þegar það væri ekki lengur á vinnumarkaði. Hugsunin var sú að útrýma fátækt hjá fólki, sem hefði fram að því lagt sinn skerf til þjóðfélagsins. Ætti það inni og verðskuldaði aðstoð. Þetta var ekki ölmusa, þetta var endurgjald, þakkir og viðurkenning samfélagsins um tilvist ellinnar.

Ég leyfi mér enn að trúa því að það sé ekki mannvonska sem veldur því að meirihluti Alþingis fellir tillögu um útborgun lífeyrisbóta. Það er hins vegar pólitík af verstu sort. Á bak við þetta er fólk sem hefur allt sitt vit úr Excel-skjölum, prósentureikningi og pólitískum samanburði. Og svo kemur hjörðin á eftir og réttir upp hendurnar þegar henni er skipað. Það hafði enginn alþingismaður úr stjórnarliðinu manndóm í sér til að greiða atkvæði með réttlætinu. Þetta er sorgleg staðreynd, hinn aumi blettur stjórnmálanna. Lýsandi dæmi um ósjálfbjarga og hollustusjúka meðreiðarsveina valdsins. Meira gæti ég sagt.

Þessi hörmulega episóda er áminning til okkar allra, á hvaða aldri sem við erum, að jafnrétti og jöfnuður, samkennd og mannúð eiga enn erindi inn á hinn pólitíska vettvang. Og þar er verk að vinna.

# Forseti: Ábyrgðin er okkar



Stefán Jón Hafstein
í áhugahópi um sjálfbæra þróun og auðlindir

Traust á valdastofnunum og áhrifafólki er í lágmarki sem er hættulegt í lýðræðisríki, því slíkt grefur undan annars konar trausti sem þarf að vera til staðar: Sjálfstrausti kjósenda. „Þetta þýðir ekkert“ viðkvæðið heyrist æ oftar, vonleysi um nauðsynlegar breytingar tekur við og fólk kýs að grafa sig í fönn og reyna að gleyma með því að skipuleggja kósíkvöld til að lifa af.

Þetta er því miður tónninn hjá alltof mörgum þegar í hönd fara tvennar kosningar sem geta skipt miklu um framtíð þjóðarinnar, forsetakosningar 2016 og þingkosningar 2017. Þær fyrri þurfa að vera upptaktur að samfélagsumbótum, velja þarf öflugan málsvara almannahagsmuna sem stuðlar að siðvæðingu og lýðræðisframförum. Nýr forseti á að vera boðberri nýrra tíma og allir flokkar að fá skilaboð um að kjósendur vilji kaflaskil. Þess vegna eru forsetakosningarnar mikilvægar.

Ég er sammála núverandi og fráfarandi forseta sem sagði í útvarpsviðtali að erindi sitt væri þrotið, þjóðin þyrfti að geta hugsað um framtíðina án sín. Þar er af nógu að taka til að byggja upp jákvæða, framsýna og mannúðlega sjálfsmynd þjóðarinnar og nýkjörinn forseti árið 2016 á að vísa veg til nýrra tíma.

**Tími til að breyta**

Margir amast við því að forseti ætli að bjóða sig fram enn og aftur og heimta að hann „stígi til hliðar“. Því er ég ósammála. Ef forseti vill bjóða sig fram hefur hann til þess fullt leyfi og bersýnilega hefur hann um sig hóp sem vill það. Ég ver því rétt frambjóðandans til að komast að niðurstöðu með sjálfum sér, því enginn áhrifamaður í þjóðfélaginu er jafn berskjaldaður gagnvart þjóðarvilja og forseti. Nú er gott tækifæri til að þakka forseta það sem vel hann hefur gert og kveðja fortíðina. Ef forseti þekkir ekki vitjunartíma sinn gerir þjóðin það.

**Ranghugmyndir**

Við þurfum að greina nokkrar ranghugmyndir um forseta:

1) Að forsetinn sé í einhvers konar óleyfi að stefna að þaulsetu. Það er formlega séð rangt og hugmyndafræðilega líka, því kjósendur bera ábyrgð á því hver situr hverju sinni og hve lengi.

2) Að ekki sé hægt að fella sitjandi forseta. Í hinu ófullkomna lýðræðiskerfi á Vesturlöndum er höfuðkostur að margoft hafa ríkisstjórnir og forsetar tapað í kosningum og íslenska kerfið býður upp á það sama. Hafi kjósendur til þess sjálfstraust skipta þeir einfaldlega um forseta eins og þeir skipta um forsætisráðherra eða borgarstjóra. Það er heimsins eðlilegasti hlutur að fella forseta í kosningum og vottur um lýðræðislegan þroska.

3) Að „staða“ núverandi forseta sé svo sterk að „margt ágætt fólk sem annars myndi gefa kosta á sér“ þori ekki að undirbúa framboð. Staða forsetans er nákvæmlega jafn sterk og kjósendur ákveða sjálfir. Það sannast með því að meintur styrkur forsetans sveiflast einatt til og frá. Þessi tilbúni fælingarmáttur býr í hugum ráðalausra.

4) Goðsagnasmíð: Lágmarksþekking á greiningu gagna um stjórnmálaviðhorf nægir til að sjá að ekki þarf mikla sveiflu til að kjósa nýjan forseta – við réttar aðstæður. Goðsögnin um að forsetinn sé ósigrandi er lífseig vegna þess að hann er slóttugasti stjórnmálamaður sem nú er uppi á Íslandi og keppist við að halda lifandi hugmyndinni um einstakar sigurlíkur sínar. Til þess nýtast húðlatir álitsgjafar og umræðustjórar sem nenna ekki að vinna heimavinnuna og bergmála hver annan. Ekki er við forseta að sakast í því efni.

**Ef núverandi forseti og þaulseta hans er vandamál, er það ekki hans vandamál. Forseti er á ábyrgð þjóðarinnar og ef hún aulast ekki til að skilja út á hvað lýðræði og samfélagsleg ábyrgð ganga fær hún bara það sem hún á skilið.**

**Vandamál þjóðarinnar**

Ef núverandi forseti og þaulseta hans er vandamál, er það ekki hans vandamál. Forseti er á ábyrgð þjóðarinnar og ef hún aulast ekki til að skilja út á hvað lýðræði og samfélagsleg ábyrgð ganga fær hún bara það sem hún á skilið. Aftur, aftur, aftur, aftur og aftur. Fimm sinnum að lágmarki.




Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi



Gunnar gekk út úr búrinu sem sigurvegari eftir bardaga sinn gegn Brandon Thatch á UFC 189 í Las Vegas í júlí.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Bardagi ólíkur öllum öðrum

**Gunnar Nelson mun stíga risaskref í átt að draumi sínum um að verða heimsmeistari hjá UFC ef hann sigrar Demian Maia í nótt. Hann er í sínu besta formi eftir frábærar, og nokkuð óhefðbundnar, æfingabúðir.**

Henry Birgir Gunnarsson
frá Las Vegas

**UFC** Eftir langan og strangan undirbúning er komið að stóru stundinni. Gunnar Nelson stígur í nótt inn í búrið í Las Vegas á stærsta bardagakvöldi allra tíma í UFC. Okkar maður er að keppa gegn Brasilíumanninum Demian Maia í einum af aðalbardögum kvöldsins og heimurinn fylgist með.

„Ég er helvíti góður,“ segir Gunnar, sultuslakur að venju er Fréttablaðið hittir hann á MGM Grand-hótelinu glæsilega þar sem bardagarnir fara fram. Gunnar er lítið öðruvísi núna en áður nema hann virkar ákveðnari.

„Síðustu tíu dagana gerir maður lítið annað en að bíða eftir stóra kvöldinu,“ segir Gunnar en hann tók góðar æfingabúðir með stærstu stjörnu kvöldsins, Íranum Conor McGregor, en þeir æfa báðir undir handleiðslu Írans John Kavanagh og hafa lengi gert.

„Þetta voru líklega okkar bestu æfingabúðir hingað til. Við byrjuðum í Dublin og vorum þar í tvo mánuði en við héldum til Los Angeles. Fá smá sól. Þetta small helvíti vel saman hjá okkur,“ segir Gunnar en mikið var látið með að þeir væru farnir að lifa á Las Vegas-tíma strax í Dublin. Málið var nú ekki alveg svo einfalt.

**Bíómyndir og síðbúnar æfingar**

„Við vorum farnir að draga það helvíti lengi að fara að sofa á kvöldin. Þetta gerðist bara. Við vorum að horfa á bíómyndir eða djöflast í æfingasalnum seint um kvöld. Það hentaði okkur því vel að segja út á við að við værum á Vegas-tíma,“ segir Gunnar og glottir.

Undirbúningurinn að þessu sinni var óhefðbundinn að því leyti að nýr maður kom inn í þjálfarateymið til að hjálpa þeim. Sá heitir Ido Portal og sérhæfir sig í hreyfingum líkamans. „Hann hefur farið yfir alls konar hreyfingar með okkur og þetta opnar skrokkinn, sem og hugann, fyrir nýjum hreyfingum. Þetta hjálpaði helling og ég hafði líka mjög gaman af þessu. Mér leið vel eftir þessar æfingar og fann að þetta er eitthvað sem maður þarf.“

Það hefur áður komið fram að Gunnar vaknaði í raun aftur til lífsins eftir tapið gegn Rick Story og mætti til leiks síðasta sumar í sínu besta formi. Hann er í enn betra formi núna og ætlar sér stóra hluti. Það veitir ekki af því Maia var svo sannarlega ekki að byrja í bransanum og vill, ólíkt öllum öðrum, fara með Gunnari í gólfið.

„Það hefur eiginlega aldrei gerst að menn vilji koma sérstaklega nálægt mér þannig að við fáum að sjá hluti í þessum bardaga sem hafa ekki sést áður í bardögum hjá mér. Ég verð með eitthvað skemmtilegt í pokahorninu fyrir hann,“ segir Gunnar en hann stefnir ótrauður á að verða heimsmeistari og vill senda sterk skilaboð í þessum bardaga.

„Þetta er eitt af skrefunum í áttina að titlinum sem ég vil vinna á næsta ári. Stefnan er að senda sterk skilaboð á þessu kvöldi.“

## » Gunnar

**27 ára**

**16 MMA-bardagar að baki**

**Þar af eru fjórtán sigrar – tíu með uppgjafartaki, þrír með rothöggi og einn eftir dómaraúrskurð.**

## » Demian Maia

**38 ára Brasilíumaður**

**27 MMA-bardagar að baki**

**Þar af 21 sigur – tíu með uppgjafartaki, þrír með rothöggi og átta eftir dómaraúrskurð.**

# Telur að Gunnar muni rota Demian Maia í kvöld

**UFC** Helgin er risastór hjá þjálfara Gunnars, John Kavanagh. Hann verður með bæði Gunnar og Conor McGregor á UFC 194 í nótt og svo var annar skjólstæðingur hans, Artem Lobov, að berjast í gærkvöldi.

„Ég er tilbúinn en það er brjálað að gera,“ segir Írinn geðþekki. Það eru góðir tímar þegar svona vel gengur. „Dýrið vex með hverju skrefi og kvöldin verða bara stærri.“

Í nótt mæta strákarnir hans sér reyndari mönnum. Báðir andstæðingarnir eru frá Brasilíu og ótrúlega sterkir. „Ég er mikill aðdáandi Brasilíumanna í þessari íþrótt en því miður fyrir þá verða þeir að tapa núna. Æfingabúðirnar okkar voru góðar og fjölbreyttar. Ég fékk Ido Portal inn sem hjálpaði að kveikja betur á hausnum á þeim og annað. Það var skemmtileg nýbreytni.“

Þjálfarinn hefur verið afar ánægður með Gunnar síðan hann tapaði fyrir Rick Story. Hann segir Gunnar vera orðinn ótrúlega hraðan.

„Gunni gæti kýlt hann og forðað sér en við viljum sjá þá glíma líka. Ég held að Gunni muni rota hann en Gunni heldur að hann muni ná uppgjafartaki,“ segir Kavanagh en hann hrósar einnig Conor sem er orðinn mun rólegri en áður.

„Það hefur allt gengið upp hjá honum í undirbúningnum og hann gæti ekki verið meira tilbúinn. Ég efast ekki um að hann muni vinna rétt eins og Gunni.“ **– hbg**




**John hefur verið þjálfari Gunnars til fjölda ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - Víkingur 34-28**

**Markahæstir:** Kári Kristjánsson 7/3, Nökkvi Dan Elliðason 5, Dagur Arnarsson 5, Einar Sverrisson 5, Theodór Sigurbjörnsson 4 - Karolis Stropus 6, Ægir Hrafn Jónsson 5. Fyrsti heimasigur ÍBV-liðsins í deild í 9 vikur.

**Domino's-deild karla**

**Þór Þorl. - Höttur 85-61**

**Stigahæstir:** Vance Michael Hall 27/7 stoðs., Magnús Breki Þórðason 14, Emil Karel Einarsson 11, Ragnar Örn Bragason 10, Halldór Hermannsson 10 - Tobin Carberry 26/11 frák., Mirko Stefán Virijevic 19/10 frák.

**Haukar - Njarðvík 73-79**

**Stigahæstir:** Finnur Atli Magnússon 16, Haukur Óskarsson 14, Stephen Madison 14, Emil Barja 13 - Haukur Helgi Pálsson 30/9 fráköst/6 stoðs., Maciej Baginski 19, Logi Gunnarsson 12.

Kanalausir Njarðvíkingar sóttu tvö stig á Ásvelli. Haukur Helgi Pálsson átti frábæran leik og átti þátt í 53 prósentum stiga liðsins með því að skora sjálfur eða gefa stoðsendingu.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 16 | Tindastóll | 10 |
| KR | 16 | Grindavík | 8 |
| Stjarnan | 14 | ÍR | 8 |
| Haukar | 12 | Snæfell | 8 |
| Þór Þorl. | 12 | FSu | 4 |
| Njarðvík | 12 | Höttur | 0 |

FÓTBOLTASTELPURNAR STREYMA TIL VALS



Kvennalið Vals í knattspyrnu samdi við tvær landsliðskonur í gær og þar með hafa fjórir sterkir leikmenn gengið til liðs við Val fyrir átökin í Pepsi-deild kvenna næsta sumar. Margrét Lára Viðarsdóttir kom fyrst, svo samdi liðið við Rúnu Sif Stefánsdóttur sem hjálpaði Stjörnunni að vinna fjóra titla á síðustu þremur árum og í gær ákváðu þær Elísa Viðarsdóttir og Arna Sif Ásgrímsdóttir að hætta í atvinnumennsku og koma í Val. Elísa hefur verið í tvö ár hjá Kristiansstad og Arna Sif spilaði í Gautaborg á síðustu leiktíð. Elísa er yngri systir Margrétar Láru og þær spila því áfram í sama liði næsta sumar.

## Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| **12.35** | **Norwich - Everton** | Sport 2 |
| **14.50** | **Man. City - Swansea** | Sport 2 |
| **14.50** | **Crystal P. - S'ton** | Sport 3 |
| **14.50** | **West Ham - Stoke** | Sport 4 |
| **14.50** | **Sunderl. - Watford** | Sport 5 |
| **14.55** | **Barcelona - Deportivo** | Sport |
| **17.00** | **Keflavík - Snæfell** | Sport |
| **17.20** | **Bournem. - Man. Utd.** | Sport 2 |
| **18.00** | **F. T. Shootout** | Golfstöðin |
| **19.40** | **Udinese - Inter** | Sport |
| **03.00** | **UFC 194** | Sport |

**Olísdeild karla**

| | | |
|---|---|---|
| **16.00** | **Grótta - Akureyri** | Seltjarnarn. |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| **16.30** | **Grindavík - Haukar** | Grindavík |
| **16.30** | **Valur - Stjarnan** | Valsheimili |
| **17.00** | **Keflavík - Snæfell** | Keflavík |

**Powerade-bikarkeppni karla**

| | | |
|---|---|---|
| **16.30** | **Haukar B - KR** | Ásvellir |

## Sunnudagur

| | | |
|---|---|---|
| **13.20** | **Aston V. - Arsenal** | Sport 2 |
| **15.50** | **Liverpool - WBA** | Sport 2 |
| **15.50** | **Tottenham - Newc.** | Sport 3 |
| **16.55** | **Napoli - Roma** | Sport |
| **19.25** | **Villarreal - Real Madrid** | Sport |
| **19.40** | **Juventus - Fiorentina** | Sport 3 |
| **21.20** | **NFL: Green Bay - Dallas** | Sport |

HB HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

**FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030**



## TUNGU - OG SVEFNSÓFAR





Kashmir
Tungu- svefnsófi - verð kr. 359.000
Tilboð kr. 299.000



Elton
Tungu- svefnsófi - verð kr. 288.000
Tilboð kr. 228.000





Melissa svefnsófi
verð kr. 98.000
Tilboð kr. 69.000



Asthon svefnsófi
verð kr. 198.000
Tilboð kr. 148.000



Classic svefnsófi
verð kr. 298.000
Tilboð kr. 238.000



Wave svefnsófi
verð kr. 318.000
Tilboð kr. 258.000

**WWW.HUSGAGNABANKINN.IS**






## Leikstaðir, leiktímar og leikvangar EM 2016 í Frakklandi




**1 Stade Pierre-Mauroy, LILLE**
12/6 kl. 19.00 C1 _____ C2 _____
15/6 kl. 13.00 B2 _____ B4 _____
19/6 kl. 19.00 A4 _____ Frakkland
22/6 kl. 19.00 E2 _____ E3 _____

**2 Stade Bollaert-Delelis, LENS**
11/6 kl. 13.00 A3 _____ A4 _____
16/6 kl. 13.00 B1 _____ B3 _____
21/6 kl. 19.00 D2 _____ D3 _____

**3 Stade de France, SAINT-DENIS**
10/6 kl. 19.00 Frakkland A2 _____
13/6 kl. 16.00 E3 _____ E4 _____
16/6 kl. 19.00 C1 _____ C3 _____
22/6 kl. 16.00 F2 _____ F3 _____

**4 Parc des Princes, PARÍS**
12/6 kl. 13.00 D3 _____ D4 _____
15/6 kl. 16.00 A2 _____ A4 _____
21/6 kl. 16.00 C4 _____ C1 _____
18/6 kl. 19.00 F1 _____ F3 _____

**5 Matmut Atlantique, BORDEAUX**
11/6 kl. 16.00 B3 _____ B4 _____
14/6 kl. 16.00 F3 _____ F4 _____
18/6 kl. 13.00 E1 _____ E3 _____
21/6 kl. 19.00 D4 _____ D1 _____

**6 Stadium Municipal, TOULOUSE**
12/6 kl. 13.00 D1 _____ D2 _____
17/6 kl. 13.00 E2 _____ E4 _____
20/6 kl. 19.00 B2 _____ B3 _____

**7 Stade des Lumieres, LYON**
13/6 kl. 19.00 E1 _____ E2 _____
16/6 kl. 16.00 C2 _____ C4 _____
19/6 kl. 19.00 A2 _____ A3 _____
22/6 kl. 16.00 F4 _____ F1 _____

**8 St. Geoffrey-G., SAINT-ETIENNE**
17/6 kl. 16.00 D2 _____ D4 _____
14/6 kl. 19.00 F1 _____ F2 _____
20/6 kl. 19.00 B4 _____ B1 _____

**9 Stade Vélodrome, MARSEILLE**
11/6 kl. 19.00 B1 ______ B2 ______
15/6 kl. 19.00 Frakkland A3 ______
18/6 kl. 16.00 F2 ______ F4 ______
21/6 kl. 16.00 C2 ______ C3 ______

**10 Allianz Riviera, NICE**
12/6 kl. 16.00 C3 _____ C4 _____
17/6 kl. 19.00 D1 _____ D3 _____
22/6 kl. 19.00 E4 _____ E1 _____

# Á engan óskamótherja

**Í kvöld rennur upp stór stund í íslenskri knattspyrnusögu þegar dregið verður í riðla fyrir EM 2016 í Frakklandi. Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari er spenntur fyrir viðburði kvöldsins og segist ætla að taka því sem að höndum ber.**

**FÓTBOLTI** Í fyrsta sinn verður nafn Íslands í hattinum fræga þegar dregið verður í riðla fyrir Evrópumeistaramót A-landsliða karla í knattspyrnu. Um er að ræða sögulega stund og augnablik sem margir knattspyrnuunnendur hér á landi hafa beðið eftir óralengi.

Rúmir þrír mánuðir eru síðan að Ísland tryggði sér þátttökurétt í keppninni, þann 6. september. Ísland varð aðeins þriðja þjóðin til að komast upp úr undankeppninni en næstu vikur og mánuði á eftir bættust 20 þjóðir við og hafa menn velt mögulegri niðurröðun í riðla fyrir sér síðan þá.

Í þeim hópi er þó ekki Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands. Hann hefur, eins og gefur að skilja, verið margspurður út í hvort hann eigi sér óskariðil. Fréttablaðið gerði slíkt hið sama í gær.

„Auðvitað verður spennandi að sjá hverjum við mætum en ég á mér enga óskamótherja. Það er kannski leiðinlegt svar en ég verð að vera heiðarlegur með það,“ sagði Heimir í léttum dúr. „Við tökum því sem höndum ber.“

### Staðsetningin mikilvægari

Íslenski EM-hópurinn verður staðsettur í Annecy í austurhluta Frakklands, 50 þúsund manna bæ við Annecy-vatn, skammt frá landamærunum við Ítalíu og Sviss. Lyon og Saint-Etienne eru ekki langt undan en í kvöld kemur í ljós í hvaða borgum Ísland mun spila.

„Þetta snýst að stórum hluta um að fá að vita hvar við munum einmitt spila og hvort við þurfum að leggjast í löng ferðalög til að komast í leikina. Hverjum við mætum er svo aukaatriði,“ segir Heimir sem er nú ásamt Lars Lagerbäck, hinum landsliðsþjálfaranum, og fylgdarliði KSÍ staddur í Frakklandi.

Hann segist gera sér vel grein fyrir því að dagurinn í dag sé stór stund fyrir aðdáendur landsliðsins. „Þetta er risastórt dæmi og við fáum í dag rétt svo forsmekkinn af því hversu stórt þetta verður í sumar. Ég held að fólkið heima geri sér ekki almennilega grein fyrir hversu umfangsmikið þetta verður. Það er alveg ljóst að þetta mun vera mikil lyftistöng fyrir fótboltann á Íslandi og við munum vonandi fara vel með það.“ **eirikur@frettabladid.is**

## Styrkleikaflokkar EM 2016

23 lið hafa tryggt sér þátttökurétt á EM í Frakklandi auk gestgjafanna og er Ísland nú á meðal þátttökuþjóða á stórmóti A-landsliða karla í knattspyrnu í fyrsta sinn. Liðin verða í kvöld dregin í sex fjögurra manna riðla. Efstu tvö komast áfram úr hverjum í 16-liða úrslitin ásamt þeim fjórum liðum sem bestum árangri ná í þriðja sæti.

Styrkleikaröðun: Liðum er raðað í styrkleikaflokka samkvæmt stigakerfi Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA.

Frakkland er sjálfkrafa raðað í efsta styrkleikaflokk og keppir í riðli A.

| POTTUR 1 | POTTUR 2 |
|---|---|
| Spánn (Handhafi) | Ítalía |
| Þýskaland | Rússland |
| England | Sviss |
| Portúgal | Austurríki |
| Belgía | Króatía |
| | Úkraína |

| POTTUR 3 | POTTUR 4 |
|---|---|
| Tékkland | Tyrkland |
| Svíþjóð | Írland |
| Pólland | Ísland |
| Rúmenía | Wales |
| Slóvakía | Albanía |
| Ungverjaland | Norður-Írland |



Aron Einar Gunnarsson

EM 2016

Dregið: 12. desember í París, Frakklandi.
Úrslitakeppnin: 10. júní - 10. júlí, 2016.

Heimild: UEFA Mynd: Getty © GRAPHIC NEWS

**Hollendingurinn Ruud Gullit og heimamaðurinn Bixente Lizerazu sjá um að draga í riðlana í athöfn kvöldsins. Báðir áttu afar farsælan feril og unnu stóra titla með landsliðum sínum.**

# VEISLUTILBOÐ

*Í Iceland færðu lambalærið á hreint ótrúlegu verði og allt hitt til að fullkomna góða fjölskylduveislu.*



**MISSTU EKKI AF ÞESSU!**

**1099** kr. kg

**1. FLOKKS SS LAMBALÆRI FROSIÐ, 2,1–2,6 KG. 2015 SLÁTRUN**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%




OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**




STILLANLEGT RÚM
Tvær Infinity heilsudýnur, 90 x 200 cm.
VERÐ FRÁ
581.500 KR.



JÓLATILBOÐ
SERTA DELUXE HEILSURÚM
VERÐDÆMI: 160 x 200 cm. með hlífðardýnu og laki.
169.000 KR.*
~~213.200 KR.~~
Í BOÐI VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
14.981 KR. Á MÁN



FÁANLEGT Í STÆRÐUNUM 120/140/160/180/192 X 200 CM.
* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl



TEMPUR ORIGINAL
Þessi veitir góðan stuðning. Hentar vel þeim sem sofa á hlið.
18.900 KR.



TEMPUR CLOUD COMFORT
Tilvalinn fyrir þá sem vilja Tempur stuðning en mýktina líka.
24.875 KR.

DÁSAMLEG JÓLAGJÖF FYRIR ÞREYTTA FÆTUR





HEILSUINNISKÓR
Heilsuinniskórnir sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um hann. Komnir aftur!
3.900 KR. 1 PAR
6.980 KR. 2 PÖR
9.900 KR. 3 PÖR

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**







**Snorri verður seint talinn hógværasti tónlistarmaður landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jólaplatan á fimmtíu þúsund krónur

**Snorri Ásmundsson** heldur jólatónleika í Listasafni Íslands. Uppáhaldstónlistarmaður Snorra er Mozart, að frátöldum honum sjálfum.

Jólatónleikar Snorra Ásmundssonar verða í Listasafni Íslands í dag klukkan fjögur. „Þetta eru líka útgáfutónleikar í tilefni af fyrstu jólaplötunni minni, Jólasveit og Jóladís.“

Snorri hóf tónlistarferilinn fyrr á þessu ári og hélt sína fyrstu tónleika í Mengi. „Viðbrögðin voru ótrúleg og fimm manneskjur komu til mín hver í sínu lagi eftir tónleikana til að segja mér að þetta væru bestu tónleikar sem þær hefðu verið á. Þetta voru mínir fyrstu tónleikar og ég hafði ekkert æft mig og reyndar æfi ég mig aldrei því tónlistin mín kemur frá hjartanu en ekki heilanum,“ segir Snorri, en segir marga aðra tónlistarmenn hins vegar semja frá heilanum. „Ég hef eignast nýja aðdáendur eftir hverja tónleika og hef nú verið með tónleika í þremur löndum. Það eru allir eða flestir sammála mér um að ég sé besti píanóleikari í Evrópu.“ Hvort það er rétt metið hjá Snorra skal ósagt látið.

**REYNDAR ÆFI ÉG MIG ALDREI ÞVÍ TÓNLISTIN KEMUR FRÁ HJARTANU.**

Snorri ætlar að spila jólatónlist í dag, sem hann segir geta verið mjög fallega. „Þó oft geti hún verið slepjuleg. Nana Mouskouri var alltaf vinsæl á mínu heimili og hún kveikir í mér. Tónlist er stundum sögð vera æðsta listformið og guðdómurinn er tignaður í gegnum söng og tóna. Stundum er ég bara í trans og það er spilað í gegnum mig og ég lána bara líkama minn og fingur mína til að spila guðdómlega tónlist eins og mér er einum lagið. Minn uppáhaldstónlistarmaður fyrir utan mig sjálfan er Mozart.“

Snorri hefur verið með píanótónleika í nokkrum borgum Evrópu og hefur að eigin sögn fengið mikið lof fyrir vikið. Hann heldur til Los Angeles stuttu eftir jólatónleikana hér heima og heldur tónleika þar. En hvað kostar plata eftir meintan besta píanóleikara í Evrópu? „Jólasveit og Jóladís kom aðeins út í þrettán eintökum á vínyl og kosta 49.900 krónur. Verðið hækkar svo eftir því sem færri eintök eru eftir.“ **olof@frettabladid.is**

# Hvað á að gera um helgina?



Ósk Gunnarsdóttir fjölmiðlakona

## BLÁFJÖLL OG BARDAGI

Á laugardaginn fæ ég góða vini í heimsókn í mat og kvöldvöku – að horfa á bardagann! Annars vonumst við fjölskyldan eftir því að komast í Bláfjöll á sunnudag!

## LESTU

Gildruna eftir Lilju Sigurðardóttur. Spennusaga um konu sem leiðist út í eiturlyfjasmygl.






## HORFÐU

Á einhverja skemmtilega jólamynd. Það er til dæmis alltaf klassískt að horfa á gömlu Home Alone-myndirnar.

## HLUSTAÐU

Á plötuna Dalí með hljómsveitinni Dalí. Þetta er fyrsta plata sveitarinnar og frumraunin hefur vakið mikla lukku.






## FARÐU

Á skautasvellið á Ingólfstorgi um helgina og komdu þér í jólaskap.

# RISA JÓLA SKÓSPRENGJA

## 50-90% AFSLÁTTUR

# HEFST Í DAG



Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Smáratorgi, Kópavogi
**Opið alla daga frá 11-22**

Vínlandsleið 6, Grafarholti
**Opið virka daga: 11-18**
**Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

# Lífið bak við rimlana

Lífið á bak við rimlana er fábrotið, en erfitt. Blaðamenn heimsóttu Litla-Hraun og fylgdust með degi í lífi **Margrétar Frímannsdóttur, Indu Hrannar** og **Jóns Þór** ráðgjafa. Ljósmyndarinn Anton Brink slóst með í för.



Margrét Frímannsdóttir skrifar persónuleg jólakort til allra starfsmanna fangelsisins, sem eru tæplega sjötíu þegar mest lætur.


Fangelsismál

**Refsing eða betrun?**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is




Eldsnemma á ísköldum og dimmum vetrarmorgni hefst ferð okkar á Litla-Hraun. Það er niðamyrkur þegar við setjumst í aftursætið á fólksbíl fangelsisstjórans, Margrétar Frímannsdóttur. Fram í situr annar tveggja meðferðarfulltrúa á Litla-Hrauni, Inda Hrönn Björnsdóttir, sem við munum fylgja í vinnuna í dag. Þær stöllur fara yfirleitt samferða í vinnuna, enda tekur ferðalagið fram og til baka dágóðan tíma dag hvern.

Á leiðinni spjalla þær um verkefni dagsins. „Það er jólahlaðborð á Sogni á morgun og ég lofaði að kaupa meira jólaskraut," segir Margrét við Indu sem hefur áhyggjur af einum fanganum sem hefur verið langt niðri undanfarið. „Hann er voðalega aumur," segir Margrét og Inda tekur undir. „Við þurfum að halda dálítið vel utan um hann núna."

**Snýst um að vera manneskjulegur**

Það vekur athygli blaðamanna hvað þær þekkja fangana vel. „Þetta snýst allt um að vera manneskjulegur. Við erum öll fólk," segir Margrét. Inda er sama sinnis. Litla-Hraun er öryggisfangelsi þar sem hættulegustu fangar landsins dvelja. Margrét og Inda segja þá flesta sitja inni fyrir afbrot sem tengjast neyslu á einhvern hátt. Þeim er greinilega annt um fangana. Margrét segir okkur til dæmis að þau reyni að sanka að sér hlutum sem fangar geti gefið börnum sínum í jólagjöf.

Inda sér um meðferðarganginn á Litla-Hrauni ásamt Jóni Þór Kvaran en þar dvelja ellefu fangar hverju sinni. Inni í miðju öryggisfangelsi þar sem meirihluti fanga glímir við áfengis- og vímuefndavanda getur verið erfitt að halda sér á beinu brautinni. Eflaust spyrja margir sig hvernig fangar ná sér í vímuefni inni í fangelsunum. „Þetta kemur yfirleitt innvortis með heimsóknargestum," segir Inda. Þrátt fyrir að leitað sé á gestum sem koma, hlutir sem þeir koma með inn á staðinn skannaðir og fikniefnahundur á staðnum þá fara þeir frumlegar leiðir til að koma fikniefnum inn í fangelsið. Til að mynda finnur hundur ekki lykt af læknadópi og því er það vinsælt í fangelsinu. „Við erum og munum alltaf verða einu skrefi á eftir í því að reyna að sporna við þessu."

**Enginn kemur að sækja suma**

Eftir miklar umræður um stöðu fangelsismála á Íslandi rennum við í hlað á Litla-Hrauni þar sem öryggishliðið er opnað fyrir fangelsisstjóranum. Fram hjá okkur gengur ungur drengur, með eigur sínar í plastpokum, sem hann hefur stillt upp á stóra kerru. Inda kastar á hann kveðju og hann veifar. „Þessi er að klára," segir hún við okkur um leið og ungi fanginn drífur sig út úr fangelsinu, augljóslega frelsinu feginn. „Suma fanga kemur enginn að sækja þegar þeir fara frá okkur. Þeir fara út átta um morguninn, þá verða þeir að fara út fyrir hliðið og stundum er enginn að bíða eftir þeim. En þessi á gott bakland."

Þegar inn í fangelsisálmuna er komið sitja þar fangaverðir ásamt Jóni Þór sem starfar á meðferðargangi með Indu. Inni á varðstofu eru skjáir þar sem fylgst er með föngum allan sólarhringinn. Fáir eru á sveimi snemma morguns enda flestir að vakna og að útbúa sér morgunmat.

**Lesa upp stjörnuspána**

Leið okkar liggur upp á aðra hæð inn á 2A, meðferðarganginn. Þar eru ellefu klefar og jafn margir fangar. Meðferðargangurinn hefur verið starfandi undanfarin nokkur ár og hefur eftirspurn eftir að fá að afplána þar aukist mjög á undanförnum árum. „Það eru alltaf fleiri og fleiri sem vilja komast að. Viðhorfið gagnvart edrúmennsku innan fangelsisins hefur breyst rosalega á síðustu árum og það er orðið miklu eftirsóknarverðara en áður að vera edrú," segir Inda áður en við göngum inn. „Margrét barðist fyrir því með kjafti og klóm að við fengjum að halda þessum meðferðargangi úti."

Við göngum beint inn í eldhús þar sem nokkrir menn sitja við eldhúsborðið og fá sér morgunmat. Hafragraut og Cheerios. Einhverjir dunda sér í eldhúsinu og þeir sem sváfu lengst eru enn að koma sér fram úr. Fangarnir eiga að vera komnir fram klukkan 8.20. Flestir fara til vinnu eða skóla innan fangelsisins. Klefunum er svo lokað klukkan 10 á kvöldin. Dagblöðin eru komin á borðin og einn fanganna les upp stjörnuspá dagsins. „Við byrjum alltaf á stjörnuspánni," segir Inda. „Þú ert á leiðinni í ferðalag," les hann upp úr stjörnuspá fyrir einn fangann og uppsker hlátrasköll samfanganna. „Hvert á að skella sér," segir annar. „Ætli þú strjúkir ekki í dag," segir Inda kímin og uppsker hlátur strákanna, sem virðast þekkja Indu vel orðið. Einn fanganna hreytir einhverju í annan og Inda spyr hvað ami að. „Ekki neitt," svarar hann. Inda tekur hann með sér afsíðis.

Á borðinu liggur listi yfir ýmsar kjötafurðir. „Við erum að ákveða hvað við ætlum að hafa í jólamatinn," segir einn fanganna. Þeir fá tíu þúsund krónum úthlutað á fimmtudögum. Sú upphæð á að duga þeim fyrir ➡



Í varðstofunni er fylgst með föngunum allan sólarhringinn.



Ýmis ummerki þess að jólin eru á næsta leiti mátti sjá á Litla-Hrauni eins og þetta nýreista jólatré í bakgarðinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> SUMA FANGA KEMUR ENGINN AÐ SÆKJA ÞEGAR ÞEIR FARA FRÁ OKKUR. ÞEIR FARA ÚT ÁTTA UM MORGUNINN, ÞÁ VERÐA ÞEIR AÐ FARA ÚT FYRIR HLIÐIÐ OG STUNDUM ER ENGINN AÐ BÍÐA EFTIR ÞEIM.


ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning
TILNEFNDAR BÆKUR Á GÓÐU VERÐI*
MAMMA KLIKK!
3.990 kr
Hildur Knútsdóttir
VETRARFRÍ
3.990 kr
DRAUGA-DÍSA
3.990 kr
Randalín, Mundi og afturgöngurnar
3.190 kr
Hundadagar
5.490 kr
SJÓVEIKUR Í MÜNCHEN
5.490 kr
AUÐUR JÓNSDÓTTIR
STÓRI SKJÁLFTI
5.490 kr
Eitthvað á stærð við alheiminn
Jón Kalman Stefánsson
5.490 kr
VERTU ÚLFUR
2.990 kr
STRÍÐSÁRIN 1938–1945
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
13.990 kr
GUNNAR ÞÓR BJARNASON
ÞEGAR SIÐMENNINGIN FÓR FJANDANS TIL
Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918
5.990 kr
HERMANN STEFÁNSSON
LEIÐIN ÚT Í HEIM
3.990 kr
*Tilboðin gilda laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. desember. Birt með fyrirvara um myndabrengl og innsláttarvillur.
NÆG BÍLASTÆÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI
INNPÖKKUNARBORÐ
OPIÐ UM HELGAR KL. 11–17
FORLAGIÐ
FORLAGIÐ Bókabúð
www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



Jón Þór og Inda eru borgaralega klædd í vinnunni. Samband þeirra við fanga er af öðrum toga en fangavarðanna. Þau segja gríðarlega mikilvægt að traust ríki á milli þeirra og skjólstæðinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

➡ matarinnkaupum, hreinlætis- og öðrum nauðsynjavörum.

Inda snýr aftur með fangann sem hún tók afsíðis áður. Honum virðist hafa legið eitthvað á hjarta, en er öllu hressari eftir samtalið. Hún sest aftur niður.

**Sjá sjálfir um innkaup**

„Inni á þessum gangi eru þeir með matarklúbb. Þeir setja peninginn í púkk og kaupa inn saman," segir hún en innkaupin fara fram í Rimlakjörum, versluninni á Litla-Hrauni. „Tíu þúsund kall dugar auðvitað skammt en þeir fá meiri pening ef þeir eru í vinnu eða skóla. Þeir fá ekki laun en svokallaða þóknun sem eru rúmlega 300 krónur á tímann. Það er ekki mikill peningur heldur – en fyrir daga eins og jólin þá safna þeir gjarnan, leggja til hliðar og geyma til jóla. Þá er hægt að kaupa inn betri mat fyrir jólin og gjafir handa börnunum þeirra."

Inda stendur upp, gengur á milli herbergja og merkir hjá sér hvort allir séu vaknaðir, búnir að búa um og það sé snyrtilegt í herberginu. „Hér standa sig allir vel," segir hún og merkir samviskusamlega við. „Það er ekki auðvelt að vera með meðferð í miðju öryggisfangelsi," segir hún. „Það er svolítið eins og að reyna að verða edrú á flöskuborði á Austur."

**Mikill fíknivandi**

Þau Inda og Jón Þór segja fíkniefnavanda fanga mikinn. „Ég hugsa það séu svona 85 prósent fanga sem eiga við einhvern fíknivanda að stríða," segir Jón Þór. „Flestir þeirra dóma sem hér er verið að afplána eru neyslutengdir. Framdir þegar viðkomandi er í neyslu eða til þess að fjármagna neysluna."

Starf Indu og Jóns Þórs felur í sér að veita föngum sem vilja vera edrú stuðning. Í starfi sínu kynnast þau föngum með mismunandi bakgrunn sem hafa framið misalvarleg afbrot. Margir eiga það sameiginlegt að hafa ungir villst af braut og ekki fundið sig innan skólakerfisins. „Það er skóli hérna á Litla-Hrauni sem margir innrita sig í. Margrét hefur staðið sig frábærlega og lagt mikla áherslu á skólann," segir Inda. Sumir standa það illa að þeir hafi aldrei lært að lesa.

Þau nefna sem dæmi fanga sem fyrir nokkrum árum treysti þeim fyrir því að hann væri hreinlega ólæs, þá rúmlega þrítugur. Inda lýsir því þegar Margrét heyrði af því, safnaði styrkjum og fékk kennara í fangelsið til þess að kenna fanganum að lesa. „Þá gáfu tveir aðrir sig fram, sem voru líka illa læsir. Þetta breytti miklu fyrir þessa stráka. Þið getið ímyndað ykkur hvað þetta skipti miklu máli. Sá sem reið á vaðið fór síðan í skóla og ég man hann fékk 8,5 í íslenskuáfanga sem hann tók," segir Inda.

Blaðamaður spyr hvort hann hafi ekki lokið afplánun þegar þar kom við sögu. „Jú, en þeir hringja stundum í mann þegar þeir eru komnir út. Láta mann vita hvernig gengur og svona." Þeim Indu og Jóni Þór þykir augljóslega vænt um skjólstæðinga sína, og hafa miklar mætur á yfirmanni sínum, Margréti, sem brátt kveður Litla-Hraun eftir átta ár í starfi.

Fangarnir eru jafn mismunandi og þeir eru margir, þótt margir eigi það sameiginlegt að koma frá brotnum heimilum. Þau segja ekki hægt að taka starfið með sér heim. Auðvitað taki það oft á, þau kynnist föngunum misvel og sumum tengist þau mikið. „Við förum í handleiðslu einu sinni í mánuði þar sem við tölum um hluti sem eru erfiðir."

„Ég veit yfirleitt ekki fyrir hvað menn sem koma til mín eru dæmdir nema þeir segi mér frá því sjálfir. Ég fletti ekki upp dómum og fylgist ekki með fréttum af glæpum," segir Inda. „Það er ekki nema það sé það mikið fjallað um það að það fari ekki fram hjá manni. Enda á það ekki að skipta nokkru máli."

**Verða að hafa traust fanganna**

Þegar Jón Þór hóf vinnu sína við meðferðarganginn neitaði hann að klæðast hefðbundnum fangavarðabúningi eins og áður hafði tíðkast. „Það skiptir svo miklu máli að við séum ekki fangaverðir, að við séum ekki í einhverri valdastöðu. Þeir þurfa að vita að þeir geti treyst okkur. Um leið og maður er kominn í einhvern einkennisbúning eins og átti að hafa okkur í þá er það farið. Þeir líta á fangaverði sem einhvers konar yfirvald, lögreglu. Það er öðruvísi samband sem myndast hjá okkur sem erum borgaralega klædd við fangana," segir Jón Þór og bætir við að mörgum þeirra sé hreinlega illa við hvers konar yfirvald. Í því hlutverki séu þau Inda ekki. Þau ganga þó um með neyðarhnappa. Ef ýtt er á hnappinn hlaupa allir fangaverðir og aðrir frá sínum störfum, nema einn á hverri varðstofu, og takast á við hættulegar aðstæður sem kunna að koma upp. „Það eru engar alvarlegar uppákomur sem verða," segir Inda og bætir við að hún hafi aldrei þurft að ýta á hnappinn á sínum ferli á Litla-Hrauni.

Ferð okkar um fangelsið heldur áfram. Víða má sjá ummerki um að jólin séu á næsta leiti og við mætum hópi sem er á leið í Rimlakjör til þess að ganga frá innkaupalista fyrir jólin. Víða eru menn að hengja upp jólaskraut og annað, til þess að lífga upp á annars sumpart dapurleg húsakynni. Það er prófatíð í skólanum á Litla-Hrauni eins og í öðrum skólum. Það er eitthvað fallegt við að sjá andlit sem blaðamenn þekkja einungis úr fréttaflutningi af alvarlegum ofbeldisglæpum vera að þreyta próf. Það skyldi þó aldrei vera að það myndi breyta einhverju fyrir þessa menn.

**Missa þóknun**

Við fáum að líta inn í þvottahús, þar sem nokkrir fangar spila á spil og bíða eftir að þvottavélin klári, svo þeir geti hengt upp þvottinn. „Á ekkert að bjóða okkur upp á kaffi, strákar?" segir Inda, áður en förinni er haldið áfram. Við skoðum vinnuaðstæður fanganna, en þeir fást við ýmislegt, svo sem trésmíðar, járnsmíði og að rífa niður brotajárn. Þeir þrífa vegastikur og bóna bíla. Í ljósi tíðræddrar undirmönnunar í fangelsinu eru verkstjórar þó stundum kallaðir á vaktir sem fangaverðir – þá er vinnustöðunum lokað á meðan. „Þá missa fangarnir þóknun sína og hafa þar af leiðandi minna á milli handanna til að borða, kaupa gjafir handa börnunum sínum og svo framvegis. Þetta hefur allt keðjuverkandi áhrif."

> ÉG FLETTI EKKI UPP DÓMUM OG FYLGIST EKKI MEÐ FRÉTTUM AF GLÆPUM. ÞAÐ ER EKKI NEMA ÞAÐ SÉ ÞAÐ MIKIÐ FJALLAÐ UM ÞAÐ AÐ ÞAÐ FARI EKKI FRAM HJÁ MANNI. ENDA Á ÞAÐ EKKI AÐ SKIPTA NOKKRU MÁLI.

> VIÐ HÖFUM VERIÐ MEÐ OG ERUM MEÐ FANGA SEM HAFA ORÐIÐ TIL HÉRNA Á LITLA-HRAUNI. SVONA ANNARRAR KYNSLÓÐAR FANGA.

**Annarrar kynslóðar fangar**

Viðtöl þeirra Indu og Jóns Þórs við fangana fara fram í litlu herbergi sem er á hæðinni fyrir neðan heimsóknarganginn. Fangar geta sótt um að fá heimsóknir alla daga nema mánudaga og fimmtudaga. Flestir geta fengið tvær til þrjár heimsóknir á viku séu þær samþykktar en mjög strangar reglur gilda um heimsóknirnar. Fjórðungur fanga fær aldrei heimsókn. „Það er starfsmaður sem sér algjörlega um það að fara yfir umsóknir um heimsóknir. Hún kannar tengsl milli fangans og þess sem ætlar að koma. Þeir sem hafa dóm á bakinu eða mál inni í kerfinu fá ekki að koma. Talið er að þau vímuefni sem koma inn í fangelsið komi með heimsóknargestum. Nokkur heimsóknarherbergi eru í herbergjum sem áður voru fangaklefar auk þess sem eitt fjölskylduherbergi er á staðnum. „Við höfum verið með og erum með fanga sem hafa orðið til hérna á Litla-Hrauni," segir Jón Þór. „Svona annarrar kynslóðar fanga."

Það er einmitt í þessum herbergjum á heimsóknarganginum sem talið er líklegast að fíkniefni komist í hendur fanga. Fíkniefnum er smyglað inn með ýmsum hætti. Þau segja að þó að allt sé reynt til að koma í veg fyrir að slíkar sendingar berist á Hraunið, þá sé það ómögulegt að eiga við. „Þeir eru alltaf skrefi á undan. Það finnst til dæmis ekki lykt af læknadópi. Þess vegna hefur verið vinsælt að koma með slíkt hingað inn."

**Annars konar hagkerfi**

Almennt segja Inda og Jón Þór að stemningin í fangelsinu sé misjöfn; eftir göngum, hverjir sitja inni, magni fíkniefna inni í fangelsinu og þar fram eftir götunum. „Það er auðvitað þannig að hér myndast ákveðin stemning. Menn eiga alla jafna engan pening, en svo eru aðrir sem kannski eiga eitthvað. Það er alveg sérstakt hagkerfi hérna inni, þar sem eru alls konar ➡




# Meiri tími í Miðborginni okkar



## LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM

Jólin nálgast óðfluga og því er víða opið til klukkan 22 í verslunum miðborgarinnar – alla aðventuna. Bregðið undir ykkur betri fætinum og sinnið jólainnkaupunum í dásamlegu aðventuumhverfi.

Skutlur frá TukTuk verða á ferðinni frá Lækjargötu við Arnarhól og upp að Snorrabraut frá 17-22 á laugardag og 13-18 á sunnudag.

Jólasveinar dúkka upp víða um miðborgina. Munið vættaratleikinn.

**ÓLÖF ARNALDS KEMUR FRAM Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Í DAG:**

| | |
|---|---|
| 14:30 | Barónstorgi, Laugavegi 77 |
| 15:00 | Laugatorgi, við Kjörgarð |
| 15:30 | Skólatorgi (á horni Laugavegs og Skólavörðustígs) |
| 16:00 | Ellingsen, Fiskislóð 1 |



**AFGREIÐSLUTÍMAR Í DESEMBER:**

| | |
|---|---|
| 12. des. | 10:00 – 22:00 |
| 13. des. | 13:00 – 18:00* |
| 14. – 16. des. | 10:00 – 18:00* |
| 17. – 22. des. | 10:00 – 22:00 |
| 23. des. | 10:00 – 23:00 |
| 24. des. | 10:00 – 12:00 |

*Opið til kl. 22 í vaxandi fjölda verslana

P BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

**NÆG BÍLASTÆÐI OG MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN.**
**— WWW.MIDBORGIN.IS —**

MIÐBORGIN OKKAR


Á meðferðargangi Litla-Hrauns dvelja ellefu fangar hverju sinni. Ellefu til viðbótar eru á biðlista.


Verslunarstjóri Rimlakjara fer yfir innkaupalista fanga sem spara af vikupeningum til að geta gert sér dagamun á jólunum.


Listaverk eftir einn fanganna, búið til úr viðarafgöngum.


Gripið í spil á meðan þvotturinn þornar.


Sameiginlegt þvottahús fangelsisins er vinnustaður nokkurra fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

gjaldmiðlar, eins og sígarettur og ýmis efni.“

Margrét Frímannsdóttir fangelsisstjóri hefur sagt starfi sínu lausu og það er ljóst að margir innan fangelsisins kvíða því að hún hætti, starfsfólkið og ekki síður fangarnir sem eru augljóslega hrifnir af henni. „Þarna fer manneskjulegasti fangelsisstjórinn. Það hefur auðvitað sína kosti og galla. Við vonum að sá sem tekur við hafi sömu áherslu á betrun. Vonandi fær það sem hún hefur gert að halda sér,“ segir Jón Þór sem er þó vongóður um að svo verði. „Þetta hefur allt sannað sig,“ segir hann og vísar þá helst til meðferðargangsins og skólamála. „Fyrir marga er menntunin mjög mikil betrun. Margir eru að uppgötva í fyrsta sinn að þeir geti lært. Aðrir eru að verða edrú hérna inni. Að vinna í sjálfum sér. Svo eru sumir sem vilja enga hjálp.“

Það er mikil ásókn í að komast á meðferðarganginn. „Við erum með góðan gang núna og það gengur vel. En þetta breytist hratt. Þeir sem koma til okkar fara svo oft eftir ákveðinn tíma í opið úrræði eða á aðra deild. Meðaltími vistarinnar á þessum gangi eru um sjö mánuðir.“ Á göngu okkar um fangelsið nálgast tveir strákar Indu og vilja verða edrú. „Ég er tilbúinn núna, Inda,“ segir annar ungu fanganna. Inda horfir á hann, brosir og segir honum að sækja um með formlegum hætti, á appelsínugula forminu. „Það er alltaf pláss fyrir góða menn,“ segir hún, hughreystandi. Honum er augsýnilega létt. Fyrsta skrefið stigið.

Hjúkrunarfræðingur hefur aðstöðu í húsinu og kemur um það bil fjórum sinnum í viku en fangar geta síðan óskað eftir annars konar læknisaðstoð. Sálfræðingur kemur um einu sinni í viku í fangelsið en ítrekað hefur verið auglýst eftir geðlækni. Enginn sækir um. „Það vill enginn geðlæknir vinna hérna,“ segir Jón Þór. Það kemur blaðamönnum hálfspánskt fyrir sjónir, enda þótt umhverfið sé ef til vill ekki líflegt hefur einföld vettvangsrannsókn leitt í ljós að starfsaldur fangavarða er hár og stemningin þeirra á milli er góð. „Já, það eru margir sem hafa enst lengi,“ segir Inda og bætir við: „Það er erfitt að fara af Litla-Hrauni.“

## Ekkert sem tekur við

En það er ekki bara starfsfólkið sem á erfitt með að yfirgefa fangelsið, því endurkomutíðni fanga er mikil. Margir eiga erfitt með að slíta sig úr heimi afbrota og neyslu. Jón Þór og Inda segja engin geimvísindi liggja að baki þeim veruleika.

„Það er ekkert sem tekur við þegar þeir koma út. Við erum alltaf að horfa á eftir föngum sem standa sig vel, eru komnir á góðan stað en þegar út er komið tekur ekkert við. Það er ekkert utanumhald. Það er erfitt að fá vinnu. Það eru ekki margir sem vilja ráða menn með dóm á bakinu. Síðan er staðan á leigumarkaði eins og hún er. Það er erfitt fyrir mann með sakaskrá að verða sér úti um íbúð. Það vantar sárlega eitthvað sem tekur við eftir að afplánun lýkur,“ segir Inda og tekur fram að ef betur væri að því staðið myndi það eflaust spara mikið fyrir samfélagið. Fækka glæpum og endurkomum. „Það er það sem er brýnast að taka á.“

Það er aftur orðið dimmt og dagurinn að enda á Litla-Hrauni. Fangarnir eru búnir í vinnu og skóla í dag og flestir farnir aftur inn á gang þar sem sums staðar er farið að huga að kvöldmatnum. Við setjumst aftur upp í bíl fangelsisstjórans og keyrum aftur í gegnum öryggishliðið í áttina að bænum.


Það á að gefa börnum brauð…



FALLEG HÖNNUN Í ELDHÚSIÐ ÞITT

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16 | Opið mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900

# netto

# Spennandi erlent kjöt

NÝTT KORTATÍMABIL



GÆSABRINGUR
**3.498 KR/KG**



KALKÚNABRINGUR - ERLENDAR
**2.098 KR/KG**



KALKÚNN - HEILL
**998 KR/KG**



DANISH CROWN HÁGÆÐA NAUTALUNDIR
**3.997 KR/KG**



DÁDÝRAVÖÐVAR - NÝJA SJÁLAND
**3.598 KR/KG**



ANDABRINGUR - FRANSKAR
**2.998 KR/KG**



ANDALEGGUR/LÆRI
**1.798 KR/KG**




ARGAL PAVO KALKÚNN DELI
**3.391 KR/KG**




GÆS - HEIL
**6.998 KR/STK**



KENGÚRU FILLE
**3.598 KR/KG**



NAUTALUNDIR - NÝJA SJÁLAND
**2.999 KR/KG**

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 10. – 16. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

ÞÚ GETUR NÁLGAST BÆKLINGINN Í HEILD SINNI Á NETTO.IS | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

# ÚRVALIÐ






**PHILIPS**

**Philips 55PUS7170**
3D LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 bakljós. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi 2x2. Wifi Miracast. 2 stafrænir DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3 x USB. 4 HDMI. MyRemote Apple / Android app. Easy 3D - 4 gleraugu fylgja.

ULTRA HD · ambi light 3

**JÓLATILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 299.995




**Philips 32PHT4200**
32" LED sjónvarp með 1366 x 768p upplausn. Digital Crystal Clear. 100 Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. USB tengi og upptökumöguleiki. 2 x HDMI, heyrnartólstengi, optical út og CI rauf. EasyLink.

**JÓLATILBOÐ**
**42.995**
FULLT VERÐ 59.995



**MELISSA**

**Melissa 16190015**
350W matvinnsluvél með 1 lítra skál. 2 hraðar og púls. Hágæða ryðfríir hnífar. Öryggislás. Gúmmífætur fyrir stöðugleika.

**JÓLATILBOÐ**
**4.995**
FULLT VERÐ 6.995

**MEDISANA** *made for Life*



**Medisana 51160**
Blóðþrýstings- og púlsmælir fyrir upphandlegg BU510. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt. Stór LCD skjár. 90 mælingar í minni. 3ja ára ábyrgð. Íslenskur leiðarvísir.

**VERÐ**
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**

**Philips HC544085**
DualCut hárklippur með sjálfbrýnandi stál hnífum og klippur fyrir nef og eyru.



**JÓLATILBOÐ**
**6.995**
FULLT VERÐ 9.995

*Tvö tæki í pakka!*

**exido**



**Exido 12240006**
700w vöfflu- og samlokujárn. Panini grill. 3 Non-stick plötur. Hægt að baka belgískar vöfflur. Auðvelt að hreinsa.

**VERÐ**
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**wilfa**

*Karafla og glös fylgja!*



**Wilfa BL1200**
1200w Wilfa Knus S blandari með 1.8L glerkönnu. Stiglaus hraðastillir og púls. Losa má hnífa og hreinsa. Gúmmítappar. Stál.

**VERÐ**
**17.995**
FRÁBÆRT VERÐ



*HP6341 Ladyshave rakvél fylgir!*

**PHILIPS**

**Philips SC1991**
Lumea Essential háreyðingartæki. Fjarlægir öll hár með IPL tækni. Eyðir hárrótinni án áhrifa á húðina. 5 stillingar á ljósi. Ekki þarf að skipta um peru. 100-240V.

**JÓLATILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 59.995

**PHILIPS**

## SOUNDBAR
HEIMABÍÓKERFI

**Philips HTL2153B**
120W SoundBar heimabíókerfi með 60W bassahátalara. Dolby Digital. Virtual Surround Sound. EasyLink. USB, HDMI, Coaxl in og AUX tengi. Hægt að festa á vegg.



**VERÐ**
**26.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Fissler**

**Fissler 00212403000**
3 stk Paris pottasett með þéttu glerloki. Fyrir öll helluborð. Svöl handföng. Ryðfrítt stál.

**VERÐ**
**24.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**7 VERSLANIR**
**REYKJAVÍK - AKUREYRI - HÚSAVÍK - SELFOSS**
**EGILSSTAÐIR - REYKJANESBÆR - AKRANES**

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# ER HJÁ OKKUR




**LG 43LF540V**
43" FHD LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og 300Hz PMI. Triple XD Engine. Dynamic Color Correction. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari.

JÓLATILBOÐ
**84.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 48PFT5500**
48" Smart LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080 upplausn. Pixel Plus HD. DualCore örgjörvi. 200 Hz Perfect Motion Rate. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

JÓLATILBOÐ
**99.995**
FULLT VERÐ 112.995




**Philips 50PUT6400**
50" Ultra HD LED sjónvarp með 4K 3840 x 2160 upplausn. Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 700 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Dual Core örgjörvi. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-T2/S2 og gervihnattamóttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

JÓLATILBOÐ
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995

## CASIO HLJÓMBORÐ
**Í ÚRVALI – VERÐ FRÁ 8.995**



## TECHNOLINE VEÐURSTÖÐVAR OG HITAMÆLAR Í ÚRVALI
**VERÐ FRÁ 2.195**



## PHILIPS

**Philips SHO5305BL**
Lokuð O'Neill heyrnatól með ótrúlegum bassahljómi. 50mm Neodymium hátalarar. Mjúkir og þægilegir púðar. 17Hz til 23000Hz. 32 Ohm. Fjarstýring og hljóðnemi fyrir snjallsíma.

TILBOÐ
**7.995**
FULLT VERÐ 14.995



## PHILIPS Senseo

**Philips HD787060**
1450w SENSEO Twist kaffivél með snertitökkum. 2 styrkstillingar. Stillanleg hæð á stúti. Hver bolli er ferskur og með lagi af froðu. Slekkur á sér eftir 15 mín.

JÓLATILBOÐ
**14.995**
FULLT VERÐ 17.995



## DOLCE GUSTO HELGARTILBOÐ




**STANDUR FYRIR KAFFIHYLKI AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR** með Dolce Gusto Mini Me og Circulo um helgina!

## NÝ SENDING AF BLENDEC BLÖNDURUM ER LENT
## 20% AFSLÁTTUR UM HELGINA

blendtec

**Stóri bróðir með 3,8 hestafla mótor er mættur. Sannkallað tryllitæki!**

Öflugri blandarar eru vandfundnir.
Óbrjótanleg kanna. 8 ára ábyrgð.
Fæst með 3ja eða 3,8 hestafla mótor.

HELGARTILBOÐ
**FRÁ 59.996**

**8 ÁRA ÁBYRGÐ**



## GOTT ÚRVAL AF HLJÓMTÆKJUM OG HÁTÖLURUM



DALI NAD Panasonic DENON PHILIPS psb SPEAKERS

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**
**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

**Heimilistæki** ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# HÖRÐU PAKKARNIR Á LÆGRA VERÐI !



Parrot

## FLUGDRÓNI Á HELGARTILBOÐI

Rolling spider frá Parrot getur bæði flogið og skriðið með veggjum og lofti Sérstakar hlífar til þess að verja spaðana fyrir hnjaski. Mikil verðlækkun aðeins um helgina eða meðan birgðir endast.

**16.995**

FULLT VERÐ 22.995

PAR-ROLLINGSPIDERBLU

## VEÐURVARINN FERÐAHÁTALARI

Jólagjöfin í ár. Þráðlaus Bluetooth hátalari með ótrúlegum hljómgæðum sem hægt er að taka með sér hvert sem er. JBL Connect sem getur tengt saman fleiri en einn hátalara.



**14.995**

JBL

JBL-FLIP3BLACK

## HÆTTU AÐ TÝNA SÍMANUM EÐA LYKLUNUM ÞÍNUM !



Rockey finnur símann þinn eða lætur þig vita hvar lyklakippan þín er með hljóðmerki auk ótal fleiri skemmtilegra möguleika. Frábær jólagjöf fyrir þá sem eru duglegir að týna símanum sínum eða lyklum. Ótrúlegt verð.

**4.995**

ROD-RECKEY

## 10" WINDOWS SPJALDTÖLVA MEÐ LYKLABORÐI



Þessi er að slá í gegn! 10" spjaldtölva með Windows, lyklaborðsvöggu, 4 kjarna Intel Atom og Office 365 í eitt ár og langri rafhlöðuendingu.

nextbook

NEX-NXW10QC32G

**39.995**

## INTEL PENTIUM FARTÖLVA

Ofurlétt fartölva með Intel Pentium örgjörva og 32GB SSD diski á ótrúlegu jólaverði. Allt að 7,5 tíma rafhlaða, Windows 10 og 100GB geymslupláss á OneDrive í 2 ár.



TOSHIBA

TOS-CL10C102

**49.995**

### 13" MACBOOK AIR



APL-ZORH

**194.995**

### 4GB GTX 960 MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ



ASUS

ASU-STRIX GTX960DC4OC

**49.995**

### HEIMABÍÓSKJÁVARPI MEÐ 3LCD



EPSON

EPS-EHTW570

**99.995**

### iPAD AIR 2



iPad

APL-MGL12

**89.995**

### ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ MEÐ MÚS



Logitech

LOG-K400

**7.995**

### 240GB SANDISK SSD



SanDisk

SDI-SDSSDHII240G

**18.995**

### STEELSERIES MÚSAMOTTA



steelseries

STE-QCK

**2.895**

### 2TB WD PASSPORT VASAFLAKKARI



WD

WD-BMLA0020BBK

**19.995**

### 4K ANDROID SJÓNVARPSFLAKKARI



A.C.Ryan

ACR-VE94000

**29.995**

### GOOGLE CHROMECAST 2



chrome

GOO-CHROMECASTAC

**6.995**

Með fyrirvara um verðvillur og myndabrengl.




## AÐEINS BROT AF JÓLAÚRVALINU !

**0% VEXTIR**
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

**7 VERSLANIR UM ALLT LAND**

# OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
## LAUGARDAG 11-18 / SUNNUDAG 13-18

**OPNUNARTÍMI Á AKUREYRI**
LAU. 11-18 SUN 13-17

## ÞRÁÐLAUS PRENTARI




EPS-XP225

EPSON

Vandaður prentari frá Epson sem getur prentað þráðlaust úr öllum tölvum, símum og spjaldtölvum heimilisins. Hagkvæmur í rekstri og einfaldur í notkun. Skannar líka og ljósritar.

**11.995**

nextbook8

## VINSÆLA SPJALDTÖLVAN FYRIR BÖRNIN !



8" Nextbook spjaldtölvan er vinsælasta jólagjöfin hjá okkur fyrir börnin og rýkur út. Í stað þess að gefa leikfang sem börnin fá fljótt leið á fá þau tölvu með 2 ára ábyrgð þar sem þau geta leikið sér í tugþúsundum ókeypis leikja og fræðsluforrita og horft á bíómyndir. Gjöf sem gleður og endist.

NEX-NX785QC8G

**14.995**

FULLT VERÐ 16.995

### 360°SNÚNINGSSKJÁR !



Intel Pentium og snúningsskjár sem getur breytt tölvunni í spjaldtölvu með því að snúa skjánum. Intel HD Graphics skjákort, 32GB SSD diskur og löng rafhlöðuending.

TOSHIBA
TOS-CL10WC105
**69.995**

### REPUBLIC OF GAMING BORÐTÖLVA



Sérhönnuð og hrikalega flott borðtölva úr ROG línunni frá Asus. Intel i5 örgjörvi og 2GB GDDR5 NVIDIA GeForce GTX 960M skjákort. Breytist í SteamOS tölvu með einum smelli.

ASUS
ASU-GR6R015R
**159.995**

### INTEL i3 256GB SSD



Ofurhröð og öflug 15,6" fartölva með Intel i3 örgjörva og sprækum 256GB SSD diski. Frábær kaup.

TOSHIBA
TOS-C55C1L3
**109.995**

### LOGITECH HÁTALARAKERFI
Logitech LOG-Z313
**8.995**

### 27" FULL HD FRÁ PHILIPS
PHILIPS
PHS-276E7QDSW
**54.995**

### RAZER DEATHADDER CHROMA
RAZER
RAZ-RZ01012 10100R3G1
**12.995**

### RAZER BLACKWIDOW CHROMA
RAZER
RAZ-RZ03012 20600R3N1
**37.995**

### RAZER KRAKEN 7.1 CHROMA
RAZER
RAZ-RZ0401250 100R3M1
**27.995**

### 10" ZENPAD MEÐ DOKKU
ASUS
ASU-ZD300CL1A019A
**89.995**

### ROG i7 LEIKJAFARTÖLVA
ASU-G551J WCN049H
**249.995**

### LOGITECH HD VEFMYNDAVÉL
Logitech
LOG-C270BK
**6.995**

### iPHONE 6S
iPhone 6S
APL-MKQJ2
**123.995**

### 8" ZENPAD MEÐ IPS
ASUS
ASU-Z380C1L046A
**49.995**

Netgíró

**Þú getur greitt jólainnkaupin hjá okkur 1. febrúar 2016 vaxtalaust með jólareikningi Netgíró.**
Kr. 195 tilkynningar- og greiðslugjald og 3,95% lántökugjald.

Netgíró

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





„Maður verður að taka í nefið, hugsa um börnin sín, gefa út plötur og mæta í viðtöl, segir tónlistarmaðurinn KK sem leitast við að einfalda líf sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Og svo brast ég bara í söng

Í lögum KK eru falin minningarbrot úr lífi hans. Margvísleg. Sum tengjast fögnuði og gleði önnur sorg og harmi.

Kristján Kristjánsson tónlistarmaður, kallaður KK, er nýbúinn að huga að trillu sinni, Æðruleysinu, eftir aftakaveður sem gekk yfir landið. Ekkert tjón varð og hann er því feginn.

Hann nýtur þess að sækja sjóinn, veiðir þorsk sem hann eldar sjálfur og gefur fjölskyldu og vinum aflann. Hann hlustar á náttúruna, vill lifa í sátt við hana. Og hann hlustar eftir einhverju meira eins og tónlistarmenn gera gjarnan og reynir að miðla því í tónlist sinni.

„Mér finnst stundum eins og ég tengist þungum straumi," segir hann um tónlistina.

Þessari sýn hans á lífið og tilveruna eru gerð skil í heimildarmynd Denna Karlssonar, Á Æðruleysinu. Með myndinni fylgir geisladiskur með átján lögum úr safni KK. Áður en geisladiskurinn kom út gróf KK upp minningar og sögur á bak við hvert laga sinna. Rithöfundurinn Árni Þórarinsson gerir þeim skil. KK var einnig tilbúinn að deila þeim með blaðamanni. Í engri sérstakri röð fá lögin að ryðjast fram. Minningarnar á bak við lögin eru honum sumar þungbærar en jafnframt dýrmætar en aðrar einkennast af gleði og jafnvel sterkum fögnuði. Eða ró. Eins og lagið sem útgáfan er nefnd eftir. Á æðruleysinu.

## Á æðruleysinu

*Dagur líður, nóttin færist nær*
*Blessuð sólin kyssir rauðan sæ*
*Ég sigli í höfn um leið og sólin sest*
*Úti á sjó er gott að vera en heima er best*
*Ég finn það fyrir rest*
*Það einfalda er best*

„Ég hef alltaf haldið að það séu allir að pæla í því sama og ég. Að við séum öll eins. En svo verður maður stundum svo hissa, hvað, er hann ekkert að pæla í þessu?

Ég hef oft verið að pæla í þessum andlegu málum og því að eitthvað meira sé en við sjáum hérna á jörðinni. Þótt ég skrifi ekki upp á einhver trúarbrögð. Ég veit ekkert hver æðri mátturinn er og hvort hann er. Ég er bara opinn fyrir þessu. Það eru einhverjir gúrúar búnir að vera á ferðinni. Sem vita meira heldur en aðrir. Þeir eru manneskjur sem geta íhugað og fundið fyrir einhverri tíðni sem við hin verðum ekki vör við. Eins og Jesús. Ég held hann hafi verið svona gúrú.

Tónlistin er nátengd allri þessari dulúð. Af því hvað er tónlist? Það eru engin orð sem lýsa henni. Tónlist hefur einhver áhrif á þig, hún getur grætt þig, glatt þig. Farið með þig í þvílíkan fögnuð. Það er eðlilegt fyrir tónlistarmenn að vera opnir fyrir einhverju meiru en við sjáum í kringum okkur. Eitthvað hefur þetta með einfaldleikann að gera líka. Þú sérð hvernig þessir gúrúar lifa. Láta hverjum degi nægja sína þjáningu. Lifa einföldu lífi og eru ekki að pæla í því að sanka að sér dóti. Maður hefur bara daginn í dag. Það er svo einfalt. Þegar þú nærð því að vita þetta, þá slakar þú algjörlega á.

Þú getur fengið sekúndubrot af þessu en svo hrífstu með umhverfinu í kringum þig. Eins og eðlilegt er.

Maður verður að taka í nefið, hugsa um börnin sín, gefa út plötu og mæta í viðtöl," segir hann og býður í nefið. „Þetta er boðskapur en maður verður að láta verkin tala. Í mínu tilfelli fer ég með bænir á hverjum degi, helst oft á dag. Þá tengi ég mig við þennan mátt sem ég held að sé til staðar."

Hvernig bænir ferðu með?

„Ég bið bara um að ég megi vera í vilja þessa æðri máttar. Parkera mínum eigin vilja sem er bara vesen og ná þessum einfaldleika."

## Álfablokkin

*Í álfablokkinni bjó*
*Lítil stúlka og mjó*
*Hún átti sér draum*
*Suður með sjó*
*Þar álfadrengurinn bjó*

„Þetta lag er um dóttur mína, hana Sóleyju. Hún er fædd 1978 og þetta lag er samið 1993. Sóley er frumburður okkar. Hún breytist í þetta óargadýr sem unglingur getur verið. Hún vill bara fara sínar eigin leiðir. Hún vill ekki lengur fara út með ruslið, taka til í herberginu sínu, ryksuga. En áður, þá var hún hvers manns hugljúfi og alltaf til í allt. Já, ég skal gera það!

Það var kominn einhver umskiptingur. Við vorum ekki vön þessu, þetta var fyrsti unglingurinn okkar. Þetta er um það. Þá bjuggum við í blokk í Álfheimunum. Svo kom hún heim með fyrsta kærastann, sem var úr Keflavík, suður með sjó.

Hann var í útvíðum buxum. Þær voru trosnaðar að neðan og svo dró hann lappirnar og umlaði þegar hann talaði. Ég sá bara mig í þessum unga manni, það var nú ekki gott því ég hugsaði þá bara um eitt. Það fyrsta sem mér datt í hug var bara, ég vil drepa hann! Svo var þetta bara allt í lagi," segir KK og hlær.

## Lucky one

*Standing by the window*
*Looking at the sea*
*Big ol' mountain talking to me*
*Says I am the lucky one*

„Þetta er fyrsta lagið sem ég slæ í gegn með á Íslandi. Ég hitti stundum krakka um þrítugt sem finnst þau orðin svo gömul, kannski bara rétt liðlega þrítug og þeim finnst þau ekki hafa gert neitt. Ég gaf út mína fyrstu plötu þrjátíu og fimm ára. „Þetta er ekki búið fyrr en þetta er búið," segi ég þá við þá.

Þetta lag verður til á fylleríi að sumri til. Ég er nýkominn til Íslands, er í svakalegum fögnuði yfir að vera kominn heim. Ég var búinn að vera hér í svona hálft ár og stend þarna í þessari gleði minn í Álafossúlpunni minni, ég er með sláturkepp í vasanum sem ég er að skera mér sneiðar af. Og svo brast ég bara í söng þarna í fögnuðinum og yfir fjallasýninni sem blasti við mér þegar ég stóð þarna á Klapparstígnum og horfði til hafs. Ég áttaði mig á hvers ég hafði saknað og hvað vantaði í líf mitt. Fjöllin og hafið. Fjöllin sem eru eins og stóri bróðir manns, verndari. Ég hafði dvalið um langa hríð í Svíþjóð. Við hjónin fórum út, það hafði ekki verið neitt plan, vorum að læra. Eignuðumst tvö börn, skildum, tókum saman aftur. Og allt í einu voru liðin þrettán ár þannig að þetta var kröftug tilfinning sem braust út í lagi þarna sem ég stóð.

Svo mánuði síðar er ég í stúdíói. Ég byrja að spila þetta lag, eitthvert riff og byrja að syngja þetta gleðivers mitt. Hafði ekki sungið þetta með gítar áður. Hafði ekki einu sinni pælt í því að gera lag úr því. Þeir byrja bara að renna inn í lagið með mér, þeir Sigtryggur Baldursson á trommunum og Þorleifur á bassanum. Þarna var lagið svo bara samið, æft og tekið upp, allt í einni töku. Mér finnst þetta svo fallegt lag því ég var ekki með neinar væntingar."
















# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Tær og einstakur hljómur með BANG & OLUFSEN.

B&O PLAY

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800



Nokkrum sinnum hefur eitthvað hent í lífi KK og hann sest niðurtil að semja lag til þess að finna tilfinningum sínum útrás.

## Grand Hótel

*Hávær þögn í myrkrinu*
*í huga mér.*
*Svart og hvítt eru litadýrð*
*sem dugar hér.*
*Tíminn frosinn, stendur kyrr.*
*Mér finnst ég hafi séð allt fyrr*
*á Grand Hótel*

„Þegar ég fluttist til Svíþjóðar þá flutti Pétur bróðir minn þangað líka. Þar úti bjó frændi okkar, Jónsi. Þetta lag er um hann.

Við vorum allir að drekka svolítið á þessum tíma og reykja líka. En Jónsi, hann fór lengra í neyslunni en við bræðurnir nokkurn tímann. Við Pétur fluttum heim til Íslands en Jónsi varð eftir.

Pétur fór í heimsókn til Svíþjóðar. Þegar hann kemur til baka þá segir hann mér frá þessari ferð og því hvernig komið er fyrir Jónsa. Ég grét hreinlega yfir fréttunum og þessu vonleysi, að geta ekkert gert fyrir hann. Pétur segir mér einnig frá því að hann hafi komið við á hóteli sem okkur þótti öllum gaman að heimsækja í Svíþjóð, Grand Hótel. Glæsilegt hótel þar sem er hátt til lofts. En einmitt þegar Pétur heimsækir Jónsa er verið að gera það upp, þar inni er allt í ryki og drasli vegna viðgerða. Það mynduðust einhver hughrif um ástandið á gamla Grand Hóteli og því hvernig var komið fyrir Jónsa. Þannig varð þetta lag til. Því Jónsi var líka svo glæsilegur og góður drengur.“

## I think of angels

*Gods speed to you angel*
*where ever you go*
*although you have left*
*I want you to know*
*My heart's full of sorrow*
*I wont let it show*
*I'll see you again*
*when it's my time to go.*

„Við fengum símtal um miðja nótt árið 1992 og fengum þær fréttir að Inger systir sem bjó í Bandaríkjunum hefði dáið í bílslysi. Ég og Ellen þurftum að fara til mömmu um nóttina og segja henni að Inger væri dáin. Það var erfitt. Hún mamma brotnaði niður við fréttirnar og svo fórum við út til Bandaríkjanna til að takast á við þetta. Ég tók aldrei út sorgina á þessum tíma. Var svolítið með allt á herðum mér.

Nokkrum mánuðum seinna voru haldnir stórir útgáfutónleikar fyrir Beina leið fyrir vestan. Ég var staddur uppi á lofti á Vagninum á Flateyri og fer að strömma þetta á gítarinn.

Ég næ bara sambandi og sit þarna með tárin og er að tala við Inger í fyrsta skipti eftir að hún dó. Allt í einu bankar sorgin upp á. Eftir allan þennan tíma. Rétt áður en ég á að fara inn á sviðið. Allir sýndu þessu skilning og ég fékk að jafna mig áður en ég fór á svið.

Ég gaf ekki út lagið fyrr en tveimur árum seinna og þá söng Ellen það. Það hefur síðan verið sungið margoft í jarðarförum og ég er svo ánægður með að lagið hennar Inger hafi orðið svo mörgum öðrum huggun.“

## Englar himins grétu í dag

*Englar himins flykktust að,*
*englar himins grétu í dag,*
*sorgin bjó sig heiman að.*

„Ég settist líka niður með gítarinn þegar flugslysið varð í Skerjafirði árið 2000. Sex ungmenni fórust og ég samdi það til að finna eigin tilfinningum útrás, ég fann til sorgar og sterkrar samkenndar.

Og ég veit að þetta fallega lag eins og lag Ingerar hefur hjálpað mörgum sem syrgja.

Þessir krakkar voru að koma af skemmtun, þetta eru krakkar sem eru á sama aldri og þú og krakkarnir mínir. Ég fann svo til með ástvinum þeirra. Ég tók upp gítarinn til að díla við þetta eins og ég hef kannski gert áður.“

### Aleinn í heimi

*Aleinn í heimi er,*
*Best að ég gleymi mér*
*Aleinn í heimi er, svarið er inni í mér*
*Ég leita langt yfir skammt*
*Inní mér býr svarið, samt*
*Finn ég ekki það sem ég leita að*

„Þetta er lag um hvað maður er vitlaus. Við upplifum okkur oft eins og við séum alein í heiminum en maður er aldrei aleinn. Þú ert allan tímann tengdur við jörðina, himininn er fyrir ofan þig og lífið allt í kring.

Indíánarnir áttuðu sig á þessu þegar þeir drápu buffalóana, þá sögðu þeir, fyrirgefðu buffaló, ég þarf að drepa þig, seinna meir munt þú borða mig þegar ég vex upp úr jörðinni. Ég geri það sama þegar ég fer á veiðar, segi fyrirgefðu þorskur bróðir minn, ég þarf að drepa þig og gera að þér. Seinna meir færðu að borða mig.

Það er svo margt sem er framandi fyrir okkur í þessum einstaklingshyggjuheimi. Einstein sagði: einn mesti misskilningur mannfólksins er að halda að við séum fleiri en einn. Þessu áttuðu þjóðir eins og indíánarnir sig á. “

## Þjóðvegur 66

*Þá bræður hörfa er herja vítisöfl*
*Til eru höfðingjar*
*Við Íslands bláu fjöll*
*Sem heldur vilja deyja*
*En lifa í þeirri smán*
*Að hafa ekki gefið*
*Sem þeir gátu verið án*

„Leikritið Þrúgur reiðinnar fjallaði um flóttamenn sem flúðu þurrka og fóru í vesturátt eftir þjóðvegi 66. Ég sé þjóðveg 66 í dag fyrir mér sem samnefnara yfir flóttafólkið sem flýr frá Sýrlandi, Afganistan og öllum þessu stríðshrjáðu svæðum.

Ég fann sterkt fyrir þessu fólki. Ég hafði svo sterka trú á þessum málum. Að hér væri göfugt fólk, höfðingjar með göfug hjörtu. Ég er bara alinn upp þannig. Maður verður svo hissa þegar maður kemst að því að það hugsa ekki allir svona. En ég er ekki viss um að það búi lengur ein þjóð í þessu landi. Við verðum að halda áfram að tala um þessi góðu gildi. Það er alltaf bergmál sem lifir löngu eftir að eitthvað gott og þarft er sagt.

Máttug orð, þau verður að segja eða syngja. Aftur og aftur. Þetta er eins og að slá á streng, titringurinn hefur áhrif á aðra strengi, það heyrist ómur af þeim með.“

### Bráðum vetur

*Ég hefði getað verið*
*Miklu betri en ég var*
*Ég hefði getað verið sem mér bar*
*En ég var bara ungur*
*Og vissi ekki betur*
*Og nú er komið haust, bráðum vetur*
*„Miðað við allt sem þú veist í dag, myndir þú vilja nota það fyrr í tíma?*

Hugsaðu þér að vera þroskuð og fara aftur og vera fimmtán ára. Og njóta þess að vera þessi góða manneskja sem þú ert í dag með allan þennan þroska. Myndir þú gera það? Sleppa því að gera mistök og gera eitthvað gott í staðinn? Það má velta þessu fyrir sér. Ég er á því að það sé ferðalagið sem skiptir máli. Að fara veginn.“

**INDÍÁNARNIR ÁTTUÐU SIG Á ÞESSU ÞEGAR ÞEIR DRÁPU BUFFALÓANA, ÞÁ SÖGÐU ÞEIR, FYRIRGEFÐU BUFFALÓ, ÉG ÞARF AÐ DREPA ÞIG, SEINNA MEIR MUNT ÞÚ BORÐA MIG ÞEGAR ÉG VEX UPP ÚR JÖRÐINNI. ÉG GERI ÞAÐ SAMA ÞEGAR ÉG FER Á VEIÐAR.**


Stefán Máni
eins og hann gerist bestur!

★★★★★
„Fléttan er afspyrnuvel byggð upp [...] ferlega góður spennulestur“
Auður Haralds, Virkir dagar á RÚV

★★★★
„Óhugnanlega vel skrifuð, vel fléttuð og spennandi saga.“
Brynhildur Björnsdóttir í Fréttablaðinu






sögur útgáfa

# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

Shadow Class 5 Ford F150
Vnr.949188
**16.999kr.**






City Service Fleet, 3 teg.
Vnr.949182
**5.499kr.**



Flash Rides 12 teg.
Vnr.924346
**1.479kr.**




Off-Road Truck 1:18, 3 teg.
Vnr.949187
**7.999kr.**



Slökkvibíll:Rush & Rescue 35cm.6 teg.
Vnr.924352
**6.899kr.**




CAT Mini Machine, 5 teg.
Vnr.949173
**499kr.**

TILBOÐ
**3.999kr**
Fullt verð 4.999kr.



**ÞEGAR ÞÚ TALAR ÞÁ HERMA ÞEIR EFTIR ÞÉR OG HLAUPA UM**

## ALLIR KEEL BANGSAR Á 20% AFSLÆTTI

**20%** AFSLÁTTUR




**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Mikilvægt að taka slaginn

Þriðja bók **Bryndísar Björgvinsdóttir** er nýkomin út, en unglingsárin eru henni hugleikin en líka hvers kyns sögur og barátta fyrir flóttafólk. Hún segir áhugavert að sjá hvernig sögur endurspegla sálarlíf fólks og hjálpi okkur að skilja heiminn og náungann.



Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Bókina Leitin að tilgangi unglingsins skrifaði ég í samstarfi við tvo unglinga, þá Arnór Björnsson og Óla Gunnar Gunnarsson. Þeir skrifuðu leikritið Unglingurinn sem sýnt var í Gaflaraleikhúsinu. Ég sá sýninguna og hafði samband í kjölfarið, spurði hvenær unglingabókin þeirra kæmi út. Ég bjóst bara við því að þeir væru að vinna að bók þar sem þeir hafa svo mikinn sköpunarkraft og gjörsamlega sturlað ímyndunarafl,“ segir Bryndís Björgvinsdóttir, rithöfundur og þjóðfræðingur, um nýjustu bók sína, en þeir Arnór og Óli voru aðeins 15 og 16 ára gamlir þegar bókin var skrifuð.

**Gjöfult samstarf**

Í ljós koma að Arnór og Óli höfðu ekki einu sinni leitt hugann að því að skrifa bók. „Samstarfið hófst snemma í vor og það fyrsta sem þeir sögðu var að þeir væru báðir með athyglisbrest og læsu lítið – en á sama tíma vildu þeir vinna nýtt verk um unglinga frá grunni. Ég fékk smá sjokk en engu að síður rættist úr samstarfinu og í raun er þetta eitt magnaðasta samstarf sem ég hef verið í,“ segir Bryndís en bókin var unnin á óvenjulegan hátt.

„Þeir mættu aldrei með tölvurnar sínar. Þeir stóðu helst úti á gólfi og spunnu á meðan ég skrifaði. Því má segja að bókin sé unnin með bæði verkfærum leikhússins og hefðbundinna ritstarfa. Frásögnin sjálf er reyndar óvenjuleg líka, en sagan fjallar um þá Arnór og Óla að skrifa sögu. Um leið og þetta er skáldsaga um unglinga þá er bókin líka eins konar fræðslurit um unglingsárin og skapandi skrif. Arnór og Óli stíga reglulega inn í söguna, ræða um hana, það sem er að gerast og ákveða næstu skref. Þeir sem lesa hana fá því innsýn í uppbyggingu sagna og hvað þarf að hafa í huga til þess að búa til sögu. Svo má líka segja að sagan sjálf sé með athyglisbrest, en hún á að höfða bæði til þeirra sem lesa lítið og mikið.

Sjálf er ég kennari og hef mikinn áhuga á skapandi skrifum og lestri – ég vil helst glæða áhuga unglinga á lestri og skrifum. Fá þá til að sjá að texti getur verið skapandi, gefandi, fyndinn og spennandi,“ segir Bryndís sem er kennari við Listaháskóla Íslands.

**Unglingsárin heillandi**

Bryndís hefur áður skrifað bækurnar Flugan sem stöðvaði stríðið og Hafnfirðingabrandarinn.

„Þetta eru allt ólíkar bækur. Flugan er ævintýri og fjallar um stríð og frið. Ég hafði sjálf miklar áhyggjur af stríðum sem barn – og hef reyndar enn. Börn fylgjast með fréttum og fjölmiðlum og botna ekkert í því hvernig fullorðið fólk getur hagað sér. Oft í algjörri andstöðu við þau gildi og hugsjónir sem við höldum að börnum.

Hafnfirðingabrandarinn er hins vegar miklu lágstemmdari og hversdagslegri saga en engu að síður getur hversdagurinn verið mjög furðulegur og skrítinn. Manneskjan sjálf er svo flókin og samskipti við annað fólk eru það einnig.

Í Leitinni að tilgangi unglingsins erum við svo meira að leika okkur með bókarformið og mismunandi textaform, en sú bók er alveg á mörkum þess að vera bók, kvikmynd, leikrit eða jafnvel uppistand. Sem dæmi má nefna þá er einn söngleikjakafli í bókinni, fræðslukafli um tungutak unglinga og kreditlisti aftast.“

Bryndísi finnst unglingsárin vera heillandi viðfangsefni. „Á Íslandi er alltaf þörf á nýjum barna- og unglingabókum, sem endurspegla nærsamfélagið og fjalla um það. Það er mikilvægt að sýna börnum og unglingum hvernig má bregða á leik með tungumálið og sjá hversdagsmenninguna okkar og nánasta

➡


Veldu
aðeins
það
besta
HEAD
FISCHER
Útivist í jólapakkann
Mammut höfuðljós
verð frá 3.995,-
Mikið úrval af húfum
frá Mammut og Ziener
verð frá 3.595,-
Primus hitabrúsar
verð frá 4.995,-
Mammut dúnúlpur
verð frá 34.995,-
Komperdell göngustafir
verð frá 6.995,-
Mikið úrval af list og hokkískautum
verð frá 11.995,-
Mammut göngubuxur
verð frá 22.995,-
Mammut bakpokar
verð frá 18.995,-
Broddar á mynd kr. 7.995
Nortec hálkubroddar
verð frá 2.995,-
Mammut flíspeysur
verð frá 24.995,-
Tilboð á gönguskóm
fram að jólum
EVEREST
MAMMUT
OR OUTDOOR RESEARCH
ziener
made by pros
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Hvers kyns sögur eru Bryndísi hugleiknar og henni finnst áhugavert að skoða hverju þær koma á framfæri.

umhverfi frá mismunandi sjónarhornum. Persónulega finnst mér unglingsárin spennandi þar sem unglingurinn stendur á mörkum þess að vera barn og fullorðinn. Þá er auðvelt að velta upp alls konar spurningum um lífið, samfélagið og sjálfsímyndina.

Nú á dögum tala líka margir um sig sem eilífðarunglinga. Í raun er unglingurinn svolítið tákn fyrir samtímamanninn sem er alltaf að ganga í gegnum breytingar. Við erum aldrei á þeim stað í lífinu að allt er fast undir fótum okkar. Mín kynslóð hefur til dæmis þurft að læra að taka miklum breytingum og aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Það er sjaldgæft að fólk vinni sömu vinnuna til lengri tíma – fái það þá fasta vinnu yfirhöfuð – eða búi á sama staðnum. Einu sinni hélt maður að lífið væri komið á fastan stað um þrítugt en núna er maður að reka sig á að það eru alltaf einhverjar krossgötur fram undan," segir hún hugsi.

### Sögur spegla sálarlíf fólks

Bryndís lærði sagnfræði og þjóðfræði í Háskóla Íslands. Hún hefur nýtt sér menntunina í störfum sínum og segir gagnlegt að blanda fræðunum saman við skapandi skrif. Fólk eigi að vera óhræddara við fræðin því þau séu líka gefandi eins og listin. „Skólaganga mín kann að virðast sundurleit en í rauninni er þetta allt það sama – áhugi á sögum. Ég færði mig úr mannkynssögunni yfir í þjóðfræðina þar sem við vorum meira að pæla í sögunum í hversdagsmenningunni – bröndurum, flökkusögnum og þjóðsögnum. Þaðan færði ég mig yfir í ritlistina þar sem maður nær að þenja sig enn þá meira út. Þá má allt í einu fara að flétta þessu öllu saman með eigin aðferðum, drama og húmor."

Hvers kyns sögur eru Bryndísi mjög hugleiknar. „Ég hef áhuga á að skoða hverju sögur koma á framfæri – og hvernig þær hjálpa okkur til að skilja heiminn og náungann betur. Fólk er stanslaust að segja sögur og í raun finnst mér áhugavert að spyrja það hvað sé satt og logið þegar kemur að sögum. Þegar það kemur að drauga- og álfasögum þá er til að mynda gagnslaust að spyrja hvort álfar eða draugar séu til eða ekki. Áhugaverðara er að skoða hvað slíkar sögur segja um heimsmynd okkar og sjálfsímynd. Um ótta okkar, vonir og drauma. Sögurnar endurspegla sálarlíf mannsins og upplifun hans af heiminum. Einhver þjóðfræðingurinn hefur líklegast hamrað þetta inn í höfuðið á mér, að þegar svona fyrirbæri eru skoðuð er spurningin „hvernig?" mun frjórri og áhugaverðari en spurningin „hvort?"."

### Útlit álfanna þróast

Núna vinnur Bryndís að þáttunum Reimleikar ásamt Rakel Garðarsdóttur sem sýndir verða á RÚV á næsta ári. „Þættirnir fjalla um reimleika í sinni víðustu mynd. Reimleikarnir eru ekki bara utan við okkur heldur líka inni í okkur. Tengingin þarna á milli er mjög sterk," segir Bryndís og bendir á að áhugi fólks á því yfirnáttúrulega sé tilkominn vegna þess að sumt er ofar okkar skilningi og enn hefur ekki öllum spurningum okkar verið svarað.

„Við höldum stanslaust áfram að leita svara og reynum að finna tengingar til að geta kortlagt bæði okkar eigið sálarlíf og heiminn fyrir utan okkur. Þessi leit getur birst okkur í draugasögum, álfasögum, skáldskap eða stríðsátökum eða hverju sem er. Það sem mér finnst svo dásamlegt en um leið hryllilegt við manneskjuna eru öll þessi fyrirbæri sem hún hefur búið til í kringum sig vegna þess að hún þolir enga óvissu. Hún á svo auðvelt með að óttast og reynir því stanslaust að finna útskýringar á öllu."

> PERSÓNULEGA FINNST MÉR UNGLINGSÁRIN SPENNANDI ÞAR SEM UNGLINGURINN STENDUR Á MÖRKUM ÞESS AÐ VERA BARN OG FULLORÐINN. ÞÁ ER AUÐVELT AÐ VELTA UPP ALLS KONAR SPURNINGUM UM LÍFIÐ, SAMFÉLAGIÐ OG SJÁLFSÍMYNDINA.

Bryndís segist ekki halda að Íslendingar trúi frekar á yfirnáttúruleg fyrirbæri en aðrir því að í öllum samfélögum megi finna einhvers konar hjátrú. „Draugatrú er til dæmis mjög sterk í Bretlandi og geimverurnar eru vinsælar í Bandaríkjunum en hvort tveggja draugar og geimverur geta komið í staðinn fyrir álfa- eða tröllatrú Íslendinga. Þetta er í raun sama trúin þó að birtingarmyndin sé ekki alveg eins. Þetta er trú á að annars konar líf þrífist í heiminum sem er ekki undirorpið sömu skilyrðum og okkar líf – eins og dauðanum og hefðbundnum gangi tímans. Allar þessar verur birta okkur tilvist handan lífs og dauða mannsins og standa um leið fyrir einhvers konar tímaflakk eða tímaleysi."

Bryndís segir að gaman sé að skoða hvernig útlit þessara vera breytist með breyttum tíðaranda og alþjóðavæðingu. „Íslensk þjóðtrú verður alltaf fyrir áhrifum annars staðar frá – og hefur alltaf gert. Álfarnir sem fólk verður vart við á Íslandi í dag eru talsvert ólíkir þeim álfum sem lýst er í þjóðsögum gamla sveitasamfélagsins. Nú verður fólk til dæmis meira vart við blómálfa en blómálfar eru mjög ólíkir hinum hávöxnu spengilegu álfum þjóðsagnanna. Ásýnd breytist og draugarnir eru orðnir „ameríkaníseraðri" eða jafnvel japanskari – enda hafa japanskar hryllingsmyndir verið frekar vinsælar. Sumir myndu segja að það sé af því að þessi fyrirbæri eru ekkert annað en endurspeglun á okkur sjálfum. Okkur sem erum líka að breytast og verða fyrir áhrifum af því sem við neytum og njótum," segir hún.

### Finnst umræðan hafa batnað

Bryndís vakti mikla athygli á dögunum þegar hún stofnaði Facebookhópinn Kæra Eygló – Sýrland kallar. Þar buðust þúsundir Íslendinga til að aðstoða flóttamenn fengju þeir að koma til landsins. Fjölmargir stórir erlendir fjölmiðlar fjölluðu um framtakið.

„Ég ákvað að taka slaginn því mér sýndist hann geta haft góð áhrif á umræðuna og vonandi á líf einhverra. Mér finnst umræðan hafa batnað en á sama tíma þá er ég líka hrædd um að þetta verkefni hafi orðið að eins konar „jákvæðri" ímyndarsköpun sem ekki er innistæða fyrir. Erlendu fjölmiðlarnir lofuðu Íslendinga fyrir góðmennskuna en á sama tíma höfum við tekið á móti skammarlega fáum flóttamönnum og hælisleitendum í gegnum tíðina eða um það bil 600 manns síðan árið 1956.

Við verðum að fara að sjá stórar raunverulegar breytingar, bæði hvað varðar hvað við samþykkjum marga flóttamenn og hælisleitendur en líka varðandi viðbragðsflýti og ábyrgð. Það gengur ekki lengur að kerfið sé svona stirt og fráhrindandi. Það þarf að endurskoða þessa ferla og minnka flækjustig," segir hún.

### Sama fordómatuggan

Viðbrögðin við hópnum komu Bryndísi á óvart. „Í ljós kom að margir þarna úti vildu gera betur í þessum málum. Þessar raddir hafa kannski ekki heyrst því á netinu er umræðan oft neikvæð enda er auðvelt að vera neikvæður. Það tekur alltaf meiri tíma og elju að ætla að útskýra, byggja upp og hugsa í lausnum. Maður þarf að leggja sig meira fram við slíkt, en um leið og það var kominn rammi fyrir fólk til að tjá sig á slíkum nótum létu viðbrögðin ekki á sér standa."

Þrátt fyrir að umræðan um flóttamenn virðist oft vera á neikvæðum nótum þá segist Bryndís ekki halda að það sé mjög stór hópur sem sé á móti hingaðkomu flóttamanna en hann kunni þó að vera háværari.

„Mér finnst það koma betur og betur í ljós að þeir sem eru neikvæðir út í flóttafólk og hælisleitendur óttast breytingar. Ég hef aldrei heyrt neitt frumlegt eða nýtt úr þeim ranni," segir hún.

Mörgum hefur fundist umræðan um flóttafólk hafa harðnað og orðið fordómafyllri eftir hryðjuverkaárásirnar í París. Bryndís er ekki sammála því. „Mér finnst hún ekki hafa fallið í þá gryfju að verða fordómafull þótt auðvitað séu þeir sem voru óttaslegnir hræddir áfram. Það eru flestir orðnir það upplýstir í dag að þeir vita að þeir sem framkvæmdu hroðaverkin í París eru sömu mennirnir og sýrlensku flóttamennirnir eru að flýja frá. Maður sér strax að það er hugsunarvilla að halda því fram, að það sé sama fólkið sem er að flýja og er að leggja Sýrland í rúst."

Baráttan er ekki búin og segist Bryndís vonast til þess að breytingar verði gerðar til frambúðar á því hvernig sé tekið á móti flóttafólki. „Það er líka mikilvægt að halda áfram að breyta umræðunni og hafa hugfast að við þurfum hvert á öðru að halda. „Flóttafólk er mannauður. Íslendingar eru svo gjarnir á að hugsa bara um erlent fólk sem vinnuafl – fólk sem eigi að vinna vinnu sem Íslendingar vilja ekki sinna því annars séu þeir að „taka" eitthvað frá okkur. Það sem vantar á Íslandi er að hér séu töluð fleiri tungumál, hér sé víðari þekking og breiðari samræða. Það eru margir sem óttast fjölmenningu en á sama tíma viljum við fara til erlendra stórborga og njóta fjölmenningarsamfélaga þar.

Annar punktur í þessu er sá að svona lítur framtíðin út – hvort sem fólk vill sætta sig við það strax eða ekki. Og þá er spurningin: hvernig ætlum við að gera þetta vel? Ætlum við að vera klár? Enn og aftur er spurningin ekki „hvort" heldur „hvernig". Og þá er ágætt að hafa það í huga að við getum öll orðið flóttamenn, Íslendingar líka, til dæmis vegna náttúruhamfara. Hver einasti samfélagshópur í heiminum á á hættu að umbreytast í flóttafólk."



## Leitin að tilgangi unglingsins

Bókina skrifaði Bryndís í samstarfi við þá Arnór Björnsson og Óla Gunnar Gunnarsson. Hugmyndin að því að skrifa bókina kviknaði hjá Bryndísi eftir að hafa séð sýningu þeirra félaga, Unglinginn, sem sýnd var fyrir fullu húsi í Gaflaraleikhúsinu og var tilnefnd til Grímuverðlaunanna. Í bókinni er rýnt í sálarlíf unglinga og segir Bryndís bókina vera óvenjulega að mörgu leyti. Bókin er ætluð unglingum, öllum sem þekkja unglinga, öllum sem hafa séð unglinga og öllum sem hafa áhuga á undarlegri hegðun unglingsins, ástinni, nýjustu trendum, handaböndum og öllu því sem skiptir máli; sorgum og sigrum.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**Ævi og örlög Grýlu**
**Grýluhátíð verður haldin í Ráðhúsinu í dag. Þar verður farið yfir ævi, ástir og örlög Grýlu.**
BLS. 10











# GAMAN AÐ KIPPA FÓLKI ÚR JAFNVÆGI

**Á HRAÐRI UPPLEIÐ**
*Tónlistarmaðurinn Sturla Atlas stökk fram á sjónarsviðið í sumar ásamt félögum sínum í 101 Boys. Desember verður annasamur í tónleikahaldi og svo stefnir hann á útskrift í vor.*

**VAKTI MIKLA ATHYGLI**
„Það skapaðist dáldið „hæp“ þegar við settum fyrsta lagið á netið, sem var Houses in the Hills,“ segir tónlistarmaðurinn Sturla Atlas.

MYND/ANTON BRINK




# Afmælis afsláttur

Verslunin er 3ja ára og af því tilefni veitum við 20% afslátt af allri vöru í 3 daga:

fimmtudag, föstudag og laugardag (10 – 12. desember).

Einnig verðum við með glæsilegt tilboð á peysum, buxum og ýmsu öðru.

Og við ætlum að gefa þrjú 15.000 kr. gjafabréf.

Nýtt kortatímabil hefst fimmtudag 10. desember.

Hlökkum til að sjá ykkur og landsbyggðardömur munið, við póstsendum.

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið virku dagana kl. 11 – 18 og laugardag kl. 11 – 16

Skoðið myndir á facebook af tilboðsvöru.



REYKT BLEIKJUPATÉ & SJÁVARÉTTAPATÉ

Árstíðabundnar vörur sem hafa slegið í gegn




Tilvalið í veisluna eða á hlaðborðið.

Fást í öllum helstu matvöruverslunum og í fiskborði stórmarkaðanna.




**ÁREKSTUR KYNSLÓÐA** „Ég held að fólki hafi fundist erfitt að geta ekki skilgreint hvað við værum að gera. Þetta var kannski smá kynslóðaárekstur eða menningarárekstur, sem er frekar fyndið," segir Sturla Atlas. MYND/ANTON

Tónlistarmaðurinn Sturla Atlas stökk fram á sjónarsviðið í sumar og hristi rækilega upp í íslensku rapp- og hipphoppsenunni. Hálfu ári síðar er hann búinn að senda frá sér halasnælduna (e. mixtape) Love Hurts, sem inniheldur 11 lög, og plötuna These Days en báðir gripirnir hafa vakið mikla athygli.

Sturla Atlas, sem heitir réttu nafni Sigurbjartur Sturla Atlason, er 23 ára og ættaður úr miðbæ Reykjavíkur. Hann er ekki sólólistamaður þótt nafnið gefi annað til kynna heldur semur hann efnið og kemur fram ásamt félögum sínum í 101 Boys. Meðal þeirra eru Jóhann Kristófer Stefánsson, Arnar Ingi Ingason og Logi Pedro Stefánsson sem iðulega er kenndur við Retro Stefson en hann sér einnig um upptökur og hljóðblöndun. „Ég, Jóhann og Logi syngjum og röppum en Arnar Ingi og Logi vinna tónlistina. Margir aðrir koma að verkefninu, t.d. Kjartan Hreinsson, sem sér um mikið af sjónrænni hönnun hópsins. Hann ljósmyndar og skrásetur flest allt sem við gerum. Hægt er að fylgjast með honum á Instagram undir nafninu @k_tanman og á ktanman.tumblr.com."

### ALLTAF KRINGUM TÓNLIST

Sturla Atlas gekk í Austurbæjarskóla og síðar Menntaskólann við Hamrahlíð. Núna er hann á síðasta ári í leikaranámi við Listaháskóla Íslands. „Síðustu vikur hef ég aðallega verið í skólanum að búa til og sýna leiksýningu með bekknum mínum ásamt Ragnari Bragasyni, kennara okkar. Ég hef þó alltaf verið mikið í kringum tónlist þótt ég hafi ekki alltaf verið að búa hana til. Móðir mín er þverflautuleikari, ég æfði á gítar og trommur þegar ég var yngri og svo var ég bæði í rapp- og rokkhljómsveitum þangað til ég varð 14 ára. Allir sem voru í þessum hljómsveitum á sínum tíma eru núna að vinna í 101 Boys kollektívinu sem fæst við tónlist og ýmsa aðra sköpun."

### KÝLDUM Á ÞETTA

Aðdragandinn að Love Hurts var skammur að sögn Sturlu. „Við kýldum eiginlega bara á Love Hurts sem kom út í júní. Við gerðum hana á einum mánuði, ritskoðuðum okkur ekki mikið, heldur keyrðum bara áfram og gerðum eins mikið og við gátum. Það var mjög gaman að vinna þessi lög og á tímabili gerðum við fátt annað en að vera í stúdíóinu allan daginn og fram á kvöld og fórum síðan út á nóttunni. Þegar vinnan við These Days hófst þá vönduðum við okkur meira, unnum hvert og eitt lag lengur og leyfðum hugmyndum að meltast betur. Þar að auki var These Days aðeins stærri pakki að því leyti að við gerðum líka fatalínu í samstarfi við Sigurð Oddsson og gáfum út tímarit með Kjartani Hreinssyni."

Love Hurts og These Days voru eingöngu gefnar út á rafrænu formi og hægt er að hlusta á þær og hlaða niður ókeypis á www.sturlaatlas.com.

### MARGIR TÖLDU ÞETTA GRÍN

Góðar viðtökur í sumar og haust komu honum svolítið í opna skjöldu. „Við bjuggumst allavegana ekki við þessu þegar við vorum að byrja. Það skapaðist dáldið „hæp" þegar við settum fyrsta lagið á netið, sem var Houses in the Hills. Annars var mjög eftirminnilegur dagur þegar fyrsta myndbandið kom á netið en það var við lagið Over Here. Það var ákveðinn hápunktur."

Á mjög skömmum tíma vakti Sturla Atlas mikla athygli. „Þegar við gáfum út Over Here fannst mér eins og sumir áttuðu sig ekki á hvað væri í gangi. Margir héldu að við værum að grínast eða að framkvæma einhvern gjörning. Ég held að fólki hafi fundist erfitt að geta ekki skilgreint hvað við værum að gera. Þetta var kannski smá kynslóðaárekstur eða menningarárekstur, sem er frekar fyndið. Það er gaman að kippa fólki smá úr jafnvægi."

### NOTA HELST TWITTER

Eins og með aðra tónlistarmenn, sérstaklega ef yngri kynslóðinni, skipta samfélagsmiðlarnir öllu máli fyrir markaðssetningu tónlistarinnar. „Þeir skipta reyndar öllu máli fyrir flesta listamenn eða skemmtikrafta í dag. Við notum aðallega Twitter til að koma hlutum á framfæri og höfum gert það síðan Sturla Atlas byrjaði. Síðan er öll tónlistin okkar á Spotify og hægt að skoða fatalínuna okkar og tímaritið á www.sturlaatlas.com."

### STEFNIR Á ÚTSKRIFT

Næstu mánuðir verða annasamir hjá tónlistarmanninum og leiklistarnemanum. „Næstu helgi kem ég fram á risatónleikum með GusGus, Úlfi Úlfi og Gísla Pálma. Á Þorláksmessu verðum við með pop-up búð í Maclandi á Laugaveginum. Við munum selja föt og varning og höldum líka tónleika. Síðan spilum við á Síðasta Sjens í Iðnó 30. desember ásamt Retro Stefson og Reykjavíkurdætrum sem verður veisla. Annars er ég að fara á síðustu önnina mína í LHÍ þannig ég mun vera mikið í skólanum næsta hálfa árið. Vanalega þegar það er minna að gera hjá mér í skólanum þá finnum við tíma til að taka törn í stúdíóinu þannig við munum örugglega bara halda því vinnulagi áfram í vetur."

*Nánari upplýsingar um Sturlu Atlas má finna á www.sturlaatlas.com, á Twitter (@sturlaatlas) og á Facebook. Á YouTube-rásinni Sturla Atlas má einnig skoða myndböndin hans.*

starri@365.is

## WAGNER AFMÆLISHÁTÍÐ

Richard Wagner félagið á Íslandi á 20 ára afmæli á þessu ári. Afmælisdagskrá félagsins hófst 7. nóvember með árshátíð á Hótel Holti en í dag, laugardag, verður haldið áfram upp á afmælið í Norræna húsinu.

Dagskráin hefst kl. 13 og er aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Þar mun Selma Guðmundsdóttir, formaður félagsins, flytja erindið Tuttugu ár með Ríkharði þar sem farið verður yfir stofnun Wagner-félagsins, áherslur í starfi þess og helstu viðburði. Árni Blandon heldur fyrirlesturinn Tristan og Ísold. Listin að elska – vináttan og tryggðin. Loks verður fluttur fyrsti þáttur óperunnar Tristan og Ísold í uppfærslu leikstjórans Patrice Chéreau frá La Scala í Mílanó.

Richard Wagner félagið var stofnað í kjölfar eftirminnilegrar uppfærslu Listahátíðar á styttri útgáfu Niflungahrings Wagners í Þjóðleikhúsinu 1994 en sýningin vakti mikla athygli langt út fyrir landsteinana. Félagið var stofnað að fyrirmynd sams konar félaga víðs vegar í heiminum sem saman mynda Alþjóðasamtök Wagner-félaga.

Nánari upplýsingar á Facebook undir Richard Wagner félagið á Íslandi.







## LÉTT OG HOLLT Í DESEMBER

● **Einfalt í desember**

Oft eru miklar annir hjá fólki í desember. Þá er gott að útbúa einfaldan kvöldmat sem tekur stuttan tíma að útbúa. Hér er hugmynd að slíkum rétti. Mexíkósk tortilla með rifnum kjúklingi með hoisin-sósu og ananas. Fyrir þá sem hafa mjög lítinn tíma er best að kaupa eldaðan heilan kjúkling og rífa hann niður. Þetta er léttur og hollur kvöldverður.

**ÞAÐ SEM ÞARF Í SÓSUNA:**

1 dl hoisin-sósa
1 msk. fiskisósa (asísk)
1 msk. sojasósa
2 tsk. sesamolía
1 tsk. rifin engiferrót
1 hvítlauksrif
1 tsk. mjög fínt skorinn chili-pipar
1 msk. ferskur kóríander
2 msk. grófhakkaðar hnetur
1 msk. límónusafi
¼ dl vatn

Blandið öllu vel saman og látið helst standa í smá stund.
Rifið kjúklinginn niður og blandið saman við sósuna.
Steikið tortillur á þurri pönnu á meðalhita. Þegar þær bólgna upp er þeim snúið við.
Setjið kjúkling, ananas, agúrkubita, sellerí, ferska myntu og kóríander á hverja köku og rúllið upp eins og pönnuköku. Meðlæti getur auðvitað verið hvað sem er eftir smekk hvers og eins.




# METSÖLULISTI
## Bókabúðar Máls og menningar

1. **Þrettán dagar til jóla** – Brian Pilkington
2. **Stóri skjálfti** – Auður Jónsdóttir
3. **Eitthvað á stærð við alheiminn** – Jón Kalman Stefánsson
4. **Sorcerer's Screed** – Skuggi
5. **Geirmundar saga heljarskinns** – Bergsveinn Birgisson
6. **Endurkoman** – Ólafur Jóhann Ólafsson
7. **Gráspörvar og ígulker** – Sjón
8. **Jólasveinarnir 13** – Brian Pilkington
9. **Mamma klikk** – Gunnar Helgason
10. **Stormviðvörun** – Kristín Svava Tómasdóttir

4. - 10. des 2015

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18





**LÍF OG FJÖR** Leikskóla- og skólahópum er boðið að koma og skoða sýninguna. Inga byrjar á því að sýna þeim kirkjuna og fer svo með þeim upp á aðra hæð en sýningunni hefur verið komið fyrir fyrir aftan orgelið. MYNDIR/STEFÁN

# HALLGRÍMUR LITLI Á HVERGI BETUR HEIMA

**JÓLASÝNING** *Sýningin Jólin hans Hallgríms var nýverið opnuð í Hallgrímskirkju. Hún byggir á samnefndri bók Steinunnar Jóhannesdóttur og myndum Önnu Cynthiu Leplar og fjallar um jólin þegar Hallgrímur Pétursson var lítill strákur. Sýningin var jólasýning Þjóðminjasafnsins í fyrra.*

Barnabókin Jólin hans Hallgríms eftir Steinunni Jóhannesdóttur kom út fyrir jólin í fyrra en hún segir frá jólum Hallgríms Péturssonar og systkina hans í Gröf á Höfðaströnd fyrir um 400 árum. Jólasýning Þjóðminjasafnsins í fyrra var byggð á henni. Þar voru stækkaðar myndir úr bókinni, hljóðbrot og eftirgerðir af innanstokksmunum og leikföngum frá fyrri tíð sem börnin máttu snerta og leika sér með.

„Nýlega kom upp sú hugmynd að fá þessa sýningu lánaða hjá Þjóðminjasafninu því hvar á Hallgrímur litli betur heima en í sinni heimakirkju?“ segir Inga Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju. „Því var afar vel tekið og við höfum átt yndislegt samstarf við Þjóðminjasafnið. Við ákváðum að prófa að setja sýninguna upp fyrir aftan orgelið á annarri hæð kirkjunnar en það er rými sem okkur hefur lengi langað til að nýta betur. Við fórum svo í að aðlaga sýninguna rýminu og hefur að mínu mati tekist vel til. Ferðamennirnir streyma upp að skoða og svo höfum við boðið leikskóla- og skólahópum að koma í heimsókn og fræðast um jólin til forna.

Inga tekur á móti hópunum. „Við byrjum yfirleitt á því að labba einn hring um kirkjuna og förum svo upp að skoða sýninguna. Ég segi þeim styttri útgáfu af söguninni með áherslu á jólin og svo fá þau að leika sér og skoða leikföng fyrri tíma. Ef tími gefst til geta þau líka föndrað stjörnu.“

Inga vonast til að hægt verði að endurtaka sýninguna á næsta ári. „Það er þó ekki búið að taka ákvörðun um það en mér finnst hún hvergi eiga betur heima. Þeir erlendu ferðamenn sem hingað koma sýna henni líka áhuga. Við erum með upplýsingatexta á ensku en það væri gaman að bæta frekari þýðingum úr bókinni við.“



**HEIMAKIRKJAN** „Við fengum þá hugmynd að fá sýninguna lánaða hjá Þjóðminjasafninu enda á Hallgrímur hvergi betur heima en í sinni heimakirkju,“ segir Inga.




**JÓLIN TIL FORNA** Á sýningunni eru stækkaðar myndir úr bókinni Jólin hans Hallgríms og eftirgerðir af innanstokksmunum og leikföngum frá fyrri tíð.



**LEIKFÖNGIN ÁÐUR FYRR** Börnin geta leikið sér með leggi og skeljar og nútímaútgáfu af gamla gripahúsinu í Betlehem.

# Hollur hátíðarmatur
# Íslenskur kalkúnn




## Heslihnetu- og sveppafylling að hætti Reykjabúsins

- 150 g smjör
- 350 g nýir sveppir, niðursneiddir
- 200 g laukur, smátt saxaður
- 1 stilkur sellerí, smátt saxaður
- 1/2 búnt steinselja, smátt söxuð eða 2 msk þurrkuð
- 3-4 msk þurrkuð salvía frá Pottagöldrum
- 300 g skinka, smátt söxuð
- 100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
- 150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
- 2 stór egg
- 2 dl rjómi
- 1/2 tsk salt
- 1 tsk ferskmalaður pipar

Bræðið smjör í stórum potti og látið sveppi og grænmeti ásamt steinselju, salvíu og skinku krauma í því í 10 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega. Hrærið þá eggjum og rjóma saman við og kryddið með salti og pipar. Má laga daginn áður og geyma í ísskáp þar til fylla á fuglinn.

### Verði ykkur að góðu

*Nonni og Stína*

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

### Holda kalkúnn frá Reykjabúinu fæst í flestum verslunum

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

**kalkunn.is**

**Holda**
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

ATARNA



**JÓLADRYKKUR** Eggjapúns með rjóma á vel við á aðventunni.

# KALT EGGJAPÚNS MEÐ RJÓMA

*Aðventan kallar á eitthvað gott. Hvernig væri nú að hvíla jólaglöggið og skella í svalandi eggjapúns?*

**3 egg léttþeytt**
**1/3 bolli sykur**
**Klípa af salti**
**2½ bolli mjólk**
**1 tsk. vanilluextrakt**
**1 bolli rjómi**
**2 msk. flórsykur**
**½ tsk. vanilluextrakt**
**½ bolli romm**
**Klípa af múskati**

1. skref: Setjið egg, sykur og salt í pott og hrærið mjólkina smám saman út í. Látið malla í 10 til 15 mínútur yfir meðalhita eða þar til blandan sest utan á stálskeið. Hrærið stöðugt í. Takið þá af hitanum og hrærið 1 tsk. af vanilluextrakti út í. Setjið pottinn yfir ísvatn þar til blandan kólnar og kælið svo í ísskáp.
2. skref: Hellið rjóma í kalda skál ásamt flórsykri og ½ tsk. af vanilluextrakti. Þeytið. Hrærið rommið saman við. Blandið svo þeytta rjómanum varlega saman við kalda eggjablönduna, stráið múskati yfir og berið fram strax.

*Allrecipes.com*

# ELSKAR AÐ DANSA VIÐ KONUNA

**TÓNLEIKAR OG SMÁKÖKUÁT** *Samúel Jón Samúelsson ver helginni við tónleikahald og með fjölskyldunni. Hann á von á að borða of mikið af smákökum og þakkar fyrir að tilheyra hópi sem hefur það hvað best.*

Helgin verður annasöm hjá hljóðfæraleikaranum Samúel Jóni Samúelssyni enda spilar hann á sex jólatónleikum Baggalúts. Tvennir tónleikar voru í gærkvöld, tvennir verða í kvöld og tvennir annað kvöld. Sammi gaf sér þó tíma til að setjast niður og svara nokkrum spurningum um hvernig hann ver helgunum sínum, bæði draumahelgum og þeim raunverulegu.



**VINNUR UM HELGAR** Samúel spilar á sex tónleikum með Baggalúti þessa helgi. Öðrum tíma ætlar hann að verja með fjölskyldunni. MYND/STEFÁN

**HVER ER ÓSKAMORGUNMATURINN UM HELGAR?**
Það er acai-drykkur eins og maður getur fengið á öllum helstu djúsbörum Ríó de Janeiro. Acai eru lítil svört ber sem vaxa á Amasonsvæðinu og eru sögð búa yfir töframætti.

**HVER ER YFIRLEITT HELGARMORGUNMATURINN?**
Hafragrautur er oftast morgunmatur. En eftir mikla vinnutörn eða eftir stóra tónleika finnst mér æðislegt að spæla egg og steikja beikon og fá mér góðan djús.

**ÞEGAR ÞÚ FERÐ ÚT AÐ SKEMMTA ÞÉR HVAÐ FINNST ÞÉR SKEMMTILEGAST AÐ GERA?**
Númer eitt, tvö og þrjú er góð tónlist og góður félagsskapur. Ég er svo heppinn að hljómsveitin mín inniheldur hvort tveggja og því finnst mér eiginlega skemmtilegast að spila með henni. Svo elska ég að dansa við konuna mína.

**SEFUR ÞÚ ÚT UM HELGAR?**
Helgar eru oftast vinnudagar hjá mér og því vakna ég oft snemma en ég hef nýtt mér mánudaga sem mína sunnudaga og sef stundum aðeins lengur þá. Annars leyfi ég mér að sofa ef ég þarf og get.

**UPPÁHALDSHELGARMATURINN?**
Lambið sem konan mín eldar á franska vísu.

**HVAR ER BEST AÐ BORÐA HANN?**
Heima er best.

**VAKIR ÞÚ FRAMEFTIR?**
Sólarhringurinn minn er síbreytilegur. Oft vinn ég frameftir en það kemur líka fyrir að ég gleymi mér í einhverju grúski og átta mig ekki á hvað tímanum líður fyrr en undir morgun.

**EF ÞÚ FERÐ ÚT AÐ DANSA HVERT FERÐU ÞÁ?**
Ég fer í Kramhúsið og dansa afró.

**HVERNIG ER DRAUMAHELGIN?**
Vakna heima, fer í tímavélina og fæ mér morgunmat í Ríó, löns í París, fer í plötubúðagrúsk í London og New York, afrótíma í Conakry, held tónleika með bandinu mínu, dansa við ástina mína, leik við strákinn minn, fæ mér djúsí steik, grillaðan street foodkjúlla. Helgin endar svo á second line gleðigöngu í New Orleans.

**EF ÞÚ ERT NÆTURHRAFN FÆRÐU ÞÉR EITTHVAÐ Í GOGGINN Á KVÖLDIN? HVAÐ ÞÁ?**
Það er nú oft bara það sem er í ísskápnum. Mér finnst nauðsynlegt að elda ríflega og eiga afganga til að grípa í.

**ERTU MEÐ NAMMIDAG? HVAÐA NAMMI FÆRÐU ÞÉR?**
Allir dagar eru nammidagar. Lífið er of stutt fyrir annað. En ég reyni stundum að taka nammilaus tímabil inn á milli.

**HVAR ER BEST AÐ EYÐA LAUGARDAGSEFTIRMIÐDEGI?**
Í göngutúr með fjölskyldunni, þar sem maður uppgötvar nýja hluti og endurnærist á sál og líkama.

**MEÐ HVERJUM ER BEST AÐ HANGA UM HELGAR?**
Konunni minni og syni okkar.

**HVAÐ VERÐUR Í SUNNUDAGSKAFFINU?**
Hugsanlega verður búið að baka eina, tvær sortir og þá mun ég sjálfsagt borða of mikið af smákökum.

**STENDUR EITTHVAÐ SÉRSTAKT TIL UM ÞESSA HELGI?**
Sex tónleikar með Baggalúti. Eyða afgangstímanum heima með fjölskyldu.

**HVAÐ ER ANNARS AÐ FRÉTTA?**
Allt gott. Ég er svo heppinn að tilheyra þeim tíu prósentum jarðarbúa sem hafa það hvað best. Er frjáls maður, á þak yfir höfuðið, rúm til að sofa í, mat, hreint vatn og aðgang að heilbrigðisþjónustu og menntakerfi, frjálsum fjölmiðlum og bý við trú-, skoðana- og hugsanafrelsi. Það er ekki sjálfgefið.

Frón
kemur við sögu á hverjum jólum




Nældu þér í nýbakaðar jólapiparkökur frá Frón í næstu verslun - tilbúnar til að skreyta

www.fronkex.is

# BETRI AF BLÖÐRUBÓLGUNNI

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur fengið endurteknar þvagfærasýkingar en er nú betri eftir að hún fór að taka Bio-Kult Pro Cyan.*

Þvagfærasýking er algengt vandamál og mun algengari hjá konum en körlum, og er helsta ástæða þess að styttri leið er upp í þvagrás kvenna. Algengt er að sýkingin sé af völdum E. colibakteríunnar.

Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfærasýkingu fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfærasýkingu einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir er ein þeirra. „Ég hef verið með króníska blöðrubólgu í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig. Læknarnir vildu setja mig á sýklalyfjakúr í tólf mánuði en ég var ekki alveg tilbúin til þess. Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum. Ég fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn blöðrubólgunni. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag, eða þegar ég fann að ég fékk einkenni, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst.“

**TRYGGIR HEILBRIGÐA ÞVAGRÁS**

Orsakir þvagfærasýkingar eru nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkenni sýkingarinnar eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur af þvaginu. Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar. Þau drepa ekki bakteríuna heldur skolast hún út með þvaginu.

Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk A-vítamíns og vinveittu gerlanna er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegri bakteríuflóru í þörmum og einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

**Icecare styrkir Ljósið**

**Í desember renna 100 krónur af hverjum seldum pakka af Bio-Kult – öllum tegundum – til Ljóssins, stuðningsmiðstöðvar krabbameinsgreindra.**






**VIRKAR VEL** Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfærasýkingar. MYND/GVA

# SVEFNTRUFLANIR ÚR SÖGUNNI

*Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. Hún mælir eindregið með Melissa Dream fyrir alla þá sem eiga erfitt með að slaka á og festa svefn. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri, kannski vegna hræðslu við að verða háð þeim. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkrum mánuðum ráðlagði góð vinkona mín mér að prófa Melissa Dream og verð ég að viðurkenna að það hentar mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Lísa. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

**ÞAKKLÁTAR FYRIR MELISSA DREAM**

Unnur Stephensen hefur einnig góða reynslu af notkun Melissa Dream og telur sig heppna að hafa uppgötvað það. „Þannig var að ég þurfti að vinna úr ákveðinni reynslu, sem var sársaukafull. Ég missti föður minn fyrir nokkrum árum og missti mömmu mína fyrir ári, þessi elska fékk Alzheimer og var á Skjóli í nokkur ár. Þegar mér leið sem verst fékk ég skrifað upp á svefntöflur frá lækni. Ég tók þær í nokkurn tíma og fannst þær hreint hræðilegar fyrir mig, ég var eins og vofa á daginn þannig að ég hætti að taka þær inn,“ lýsir Unnur. Hún fór svo að nota Melissa Dream og telur það sannarlega hafa breytt miklu hjá sér og er innilega þakklát fyrir það.

Guðlaug Narfadóttir hefur notað Melissa Dream í nokkra mánuði og segir það virka vel. „Ég sef vel og vakna hressari á morgnana, jafnvel áður en vekjaraklukkan hringir. Ég hef verið mjög slæm af fótapirringi en hann hefur lagast eftir inntöku á Melissa Dream,“ segir Guðlaug.

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.




# LÆKNIRINN MÆLTI MEÐ BIO-KULT

*Margréti Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original samkvæmt ráðleggingum læknis og mælir hún heilshugar með því.*

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það inn. „Ég hef alla tíð átt í vandræðum með meltinguna, það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða að ég held engu niðri. Árið 2012 veiktist ég mjög, hélt engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir sem hægt var að senda mig í, til dæmis ristil- og magaspeglun, ísótóparannsókn og alls konar myndatökur. Ég fékk reyndar gallsteina líka á þessu tímabili og þurfti að fara í aðgerð við því og svo var skjaldkirtillinn orðinn vanvirkur,“ lýsir Margrét.

Hún segir að sér finnist erfitt að þurfa að segja frá því að hún hafi þurft að skipta um meltingarsérfræðing en það hafi hún þurft að gera vegna þess að hún hafi ekki fengið neina lausn sinna vandamála hjá þeim fyrsta. „Hann rannsakaði mig vissulega vel en ég fékk enga lausn nema þá að ég væri með ofvirkan ristil. Ég reyndi ítrekað að fá hann til að leiðbeina mér um mataræði og hvort hann vissi um eitthvað sem gæti hjálpað mér, en hann skrifaði bara upp á hægðalosandi og hægðastemmandi töflur. Ég skipti því um meltingarsérfræðing og hann ráðlagði mér að taka Bio-Kult Original til að koma meltingunni í jafnvægi. Það hefur bjargað mér algjörlega og ég er allt önnur núna. Ég tek eitt hylki af Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum,“ segir Margrét ánægð í bragði.



**FÉKK LAUSN** Margrét Fanney fékk lausn við áralöngum meltingarvandamálum þegar hún fór að taka inn Bio-Kult Original.

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.




**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** **Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare

# ÞJÓÐLEG STEMNING Á AÐVENTU

**FJÖLSKYLDUGAMAN** *Árbæjarsafnið stendur fyrir jóladagskrá sunnudagana fram að jólum. Þá geta ungir sem aldnir rölt á milli húsa og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga.*

Við tókum á móti sex hundruð gestum síðastliðinn sunnudag og reynslan hefur sýnt okkur að gestum fjölgar þessar helgar fram að jólum,“ segir Guðrún Helga Stefánsdóttir, kynningarstjóri Árbæjarsafnsins, en hún býst við að gestir geti, þegar mest er, orðið rúmlega þúsund.

„Það er orðinn fastur liður hjá mörgum fjölskyldum að heimsækja okkur á aðventunni. Ekki síst eru ömmur og afar dugleg að koma með barnabörnin enda geta þau sjálf greint frá eigin reynslu af jólunum í gamla daga,“ segir Guðrún.

Ýmislegt skemmtilegt er í boði. Í Árbænum sitja fullorðnir og börn með vasahnífa og skera út laufabrauð en uppi á baðstofulofti verður spunnið og prjónað. Þar verður jólatré einnig vafið lyngi.

„Í Kornhúsinu fá börn og fullorðnir að föndra, búa til músastiga, jólapoka og sitthvað fleira sem þykir mjög skemmtilegt,“ segir Guðrún. Í Hábæ verður hangikjöt í potti og gestum boðið að bragða á nýsoðnu keti. Í Nýlendu verður hægt að fylgjast með tréútskurði og í Miðhúsum verður hægt að fá prentaða jólakveðju. Í hesthúsinu frá Garðastræti er sýnt hvernig fólk bjó til tólgarkerti og kóngakerti í gamla daga. Jólahald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7.

„Svo er Krambúðin að sjálfsögðu opin og þar er til sölu kóngabrjóstsykur sem mér skilst að sé annars ófáanlegur,“ segir Guðrún og mælir einnig með að fólk setjist inn í Dillonshús og gæði sér á heitu kakói.

Hrekkjóttir jólasveinar leika stórt hlutverk í jólagleðinni þar sem þeir gægjast á glugga og dansa í kringum jólatréð á torginu.

**SUNNUDAGINN 13. DESEMBER KL 13 TIL 17**

14.00 Guðsþjónusta í safnkirkjunni.
13.30 og 14.30 Hugljúfir jólatónleikar í Lækjargötu með dúettinum Stjörnubjart.
15.00 Jólatrésskemmtun á torginu.
14.00-16.00 Jólasveinar, þessir gömlu íslensku, verða á vappi um safnsvæðið.

**SUNNUDAGINN 20. DESEMBER KL. 13 TIL 17**

14.00 Guðsþjónusta í safnkirkjunni.
14.30 Jólatónleikar með Huga Jónssyni og Kára Allonssyni í safnkirkjunni.
15.00 Jólatrésskemmtun á torginu.
14.00-16.00 Jólasveinar verða á vappi um safnsvæðið.

Aðgangseyrir er 1.400 kr. fyrir fullorðna en ókeypis er fyrir börn 18 ára og yngri, ellilífeyrisþega (70+) og öryrkja.



**JÓLATRÉ** Einn af hápunktum jóladagskrár Árbæjarsafns er þegar dansað er í kringum jólatréð.






**PÖNKARI** Snjókarlarnir eru af ýmsum toga.

# SNJÓKARLAKEPPNI Í BREIÐHOLTI

Íbúasamtökin Betra Breiðholt standa nú fyrir skemmtilegri snjókarlakeppni á Facebook. „Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt sem ekki kostaði peninga,“ segir Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir hjá íbúasamtökunum. „Við viljum leggja áherslu á að finna skemmtileg og mannleg verkefni sem eru öllum sýnileg. Snjókarlarnir eru einmitt þannig, fjölskyldur sameinast um að byggja þá og aðrir íbúar fá að njóta þeirra á göngu sinni um hverfið,“ segir Dýrunn.

Keppnin fer þannig fram að fólk býr til snjókarl, -konu eða -barn, tekur mynd og límir inn á viðburðinn. Fígúran sem fær flest „like“ vinnur, en í boði eru ýmsir vinningar frá matvöruverslunum og bakaríum í hverfinu.

„Viðbrögðin hafa verið góð, þó hefur veðrið aðeins verið að stríða fólki, snjórinn ýmist verið of þurr eða blautur og svo fauk hann allur í burtu í óveðrinu um daginn,“ segir Dýrunn glettin en fólk getur þó enn tekið þátt og er skilafrestur til 18. desember.




**ÁFRAM LEIKNIR** Ískaldur stuðningsmaður Leiknis.

SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á visir.is

SÝSLUMENN

# Mannauðsstjóri

*Um síðustu áramót tóku gildi ný umdæmamörk sýslumannsembætta, þegar umdæmum sýslumannsembætta var fækkað úr 24 í 9.*

*Sveitarfélög í umdæmi Sýslumannsins á höfðuðborgarsvæðinu eru Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.*

*Málaflokkar embættisins eru einkum: Þinglýsingar, leyfi, uppboð, fjárnám og aðrar aðfaragerðir, fjölskyldumál, ættleiðingar, lögráðamál og dánarbú, giftingar, ökuskírteini og vegabréf.*

*Hjá embætti Sýslumannsins á höfðuborgarsvæðinu starfa um 100 manns.*

*Nánari upplýsingar um embættið má finna á heimasíðu þess **www.syslumenn.is***

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til starfa mannauðsstjóra. Um nýtt starf er að ræða. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem tekur þátt í að móta það. Staðan heyrir undir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu. Mannauðsstjóri tekur þátt í almennri stefnumótun embættisins og hefur umsjón með mannauðsmálum. Mannauðsstjóri veitir stjórnendum stuðning, leggur til sérþekkingu og ferla til að styðja við mannauðsstefnu embættisins.

## Helstu verkefni

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málefnum
- Ábyrgð á launavinnslu í samráði við sýslumann og sviðsstjóra Fjármála- og þjónustusviðs
- Mat á mannaflaþörf og umsjón með ráðningum, móttöku nýliða og þjálfun starfsmanna
- Umsjón með fræðslu- og starfsþróunarmálum
- Ábyrgð á gerð starfslýsinga og starfssamninga
- Þátttaka í mótun og framkvæmd kjaramála
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni s.s. með starfsmannasamtölum og viðhaldi starfsmannahandbókar

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða skyldra greina
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar er æskileg s.s. í gerð ráðningarsamninga, starfslýsinga og handbóka
- Þekking á kjarasamingum og reynsla af túlkun þeirra
- Reynsla af fræðslu- og starfsþróunarmálum er æskileg
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Mjög góð kunnátta í íslensku og önnur tungumálakunnátta kemur að gagni
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg

Í samræmi við jafnréttisstefnu embættisins eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um.

***Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.***

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# LAGERSTARF

ÁLFABORG

Álfaborg í Skútuvogi óskar eftir að ráða lagerstarfsmann sem fyrst.

Í starfinu felst móttaka, tiltekt og afgreiðsla pantana, útkeyrsla á vörum og annað sem tilheyrir lagerstarfi. Vinnutími er virka daga frá klukkan 9:00-18:00 og annan hvern laugardag samkvæmt vaktaplani (september til maí frá kl. 10:00-14:00).

Leitað er að ábyrgum og traustum aðila, sem er með góða samskiptahæfni, skipulagshæfileika og jákvætt viðmót.
Kostur ef viðkomandi er með meirapróf og/eða lyftarapróf.

Viðkomandi þarf að hefja störf fljótlega.

ráðum ráðningarstofa

Upplýsingar eingöngu veittar á www.radum.is

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Dagvinna – fjölbreytt verkefni – þjálfun – sveigjanlegur vinnutími

Vegna aukinna verkefna vantar okkur fleiri þjónustulipra sölufulltrúa í dagteymið okkar.

25 ára+ og fólk með reynslu gengur fyrir.

**Upplýsingar í s. 647 4700 og dagvinna@simstodin.is**

símstöðin

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN
SJÁLFSTÆTT RANNSÓKNA- OG FRÆÐASETUR

Við leitum að bókasafns- og upplýsingafræðingi í 75% starf frá janúar 2016. Starfið er tímabundið til eins árs.

Starfið er fjölbreytt og felst í umsjón með Bókasafni Dagsbrúnar ásamt vefstjórn vefsíðu ReykjavíkurAkademíunnar og kynningu á viðburðum stofnunarinnar.
Leitað er einstaklings með kunnáttu í vefumsjón og áhuga á framtíðarþróun bókasafna.
Upplýsingar veitir Sesselja G. Magnúsdóttir framkvæmdastjóri í síma 5628565, sesselja@akademia.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2015




**Vegna aukinnar framleiðslu fyrirtækisins óskum við eftir að ráða starfsmann í sölu- og markaðssetningu á laxi.**

### Starfssvið:

- Sala og markaðssetning
- Samskipti við viðskiptavini og reikningagerð
- Samstarf við söluteymi
- Eftirfylgni við sölu auk annarra starfa, m.a. tollafgreiðsla
- Innkaup og skipulag vöruflutninga

### Hæfniskröfur:

- Viðskipta- og markaðsfræði eða menntun tengd sjávarútvegi
- Reynsla tengd sjávarútvegi er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til 21. desember 2015.**

**Umsóknir sendist á Kristínu Helgadóttur starfsmannastjóra á *umsoknir@fjardalax.is***

Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framleitt umhverfisvænan lax í kynslóðaskiptu eldi.

Kynslóðaskipt eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjörðurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturefni eða aflúsunarefni við eldið.

Fjarðalax hefur hlotið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum.

Umhverfisvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.







FJARÐALAX

Fjarðalax ehf.
Grandagarði 14
101 Reykjavík

www.fjardalax.is

## Ert þú að leita að starfi við bókhald?

### Vilt þú vinna á góðum vinnustað ?

**Bókhald og þjónusta auglýsir eftir bókara.**

Bókhald og þjónusta er bókhaldstofa við Borgartún í Reykjavík. Við sjáum um bókhald, VSK-skil, launavinnslur, ársreikningagerð og skattskil fyrir allar stærðir fyrirtækja

**Starfið felst í:**
- Færslu bókhalds
- Afstemmingum .
- VSK uppgjöri.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla við færslu bókhalds og afstemmingar.
Góð kunnátta á excel og DK eða annað bókhaldskerfi.

Upplýsingar ekki veittar í síma en áhugasömum er bent á að senda ferilskrá á netfangið starf@ibokhald.is fyrir 17. desember nk.

**Bókhald og þjónusta**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða deildarstjóra tölvudeildar

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða til starfa í tölvudeild sveitarfélagsins deildarstjóra sem jafnframt er reynd tæknimanneskja. Tölvudeild ber ábyrgð á rekstri og uppbyggingu tölvukerfa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið rekur einnig sitt eigið ljósleiðarakerfi og veitir notendum sínum þjónustu ofan á það. Íbúar í sveitarfélaginu eru 8.200 og starfsmenn um 700 talsins. Skráðir notendur í tölvukerfi Árborgar eru um 2.500 talsins og er rekstur tölvukerfis umfangsmikill.

**Starfssvið:**
- Dagleg stjórnun tölvudeildar
- Þátttaka í daglegum kerfisrekstri
- Yfirumsjón og þróun upplýsingatæknimála með þarfir notenda í huga
- Áætlanagerð, verkefnastjórnun og innkaupastýring
- Öryggis- og gæðamál
- Ábyrgð á þjónustusamningum
- Samskipti við hagsmunaaðila

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á eftirfarandi:
  - Rekstri upplýsingakerfa í Microsoft umhverfi og Hyper-V sýndarumhverfi.
  - Útstöðvarekstri
  - Rekstri viðamikilla netkerfa
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulipurð
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.
Upplýsingar veitir Ásta Stefánsdóttir, asta@arborg.is.
**Umsóknum skal skila eigi síðar en 20. desember n.k.**
á netfangið umsokn@arborg.is.

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# Launafulltrúi

olís

**Olíuverzlun Íslands óskar eftir að ráða drífandi og áhugasaman einstakling í starf launafulltrúa.**
**Um er að ræða krefjandi starf innan starfsmannasviðs fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**
- Færsla launabókhalds og útreikningar launa
- Ábyrgð og umsjón með almennum launakeyrslum
- Verkefni við tímaskráningu
- Önnur tilfallandi verkefni innan deildarinnar

**Hæfniskröfur:**
- Góð starfsreynsla af launavinnslu skilyrði
- Reynsla og þekking á H-launakerfi eða sambærilegu launakerfi
- Reynsla af notkun tímaskráningarkerfa
- Nákvæmni og samviskusemi í starfi sem og tölugleggni
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og geta til þess að vinna undir álagi

Olís er rótgróið fyrirtæki sem var stofnaði árið 1927. Hjá fyrirtækinu er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. desember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

MAK
MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR

# Framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar ses.

**Menningarfélag Akureyrar ses. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í 100% starf.** Menningarfélag Akureyrar ses. annast rekstur Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Menningarhússins Hofs.

**Helstu verkefni: M.a.**
- Umsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri félagsins
- Umsjón með stefnumótun og eftirfylgni hennar
- Yfirumsjón rekstrar- og fjárhagsáætlana og eftirfylgni þeirra
- Umsjón með starfsmannastjórnun, ráðningum og mannaforráð
- Yfirumsjón með öllu bókhaldi, afstemmingum og uppgjörum
- Leiðir teymisvinnu með sviðsstjórum og vinnur áætlanir í samráði við þá
- Gætir hagsmuna félagsins út á við og er fulltrúi þess í nefndum og ráðum eins og þurfa þykir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Haldgóð reynsla af rekstri, stjórnun og starfsmannahaldi
- Góð þekking og áhugi á menningarstarfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent

capacent

# Gleruppsetningar

**17474**
**Glerverksmiðjan Samverk ehf. óskar eftir að ráða tvo starfsmenn í gleruppsetningar.**
Í starfinu felst að fara í nýbyggingar og eldra húsnæði í máltökur og glerísetningar.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi eða úr byggingageiranum
- Ökuréttindi
- Iðnmenntun kostur
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framtakssemi og lausnamiðuð hugsun

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00-17:00
en á föstudögum frá kl. 8:00-12:00.

Vinnustaður er Samverk Víkurhvarfi 6, 203 Kópavogi.

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

vinna.is
S: 511 1144

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS

**RÁÐGJÖF**
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Dalabyggð
Auðarskóli

Auðarskóli í Búðardal er samrekinn skóli með fjórar deildir; leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og mötuneyti. Einkunnarorð Auðarskóla eru: Ábyrgð – Ánægja – Árangur.

Í Dalabyggð er metnaðarfullt framsækið skólastarf þar sem lögð er áhersla á vellíðan nemenda, öruggt umhverfi og góðar aðstæður til náms.

Nánari upplýsingar um Auðarskóla er að finna á vefsíðunni **www.audarskoli.is**

# Skólastjóri

Staða skólastjóra við Auðarskóla í Búðardal er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

**Markmið og verkefni**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri skólans
- Fagleg forysta skólastofnunarinnar
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Ráðningar og mannauðsstjórnun

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Kennaramenntun á grunnskóla- og/eða leikskólastigi er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og kennslufræða æskileg
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum skilyrði
- Reynsla og þekking á rekstri tónlistarskóla æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Frumkvæði, metnaður, samskiptahæfni og leiðtogahæfileikar

**Upplýsingar veita:**

Sveinn Pálsson, s. 430 4700
sveitarstjori@dalir.is

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

annata + xRMSoftware

# Viltu ganga til liðs við framúrskarandi hóp?

Annata og xRM Software sameina krafta sína um áramótin og leita að öflugu fólki í sínar raðir til að mæta aukinni eftirspurn bæði hérlendis sem og erlendis. Við leitum af árangursdrifnum og sjálfstæðum einstaklingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem nýtist við:

**#1**
**Ráðgjöf í Dynamics AX**
Við leitum að þeim sem hafa reynslu af ráðgjöf eða notkun á viðskiptahugbúnaði hvort sem um er ræða Dynamics AX, Dynamics NAV, SAP eða annan algengan viðskiptahugbúnað.

**#2**
**Forritun í Dynamics AX**
Forritarar með reynslu af C# og .NET, X++, C/AL eða ABAP hefðu gaman að því að vera hluti af stórum hópi forritara sem vinna við innleiðingar og vöruþróun.

**#3**
**Ráðgjöf í Dynamics CRM**
Við höfum áhuga á öflugum einstaklingum í ráðgjöf og greiningu í tengslum við CRM, verkefnastjórn, notendakennslu og stillingar í notendaviðmóti.

**#4**
**Forritun í Dynamics CRM**
Við sækjumst eftir reyndum forriturum í hönnun og forritun framlínulausna, vöruþróun eigin lausna, stillingar og aðlaganir í CRM og samþættingu við önnur kerfi.

Skoðaðu ítarlegar starfslýsingar á **annata.is/careers**. Umsóknir skulu sendar á netfangið starf@annata.is fyrir 31. desember n.k.
**Fullum trúnaði er heitið.**

*Við erum alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í öllum heimsálfum. Erum vottaður samstarfsaðili Microsoft með endursöluaðila í fleiri en 40 löndum umhverfis heiminn. Nánari upplýsingar á heimasíðum félagana.*

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015
The strongest in Iceland 2014
Microsoft Partner Gold
Microsoft Dynamics

# Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

Embætti forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem starfar á grundvelli laga nr. 83/2003, með síðari breytingum, er laust til umsóknar. Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar í embættið til fimm ára frá 1. janúar 2016.

**Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er m.a. að annast eftirfarandi:**

1. Greiningu barna og ungmenna með alvarlegar þroskaraskanir sem er vísað til athugunar að lokinni frumgreiningu.
2. Ráðgjöf og fræðslu til einstaklingsins, foreldra eða annarra aðstandenda og þjónustuaðila varðandi viðeigandi meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á.
3. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi njóti þar þeirrar þjónustu sem þörf er á hverju sinni.
4. Langtímaeftirfylgd vegna þeirra einstaklinga sem búa við óvenju flóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir.
5. Faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, t.d. varðandi uppbyggingu og starfrækslu greiningar- og ráðgjafarþjónustu, menntun og þjálfun starfsfólks, sérhæfðan tækjabúnað og aðgengi fatlaðra, kannanir á högum og þörfum fatlaðra, umsögn um þjónustu og vistun.
6. Þróun, rannsóknir og fræðslu og þátttöku í alþjóðastarfi á sviði stofnunarinnar.

- Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana og þroskaraskana.
- Jafnframt er mikilvægt að viðkomandi hafi leiðtogahæfileika, þekkingu og reynslu á sviði stjórnunar og stefnumótunar.
- Sömuleiðis er æskilegt að hann hafi þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu.
- Einnig þarf viðkomandi að búa yfir færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu öðru Norðurlandamáli.
- Auk þess þarf viðkomandi að sýna lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Upplýsingar veita:

Bolli Þór Bollason,
skrifstofustjóri skrifstofu félagsþjónustu,
bolli.thor.bollason@vel.is

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um embættið.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2016.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



# Hugbúnaðarhönnuður, verkefnastjóri

## Hugsar þú í lausnum?

Hefur þú brennandi áhuga á að létta fólki störfin með þróun á réttu hugbúnaðarlausninni? Við leitum að jákvæðum og hugmyndaríkum félaga í teymi sérfræðinga hjá Upplýsingatækni Orkuveitu Reykjavíkur. Helstu verkefni eru stýring innri hugbúnaðarverkefna frá greiningu á þörfum til afhendingar lausna sem styðja við vinnuferli og markmið OR samstæðunnar.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@or.is**. Þú sækir um á ráðningavef OR, **starf.or.is**, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. desember 2015.**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

OR Orkuveita Reykjavíkur

**Orkuveita Reykjavíkur** • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • **www.or.is**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 15-2801

SAMSKIP



## > Tæknimaður í notendaþjónustu

Við leitum að öflugum tæknimanni með framúrskarandi þjónustulund og mjög góða þekkingu á tölvuumhverfi notenda. Starf tæknimanns felur í sér alhliða tölvuþjónustu við starfsmenn Samskipa um allan heim.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð þekking í Microsoft stýrikerfum og notendahugbúnaði
- Góð þekking á netkerfum
- Mjög góð færni í ensku og íslensku

**Æskilegir eiginleikar**
- Góðir samskiptahæfileikar, rík þjónustulund og jákvætt hugarfar
- Góð greiningar- og ályktunarhæfni
- Skipulagshæfileikar, sveigjanleiki, drifkraftur og frumkvæði
- Brennandi áhugi á tölvum og tækni og metnaður til að viðhalda þekkingunni

**Umsóknarfrestur er til og með 18. desember nk.**

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu okkar, **www.samskip.is**

Við fögnum öllum umsækjendum og hvetjum konur sem karla til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Ægir Pálsson forstöðumaður tölvudeildar gegnum netfangið aegir.palsson@samskip.com

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SIA / NM72470

# ERT ÞÚ STJÓRNANDI?

**Vegna aukinna umsvifa leitar Krónan að fleiri góðum stjórnendum í hóp öflugra verslunarstjóra.**

**Starfssvið:**
- Innkaup og sala
- Stjórnun starfsfólks í versluninni
- Ábyrgð á ráðningum og tímaskráningum
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun
- Ábyrgð á útliti verslunar
- Umsjón og framkvæmd vikutilboða
- Samskipti við birgja
- Samþykkt reikninga
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í viðskiptafræði eða verslunarstjórnun er kostur
- Reynsla af matvörumarkaði er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

**Sótt er um starfið á www.kronan.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2015**

Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri Guðríður H. Baldursdóttir: **gudridur@festi.is**

KRÓNAN – óskar eftir þér!

**Eyfar ehf**

## Skipstjóri

**Skipstjóra vantar á hríseyjarferjuna Sævar. Æskilegt væri að umsækjandi væri einnig með 750 kw vélstjóraréttindi.**

**Umsóknir eða fyrirspurnir skulu sendar á eyfangehf@simnet.is**

# Laust starf

## Aðstoðarmaður sviðsstjóra byggingarfulltrúi

Umhverfissvið annast umsýslu veitna, gatnakerfis, fasteigna- og byggingarmála Seltjarnarnessbæjar.

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða öflugan, drífandi og metnaðarfullan einstakling á umhverfissvið bæjarins. Starfið heyrir undir sviðsstjóra umhverfissviðs. Um er að ræða fullt starf.

Leitað er af kröftugum og metnaðarfullum starfsmanni sem vill takast á við krefjandi verkefni af fagmennsku og jákvæðni með samhentum hópi lífsglaðra einstaklinga. Æskilegt er að viðkomandi sé vanur framkvæmdum og hafi þekkingu, reynslu og áhuga á veitu-, umhverfis-, og byggingarmálum sem og framkvæmd opinberrar stjórnsýslu.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum bæjarins
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Viðhald og umsjón með teiknigrunni bæjarins
- Umsjón með m.a. umhverfismálum, veitum og byggingarmálum, í samráði við sviðsstjóra
- Kemur að verklegum útboðum og gerð samninga í samráði við sviðsstjóra
- Kemur að verkefnastjórn í samráði við sviðsstjóra
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af sviðsstjóra umhverfissviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í byggingartæknifræði, byggingarfræði eða byggingarverkfræði
- Þarf að uppfylla skilyrði til löggildingar sem hönnuður skv. 25. og 26. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Æskileg þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu
- Löggilding skv. lögum nr. 8/1996
- Góð tölvukunnátta, m.a. í teikniforritum, excel og word
- Æskileg þekking og reynsla af stjórnun og framkvæmdum
- Æskileg þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlunum
- Þekking og áhugi á umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum æskilegur
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Starfsmaður er hluti af teymi umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar. Starfsmenn sviðsins eru tólf. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gísli Hermannsson, sviðsstjóri, í síma 822-9113/5959-100.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2015.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðum umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Sækja þarf um starfið á ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar á www.seltjarnarnes.is.

Seltjarnarnesbær www. seltjarnarnes. is

## Metnaðarfullur bókari.

Öflugt innflutningsfyrirtæki óskar eftir að ráða metnaðarfullan bókara til starfa á skrifstofu félagsins.
Viðkomandi leysir jafnframt af í tollskjalagerð.

Áskilin er góð kunnátta og reynsla í færslu bókhalds.
Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu í gerð tollskýrslna og verðútreikninga. Æskilegt starfshlutfall er 70%

**Umsóknafrestur til 28. des.**
**Umsóknir skal senda á atvinna@ttsi.is.**

## Störf við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna

Ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að starfsfólki við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna.

**Hæfniskröfur:**

> Mjög góð kunnátta í ensku.
> Reynsla af starfi í ferðaþjónustu.
> Góð kunnátta af landi og þjóð.
> Reynsla af leiðsögn og ferðamennsku kostur, áhugi á leiðsögn og ferðamennsku skilyrði.
> Rútupróf æskilegt en áhugi og geta til að taka rútupróf skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2016. Vinsamlegist sendið umsóknir og fyrirspurnir á jens@funtravel.is. Í boði er mjög áhugavert starf sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika.

Fun Travel
Auðbrekka 9-11
200 Kópavogur
www.funtravel.is

Tour Operator – Authorised by Icelandic Tourist Board

## Hvalfjarðarsveit

### Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Laust er til umsókna embætti sviðsstjóra leikskólaasviðs Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Sviðsstjóri er í stjórnunarteymi skólans og starfar náið með skólastjóra samkvæmt skipuriti skólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi

Skólinn er heildstæður leik- og grunnskóli með um 130 nemendur á tveimur starfsstöðvum, annars vegar í leikskólanum Skýjaborg og hins vegar grunnskólanum Heiðarskóla. Leikskólinn leggur áherslu á lýðræði og opinn efnivið. Í leikskólanum dvelja um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Í leikskólanum gefst tækifæri til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem tengjast þróun leikskólastarfs, samvinnu leikskólans við grunnskólasvið skólans og fleiri stofnanir.
Frekari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans http://www.skoli.hvalfjardarsveit.is/

**Umsóknarfrestur er til 31.12.2015.**

Viðkomandi starfsmaður sem verður ráðinn þarf að geta hafið störf í janúar 2016.

Laun samkv. LN, KÍ, FL og/eða viðkomandi stéttarfélagi.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist til Jóns Rúnars Hilmarssonar, skólastjóra, jon.runar.hilmarsson@hvalfjardarsveit.is – Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar, Hvalfjarðarsveit, 301 Akranesi.

Nánari upplýsingar veitir Jón R. Hilmarsson skólastjóri í síma 858-1944.

# Snillingur óskast!

**Bílaumboðið Askja óskar eftir að ráða skapandi vefsnilling og hönnuð á markaðssvið**

ASKJA

### Ábyrgð og verkefni
- Uppfærsla og innsetning efnis á vef fyrirtækisins og samfélagsmiðla
- Þróun á ytri og innri vefsvæðum fyrirtækisins
- Aðlögun markaðsefnis frá erlendum birgjum í samstarfi við auglýsingastofu
- Myndvinnsla og hönnun markaðsefnis í samstarfi við markaðsstjóra og auglýsingastofu
- Önnur tilfallandi verkefni á markaðssviði

### Hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi eða 2–3 ára reynsla af sambærilegu starfi
- Góð þekking á hönnunar- og myndvinnsluforritum, m.a. InDesign, Photoshop og Illustrator, er skilyrði
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta er skilyrði
- Góð kunnátta í HTML 5 og CSS er skilyrði
- Færni í notkun greiningartóla fyrir vefi og samfélagsmiðla er kostur
- Þekking á Umbraco vefumsjónarkerfinu er kostur
- Brennandi áhugi á og gott auga fyrir hönnun
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og áreiðanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur** er til 3. janúar 2016 og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina. **Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@askja.is**.

Askja er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Mercedes-Benz og Kia bifreiðum. Við leitum að framúrskarandi einstaklingi í teymið okkar sem mun leiða Öskju áfram inn í spennandi framtíð. Boðið er upp á krefjandi vinnuumhverfi í hópi metnaðarfullra og hæfra einstaklinga.

Bílaumboðið Askja ehf • Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík • Sími 590 2100 • askja@askja.is

# VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

**VÖRÐUR LEITAR AÐ SJÁLFSTÆÐUM OG ÞJÓNUSTULIPRUM EINSTAKLINGI TIL STARFA Á TJÓNASVIÐI FÉLAGSINS**

**ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Á TJÓNASVIÐI**
Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi og felur í sér að þjónusta viðskiptavini sem orðið hafa fyrir tjóni. Mannleg samskipti eru ríkur þáttur í starfinu ásamt móttöku og skráningu gagna, úrlausn mála og uppgjöri smærri tjónamála.

**STARFSSVIÐ**
- Móttaka og skráning tjónagagna
- Úrvinnsla og uppgjör smærri mála
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini

**HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Gott vald á íslensku og ensku, talað og ritað mál
- Sjálfstæði, vandvirkni og skipulagshæfni

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 28. DESEMBER**
Vinsamlega skilið umsóknum inn á vef félagsins **www.vordur.is**
Nánari upplýsingar um starfið gefur Harpa Víðisdóttir mannauðsstjóri, **harpa@vordur.is**

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag sem hefur vaxið hratt á undanförnum árum og í dag starfa um 70 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Hjá Verði er gildandi jafnréttisstefna sem stuðlar að því að einstaklingar njóti sömu launakjara og starfstækifæra óháð kyni. Félagið hefur hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir það launajafnrétti sem ríkir hjá félaginu.

JAFNLAUNA VOTTUN VR

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR

vörður

ráðum ráðningarstofa
Er verið að leita að þér?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

LÆKNING

**Lækning** er fyrirtæki sem sinnir sérfræðiþjónustu í læknisfræði. Þrettán mismunandi sérgreinar eru starfræktar í Lækningu auk fjölskyldu- og félagsráðgjafar. Heildar komufjöldi á ári er um 25.000 sjúklingar.

# Lækning óskar eftir læknaritara til starfa

Um er að ræða 65–70% hlutastarf á afgreiðslutíma frá 9 til 16 virka daga. Í boði er líflegur vinnustaður og gott vinnuumhverfi.

ÍSLENSKA SIA.IS LÆ 77648 12/2015

**Í starfi læknaritara felst meðal annars:**

- Ritun sjúkraskráa, læknabréfa og vottorða
- Skráning niðurstaðna úr rannsóknum
- Skönnun á læknabréfum og öðrum gögnum sem berast Lækningu
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**

- Við leitum að drífandi ritara með ríka þjónustulund
- Góð tölvukunnátta og haldgóð kunnátta í ensku
- Samskiptahæfni og geta til að vinna undir álagi
- Löggilding sem læknaritari er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Eyjólfsdóttir læknaritari í síma 590 9200
Umsóknir um starfið berist á netfangið **hildur@laekning.is** fyrir 20. desember nk.
Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál

**Í samræmi við jafnréttisáætlun Lækningar eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu**

Opið alla virka daga frá kl. 09:00 – 16:00 Lágmúla 5, 108 Reykjavík | Sími: 590 9200 | **laekning.is**

# Bókasafn Kópavogs óskar eftir deildarstjóra barnadeildar

Bókasafn Kópavogs óskar eftir öflugum einstaklingi í starf deildarstjóra barnadeildar. Um er að ræða 100% starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf fyrir 1. mars 2016.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón með barnadeild safnsins
- Umsjón með safnfræðslu yngri barna
- Þátttaka í markaðs- og kynningarmálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólagráða í bókasafns- og upplýsingafræði skilyrði
- Kennaramenntun eða uppeldis- og kennslufræði/menntunarfræði er kostur
- Reynsla af kynningar- og markaðsmálum er kostur
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti skilyrði og færni í ensku og einu norðurlandamáli kostur
- Hæfileiki til að tileinka sér nýja þekkingu

**Umsóknarfrestur er til og með 28. des. nk.**
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Lísa Z. Valdimarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Kópavogs (**lisa@kopavogur.is**).

Kópavogsbær
kopavogur.is

**365 óskar eftir góðu fólki**

# SNILLINGUR ÓSKAST Á VÍSI

**Fréttastofa 365 leitar að lykilmanneskju með grafískt auga fyrir einn vinsælasta vef landsins.**

**Helstu kröfur:**
- Reynsla af fjölmiðlum/útgáfu nauðsynleg
- Kunnátta á myndvinnsluforrit s.s. Photoshop
- Brennandi áhugi á nýjungum á netinu
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og umbrot forsíðu
- Myndvinnsla og grafík
- Framsetning og frágangur frétta
- Vinna á samfélagsmiðlum

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á tinni@365.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 28. desember.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- otg útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

## Skrifstofustjóri

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir laust embætti skrifstofustjóra á skrifstofu umhverfis og skipulags. Skrifstofa umhverfis og skipulags fer m.a. með mengunar- og úrgangsmál, efnamál, skipulags-, mannvirkja- og brunamál, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, mat á umhverfisáhrifum, varnir gegn ofanflóðum og EES umsjón. Jafnframt fer skrifstofan með umsjón með samskiptum við Alþingi, umboðsmann Alþingis og ríkislögmann.

**Um starf skrifstofustjóra**
Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á stefnumótun á sviði skrifstofunnar og vinnur að framgangi laga og stefnumörkunar og framfylgir markmiðum, áherslum og gildum ráðuneytisins. Meðal verkefna eru rekstur og dagleg stjórnun skrifstofunnar, seta í nefndum og stjórnum fyrir hönd ráðuneytisins, starfsmannamál og alþjóðlegt samstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Stjórnunarreynsla
- Þekking og/eða reynsla innan stjórnsýslunnar
- Þekking á málaflokkum skrifstofunnar er kostur
- Mjög gott vald á íslensku
- Góð kunnátta í ensku og í einu Norðurlandamáli

**Færni og aðrir eiginleikar:**
- Leiðtogahæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Geta til að vinna undir álagi
- Færni í mótun stefnu, lausna og hugmynda
- Hæfni til að leiða verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneyti (sigridur.arnardottir@uar.is). **Umsóknarfrestur er til og með 29. desember nk.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn sína til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík, og skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni umsækjenda um störf skrifstofustjóra skv. reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir og skila greinargerð til ráðherra, sem ræður í starfið.

Launakjör skrifstofustjóra eru ákvörðuð samkvæmt ákvörðun Kjararáðs.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

# Lektorar
# á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

## Lektor í landupplýsingafræði

Fullt starf lektors í landfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild.
Starfið er á sviði landupplýsingafræða.

Aukin áhersla er á nýtingu landupplýsinga í margvíslegum náttúru- og samfélagstengdum rannsóknum og hagnýtum verkefnum, ekki síst við skipulag. Markmið næstu ára er að efla verulega rannsóknir og kennslu á sviði landupplýsingafræða. Því er leitað að kennara sem getur helgað sig faginu og leitt þróun þess.

Umsóknarfrestur er til **11. janúar 2016**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Eva Benediktsdóttir**, dósent og deildarforseti í síma 525 4584, **eben@hi.is** og **Karl Benediktsson**, prófessor og námsbrautarstjóri í síma 525 4286, **kben@hi.is**.

## Lektor í hagnýttri stærðfræði

Fullt starf lektors í stærðfræði við Raunvísindadeild.
Starfið er á sviði hagnýttrar stærðfræði.

Ný námsleið í hagnýttri stærðfræði hefur verið stofnuð við Raunvísindadeild. Lektorinn mun gegna því hlutverki að byggja upp námsleiðina og móta hana, auk þess að kenna stærðfræði í grunn- og framhaldsnámi og sinna rannsóknum.

Umsóknarfrestur er til **4. janúar 2016**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Jón Ingólfur Magnússon**, prófessor og námsbrautarstjóri í stærðfræði í síma 525 4731, **jim@hi.is**.

## Lektor í lífefnafræði

Fullt starf lektors í lífefnafræði við Raunvísindadeild.
Starfið er á sviði tilraunavinnu með próteinsameindir.

Leitað er eftir færni við rannsóknir á eðliseiginleikum próteina eða hlutverkum próteina í efnaskiptaferlum. Lektornum er ætlað að reka sjálfstæð rannsóknarverkefni og stunda grunnrannsóknir, auk þess að kenna grunn- og framhaldsnemum.

Umsóknarfrestur er til **4. janúar 2016**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigríður Jónsdóttir**, námsbrautarstjóri efnafræðinámsbrautar í síma 525 4802, **sigga@hi.is**.

**Sjá nánari lýsingu á störfunum og hæfniskröfur á www.hi.is/laus_storf**

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði starfa 360 manns við rannsóknir og kennslu á sviði verkfræði og náttúruvísinda. Starfsumhverfið er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra starfsmanna og nemenda við sviðið, en fjórðungur bæði starfsmanna og framhaldsnema eru erlendir. Nemendur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru um 2300 talsins í sex deildum. Þar af eru 350 í meistaranámi og 150 í doktorsnámi. Rannsóknarstofnanir sviðsins eru Jarðvísindastofnun og Eðlisvísindastofnun, sem tilheyra báðar Raunvísindastofnun; Líf- og umhverfisvísindastofnun; Verkfræðistofnun; og Stofnun Sæmundar fróða, sem er þverfræðileg stofnun og heyrir undir öll fræðasvið háskólans.

Háskóli Íslands er stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun Íslands og er í hópi 300 bestu háskóla heims samkvæmt nýjum matslista Times Higher Education.

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE — HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 156023


RÁÐGJÖF
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

## Front-End Developer
## Core Developer
## Quality Assurance - Tester

**Men & Mice specializes in the development and sales of software solutions for the global DDI (DNS, DHCP and IP address management) market.**

Company growth calls for the expansion of our development team. Primarily using Agile and Scrum methodologies, we are looking for team players who are reliable, motivated, dependable, detail-oriented and dedicated towards our goals. Ideal candidates will be in possession of a university degree in engineering or computer science and be proficient in written and spoken English.

### Front-End Developer

If you are an experienced **front-end developer** with a passion for creating efficient and highly usable user interfaces, you'd make the ideal addition to our core UI team. Your main task will be to create, develop and improve our new web-based user interface.

#### Skills and experience

- A background in technologies such as Python, HTML, CSS, AngularJS, JavaScript
- Experience of web design
- Good social and communication skills
- An eye for good design

### Core Developer

Up for a challenge? The diversified needs of our international enterprise customers require a creative approach to developing new and exciting functionality in our core software systems. We are in search of an experienced **developer** who wants to join us in optimizing SQL code and building large, multi-threaded C++ applications.

#### Skills and experience

- Experience of SQL databases, C++ and Python
- Knowledge of DNS, DHCP, IPv6, Microsoft Active Directory, XML an advantage
- A background in other computer network protocols and technologies
- in Engineering/Computer Science

### Quality Assurance - Tester

Passionate about software quality? We are looking for an experienced **software tester** to join our team. Tasks will include creating test plans, writing test cases and procedures and executing these in both automatic and manual test environments.

#### Skills and experience

- Experience of software testing (unit tests, integration tests, component tests)
- A good understanding of programming concepts
- Experience with Windows and Linux
- Experience in building and maintaining continuous integration systems
- Scripting language know-how

**The closing date for applications is January 3, 2016.**

Further information can be provided by Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) or Ari Eyberg (ari@intellecta.is) from Intellecta Recruitment at + 354 511 1225.
All applications are strictly confidential and will be answered. Applications should be completed on www.intellecta.is. Please attach a CV with an introduction letter.

### MEN & MICE

Men & Mice is an established software company founded in 1990.Customers include Microsoft, Intel, Intuit, Xerox, HP, IMF, Sprint, Nestlé, Unilever, Bosch, T-Mobile and VMware.

menandmice.com

MEN&MICE

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

## Afgreiðslustarfsmaður óskast

Við óskum eftir þjónustulunduðu,
hressu og samviskusömu fólki.
Um er að ræða fullt starf í afgreiðslu.
Vinnutíminn er frá 11:00 til 18:00 virka daga
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sæki um á netfangið
bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt **ATVINNA**.

BJÖRNSBAKARÍ Sími: 561 1433

MÚLABÆR
Dagþjálfun aldraðra og öryrkja

## Hjúkrunarfræðingur

**Múlabær, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja, auglýsir lausa 50% stöðu hjúkrunarfræðings**

Múlabær er með 52 dagþjálfunarpláss. Opið er frá kl 8:00-16:00 alla virka daga. Boðið er upp á hjúkrunarþjónustu, æfingaaðstöðu, vinnustofu, fjölbreytt félagsstarf og aðstoð við bað. Lögð er áhersla á að bæta lífsgæði fólks og hugað er að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum.

**Helstu verkefni:**
- sinna hjúkrunarþjónustu
- greina hjúkrunarþarfir og framfylgja meðferð
- fjölskylduhjúkrun

**Reynsla og hæfni:**
- íslenskt hjúkrunarleyfi
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- góðir samskipta og samstarfshæfileikar
- reynsla og áhugi á að starfa með öldruðum

Starfshlutfall 50% - unnið í lotum.
Ráðning frá 1.1.2016 eða eftir samkomulagi.

Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Múlabæjar,
Bt. Þórunnar Bjarneyjar Garðarsdóttur, Ármúla 34, 108 Reykjavík
eða sendið á netfangið thorunn.mulabaer@internet.is
**Umsóknarfrestur er til 18.12.2015.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórunn Bjarney Garðarsdóttir, forstöðumaður
Netfang: thorunn.mulabaer@internet.is
Sími: 568-1330

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Stjórnsýslusvið**
- Deildarstjóri barnadeildar á bókasafni Kópavogs

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í leikskólann Kópastein
- Leikskólakennarinn í leikskólann Læk
- Leikskólakennari í leikskólann Baug

**Grunnskólar**
- Aðstoðarmaður í mötuneyti í Lindaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Lindaskóla
- Skólaliðar í dægradvöl í Hörðuvallaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Salaskóla
- Forfallakennari í Salaskóla
- Íslenskukennari óskast í Hörðuvallaskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

## GT óskar eftir bílstjórum á trailer bíla Og vönum Gröfumönnum

Mikil vinna framundan v. Góðrar verkefnastöðu. Áhugasamir sendið inn umsókn með ferilskrá og sakarvottorð þarf að fylgja **atvinna@gtv.is**

GT

## Vantar þig nætur- eða dagvinnu?

Keyrsla.is óskar eftir bílstjórum. Starfið felur í sér að keyra sendi- og lyftubíla á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni ásamt öðrum verkefnum. Keyrsla.is er með fasta þjónustusamninga við fyrirtæki með vörudreifingu. Eins veitir keyrsla.is almenna sendibílaþjónustu. Vinnutími er mismunandi eftir hverjum bíl fyrir sig. Bæði leitum við eftir starfsmanni í næturvinnu og dagvinnu.

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð vinnubrög
- Hafa metnað í starfi
- Heiðarleiki og góð þjónustulund
- Heilsuhreysti
- Stundvís
- Ökuréttindi B fyrir sendibíla gott að hafa líka (C1 – C1E) - Ökuréttindi B - C og C1E fyrir lyftubíla

KEYRSLA.IS

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.
Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ár.
Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn sína á starf@keyrsla.is

Akraneskaupstaður

## Forstöðumaður búsetuþjónustu

Akraneskaupstaður auglýsir til umsóknar stöðu forstöðumanns í búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk. Um er að ræða 100% starf.

**Helstu verkefni:**

- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri búsetuþjónustunnar
- Yfirumsjón með gerð þjónustuáætlana og daglegri þjónustu
- Stjórnun starfsmannamála
- Samstarf við notendur þjónustunnar, aðstandendur og aðra samstarfsaðila

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Reynsla af starfi með fötluðum
- Mikil færni í samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Laun eru skv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Fyrirspurnum um starfið skal beint til Jóns Hróa Finnssonar í síma 433 1000 eða á netfangið jon.hroi.finnsson@akranes.is.

**Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 16. desember nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Akraneskaupstaðar www.akranes.is.

SKESSUHORN 2015



Krabbameinslækningadeild

LANDSPÍTALI

## AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI

*Leitum eftir metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi með brennandi áhuga á krabbameinshjúkrun, stjórnun ásamt gæða- og umbótastarfi til að taka að sér starf aðstoðardeildarstjóra. Krabbameinslækningadeild 11E við Hringbraut er 15 rúma legudeild þar sem fer fram meðferð einstaklinga með krabbamein auk stuðningsmeðferðar í tengslum við aukaverkanir.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Nánasti samstarfsmaður deildarstjóra og vinnur að skipulagningu á starfsemi deildar í samráði við hann
- Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
- Er leiðandi í klínísku starfi og framþróun hjúkrunar og umbótastarfi á deild
- Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin

**Hæfnikröfur**

- Starfsreynsla í hjúkrun
- Stjórnunarþekking og leiðtogahæfni
- Þekking á verkefnastjórnun og umbótastarfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 90-100% og veitist starfið frá 1. febrúar 2016 eða eftir samkomulagi til tveggja ára, með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Halldóra Hálfdánardóttir, deildarstjóri (hallhalf@landspitali.is, 824 5949) og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is, 824 5480).

Umsóknarfrestur er til og með **28. desember 2015.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Lyflækningar krabbameina

LANDSPÍTALI

## DEILDARLÆKNIR/HEIMILISLÆKNIR

*Á dag- og göngudeild krabbameinslækninga er laust til umsóknar starf deildarlæknis eða heimilislæknis til eins árs en möguleiki er á ráðningu til lengri eða skemmri tíma. Starfið er unnið í náinni samvinnu við sérfræðilækna í krabbameinslækningum og felur í sér þverfaglega teymisvinnu með fjölmörgum öðrum sérgreinum læknisfræðinnar eins og skurð- og lyflækningum, myndgreiningu og meinafræði. Einnig felur starfið í sér samvinnu við aðrar starfsstéttir á sviði krabbameinslækninga með þátttöku í fjölfaglegum teymum.*

*Starfsumhverfið er lærdómsmiðað. Áformað er að viðkomandi læknir fái skipulagða handleiðslu sérfræðings í krabbameinslækningum. Fagleg árvekni og endurskoðun klínískra leiðbeininga og verkferla er hluti af fagmennsku deildarinnar.*

*Starfið hentar vel fyrir lækna sem hafa hug á að leggja fyrir sig krabbameinslækningar en líka fyrir þá sem eru að íhuga aðrar sérgreinar. Starfið getur einnig verið góð endurmenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna. Verið er að þróa vinnulag sem felur í sér aukna samvinnu fjölmargra starfsstétta með það að markmiði að gera meðferð og þjónustu við einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og ættingja þeirra skilvirkari.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Færni í almennum læknisstörfum
- Þátttaka og þjálfun í greiningu og meðferð sjúklinga með flókna langvinna sjúkdóma
- Þátttaka í samvinnu ólíkra sérgreina læknisfræðinnar
- Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

**Hæfnikröfur**

- Reynsla í lyflækningum er góður kostur
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð
- Áhugi á að bæta sig í faglegu klínísku umhverfi
- Íslenskt lækningaleyfi

Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. febrúar 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Sigurðsson, yfirlæknir, (helgisi@landspitali.is, 543 1000).

Umsóknarfrestur er til og með **28. desember 2015.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# Capacent Ráðningar

capacent

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Deildarlæknir | LSH, sýklafræðideild | Reykjavík | 201512/1309 |
| Forstöðum. Litla-Hrauni og Sogni | Fangelsismálastofnun | Eyrarbakki | 201512/1308 |
| Lögfræðingur | Neytendastofa | Reykjavík | 201512/1307 |
| Lektor í sálfræði | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201512/1306 |
| Læknaritarar | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201512/1305 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201512/1304 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201512/1303 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201512/1302 |
| Sjúkraliði við heimahjúkrun | Heilsugæslan Sólvangi | Hafnarfjörður | 201512/1301 |
| Mannauðsstjóri | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201512/1300 |
| Skrifstofustjóri | Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | Reykjavík | 201512/1299 |
| Deildarlæknir/heimilislæknir | LSH, dag- og göngud. krabbam.lækn. | Reykjavík | 201512/1298 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, öryggis- og réttargeðþj. Kleppi | Reykjavík | 201512/1297 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, öryggisgeðdeild Kleppi | Reykjavík | 201512/1296 |
| Deildarstjóri heilsugæslu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Djúpivogur o.fl. | 201512/1295 |
| Hjúkrunarfræðingur/sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Borgarfj. eystri | 201512/1294 |
| Geislafræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201512/1293 |
| Mannauðsstjóri | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201512/1292 |
| Sjúkraliði | LSH, rannsóknakjarni | Reykjavík | 201512/1291 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, krabbameinslækningadeild | Reykjavík | 201512/1290 |
| Skrifstofumaður/heilbrigðisritari | LSH, göngudeild Kleppi | Reykjavík | 201512/1289 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201512/1288 |

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

## Sérkennari

**Grunnskóli Grindavíkur auglýsir eftir sérkennara til starfa frá áramótum.**

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 470 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í framtíðarsýn skólans kemur fram að skólinn er lærdómssamfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu.
Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar.

**Sjá nánar á heimasíðu skólans; http://www.grindavik.is/grunnskolinn.**

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi.

- Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

**Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is í síðasta lagi 15. desember næstkomandi.**

**Nánari upplýsingar veitir Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 420-1150.**

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

**Eyfar ehf**

## Skipstjóri

**Skipstjóra vantar á hríseyjarferjuna Sævar. Æskilegt væri að umsækjandi væri einnig með 750 kw vélstjóraréttindi.**

**Umsóknir eða fyrirspurnir skulu sendar á eyfangehf@simnet.is**

---

## Aðstoðar rekstrarstjóri dekkjaverkstæðis

**Við óskum eftir drífandi og metnaðarfullum starfsmanni**

**Starfssvið:**

- Daglegur rekstur dekkjaverkstæðis
- Dekkjaþjónusta, smáviðgerðir og smurþjónusta

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af dekkjaþjónustu
- Þekking á bílum
- Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Upplýsingar um starfið veitir **Elías Kristjánsson** í síma 561 4110. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á tölvutæku formi til ellidekk@gmail.com. Umsóknarfrestur er til og með **16. desember n.k.**

/ Nesdekk
/ Fiskislóð 30
/ 101 Reykjavík
/ 561 4110
/ www.nesdekk.is

NESDEKK

---

KERECIS | Framleiðslustjóri

*Kerecis er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á vefjaskaða þ.m.t. á húðvandamálum, þrálátum sárum, heilabasti og til enduruppbyggingar brjósta og kviðveggs. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningavörum. Tækni félagsins hefur vakið athygli á heimsvísu og á félagið í samstarfi um þróun og notkun víða um heim. Á þriðja tug starfsmanna starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík, í Washington D.C. og í München.*

## Framleiðslustjóri

Framleiðsla Kerecis fer fram skv. GMP stöðlum í vottuðu umhverfi þar sem strangar reglur gilda um verkferla, gæðaeftirlit og þrifnað. Um er að ræða litla einingu með fjórum starfsmönnum sem gert er ráð fyrir að vaxa muni hratt á næstu árum. FDA og evrópsk skráningaryfirvöld hafa eftirlit með framleiðsluumhverfi fyrirtækisins.

**Helstu verkefni:**

- Dagleg stjórnun á framleiðslu og starfsmannahald
- Aðfangastjórnun
- Afgreiðsla pantana
- Gæðamál og gæðastjórnun
- Bakteríumælingar og vöktun
- Innleiðing nýrra verkferla
- Úttektir og endurbótaverkefni

**Menntun og reynsla:**

- Háskólapróf
- Þekking á framleiðslustörfum og framleiðsluferlum

**Við leitum að einstaklingi sem hefur í fyrri störfum sýnt:**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagni
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Vinnustaður er starfsstöð félagsins á Ísafirði.

Umsóknir óskast sendar til hr@kerecis.com • Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2015.

---

GRINDAVÍKURBÆR

## Sérkennslustjóra vantar á leikskólann Laut í Grindavík.

Sérkennslustjóri óskast til starfa á leikskólann Laut í Grindavík frá og með 4. jan. 2016. Leikskólinn er fimm deilda leikskóli fyrir börn frá 18 mánaða. Við erum „Skóli á grænni grein“ og vinnum eftir uppbyggingarstefnunni – Uppeldi til ábyrgðar. Gleði, hlýja og virðing eru einkunnarorð skólans.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Er faglegur umsjónarmaður sérkennslu, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskóla.
- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Sinnir einstaka börnum og barnahópum með íhlutun.
- Veitir foreldrum/forráðamönnum barna sem njóta sérkennslu stuðning, fræðslu og ráðgjöf.
- Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu sem yfirmaður felur honum.
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Grindavíkurbæjar.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Leikskólakennaramenntun, þroskaþjálfamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Færni í samskiptum,frumkvæði og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

**Frekari upplýsingar um starfið:**

- 75% staða
- Umsóknarfrestur er til og með 15. des n.k.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf 4. jan. 2016.
- Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.
- Leikskólastjóri hefur heimild til að úthluta TV- einingum.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 426-8396 og 847-9859. Umsóknir berist til leikskólastjóra á netfangið frida@grindavik.is

---




**SIGLÓ HÓTEL** leitar að kröftugum einstaklingum til að taka þátt í spennandi uppbyggingu á öflugu og vaxandi fyrirtæki. **SIGLÓ HÓTEL** rekur þrjá veitingastaði við höfnina á Siglufirði: Sunnu, Hannes Boy og Kaffi Rauðku.
**Við leitum af einstaklingum með ríka þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, ásamt hugmyndaauðgi og góðum skipulagshæfileikum.**

### YFIRMATREIÐSLUMAÐUR

Hefur yfirumsjón með daglegum rekstri eldhúsa Sigló Hótels og stjórnun mannauðs.

Í því felst meðal annars:

- **Matseðlagerð**
- **Matreiðsla**
- **Skipulagning vakta**
- **Þjálfun starfsmanna**
- **Birgðarhald og stjórnun innkaupa**

Meistarapróf í matreiðslu æskilegt.

Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun eldhúsa og stórra veisluhalda nauðsynleg.

### VEITINGASTJÓRI

Hefur yfirumsjón með daglegum rekstri veitingasala Sigló Hótels og stjórnun mannauðs.

Í því felst meðal annars:

- **Vínseðlagerð**
- **Framreiðsla**
- **Skipulagning vakta**
- **Þjálfun starfsmanna**
- **Birgðarhald og stjórnun innkaupa**

Framreiðslumenntun æskileg, meistarapróf í framreiðslu kostur.

Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun mannauðs í veitingasölum nauðsynleg.

### GESTAMÓTTAKA

Starfið felst meðal annars í móttöku gesta, aðstoð við gesti, bókanir, upplýsingagjöf, reikingagerð, símvörslu ofl.

Hæfniskröfur:

- **Reynsla af störfum í gestamóttöku æskileg**
- **Góð tölvukunnátta**
- **Mjög góð töluð og rituð íslenska og enska. Þriðja tungumál æskilegt**
- **Snyrtimennska**
- **Stundvísi og sveigjanleiki í starfi**
- **Sjálfstæð og öguð vinnubrögð**
- **Jákvætt lífsviðhorf**

Vinnutími dagvaktar er frá kl. 8-20. Unnið er á 2-2-3 vöktum allt árið í kring.

Vinnutími næturvaktar er frá 20-8, viku í senn. Frí aðra hverja viku.

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið gefur Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir, mannauðsstjóri (ingibjorg@siglohotel.is). **Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2015.**
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Sigló Hótel • Snorragata 3 • 580 Siglufjörður • tel.: +354 467 7730 • siglohotel@siglohotel.is • www.siglohotel.is

ReSource International

Líforka | Endurvinnsla | Úrgangsstjórnun | Vatns- og fráveita | Loftgæði | Mat á umhverfisáhrifum

ReSource International (RSI) er vaxandi verkfræði- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfismálum. RSI leitar að umhverfisráðgjafa og tæknimanni á rannsóknarstofur fyrirtækisins.

| UMHVERFISRÁÐGJAFI | TÆKNIMAÐUR Á RANNSÓKNARSTOFU |
|---|---|
| Sérfræðingur í umhverfismálum (umhverfisverkfræðingur, umhverfis- og auðlindafræðingur eða önnur sambærileg menntun)<br>**Helstu verkefni**<br>• Ráðgjöf og skýrslugerð<br>• Verkefnastjórnun<br>• Fyrirtækjaþróun<br>• Rannsóknir | Efnafræðingur, líffræðingur eða önnur sambærileg menntun<br>**Helstu verkefni**<br>• Undirbúningur sýna og efnagreiningar<br>• Umsjón með rannsóknarstofum (skólphreinsun, lífgas o.fl.)<br>• Skýrslugerð og gagnavinnsla |

Frekari upplýsingar um störfin og hæfniskröfur má finna á heimasíðu RSI, www.resource.is/career

**Umsóknarfrestur er til 14.desember 2015**

Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur stuðla að fjármálastöðugleika og sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

### Sérfræðingur - Innri upplýsingaþjónusta

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í innri upplýsingaþjónustu á rekstrar- og starfsmannasviði bankans. Innri upplýsingaþjónusta annast skjalastjórn bankans, skjalasöfn, bókasafn, myntsafn og innri vef. Stuðningur og upplýsingagjöf við starfsmenn á þessu sviði er mikilvægur þáttur starfsins. Um er að ræða 100% starf með starfsstöð í Reykjavík.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Skráning og vinnsla í skjalavörslukerfi bankans
- Frágangur og pökkun mála og eldri skjala
- Samantekt, flokkun, skönnun og skráning myndefnis í vörslukerfi
- Upplýsingagjöf og aðstoð við starfsmenn
- Umsjón með almennu pósthólfi bankans

**Hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði
- Reynsla af notkun rafrænna skjalavörslukerfa
- Þekking á OneSystems skjalavörslukerfi er kostur
- Reynsla af skráningu í ljósmyndakerfi er kostur
- Skipulagshæfni, nákvæmni og fagleg vinnubrögð
- Góð almenn tölvufærni
- Jákvæðni, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is eigi síðar en 21. desember 2015 og skal staðfest prófskírteini fylgja umsókn. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Dóra Guðný Sigurðardóttir, forstöðumaður innri upplýsingaþjónustu, í síma 569-9600.**

**AJ-vörulistinn auglýsir eftir sölumanni í fullt starf.**

**Hæfniskröfur:** Góð samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæði og góð tölvu- og tungumálakunnátta (íslenska, enska og norðurlandamál).

Áhugasamir eru beðnir um að senda ferilskrá og kynningarbréf fyrir **20. desember nk.** á jon@bender.is.

**Allar frekari upplýsingar er að finna á www.ajvorulistinn.is.**

## Störf við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna

Ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að starfsfólki við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna.

**Hæfniskröfur:**

> Mjög góð kunnátta í ensku.
> Reynsla af starfi í ferðaþjónustu.
> Góð kunnátta af landi og þjóð.
> Reynsla af leiðsögn og ferðamennsku kostur, áhugi á leiðsögn og ferðamennsku skilyrði.
> Rútupróf æskilegt en áhugi og geta til að taka rútupróf skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2016. Vinsamlegist sendið umsóknir og fyrirspurnir á jens@funtravel.is. Í boði er mjög áhugavert starf sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika.

Fun Travel
Auðbrekka 9-11
200 Kópavogur
www.funtravel.is

Tour Operator — Authorised by Icelandic Tourist Board

## Læknar óskast til starfa

Hjúkrunarheimilin Skógarbær og Sunnuhlíð óska eftir að ráða sameiginlega lækna til starfa. Æskilegt er að viðkomandi læknar hafi sérgrein í heimilis- öldrunar- eða lyflækningum, en aðrar sérgreinar koma einnig til greina.

Starfið gæti vel hentað tveimur til þremur einstaklingum sem jafnframt sinna störfum á öðrum stofnunum eða eru með eigin stofurekstur. Heppilegt væri ef þessir aðilar skiptu á milli sín bakvöktum og afleysingum. Heimilt yrði að samnýta bakvaktir með öðrum vöktum sé þess óskað.

Launakjör eru samkomulagsatriði og jafnframt er möguleiki á að sinna þessari vinnu sem verktaki en áætlað andvirði samningsins er um 35 mkr. á ársgrundvelli. Umsóknum skal skila, fyrir 14. desember, á netfangið hrefna@skogar.is eða kristjan@sunnuhlid.is

**Nánari upplýsingar: Kristján Sigurðsson gsm 618-9200 eða Hrefna Sigurðardóttir gsm 896-2024**

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**Eyfar ehf**

## Skipstjóri

**Skipstjóra vantar á hríseyjarferjuna Sævar. Æskilegt væri að umsækjandi væri einnig með 750 kw vélstjóraréttindi.**

**Umsóknir eða fyrirspurnir skulu sendar á eyfangehf@simnet.is**

# Laust starf

## Aðstoðarmaður sviðsstjóra byggingarfulltrúi

Umhverfissvið annast umsýslu veitna, gatnakerfis, fasteigna- og byggingarmála Seltjarnarnessbæjar.

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða öflugan, drífandi og metnaðarfullan einstakling á umhverfissvið bæjarins. Starfið heyrir undir sviðsstjóra umhverfissviðs. Um er að ræða fullt starf.

Leitað er af kröftugum og metnaðarfullum starfsmanni sem vill takast á við krefjandi verkefni af fagmennsku og jákvæðni með samhentum hópi lífsglaðra einstaklinga. Æskilegt er að viðkomandi sé vanur framkvæmdum og hafi þekkingu, reynslu og áhuga á veitu-, umhverfis-, og byggingarmálum sem og framkvæmd opinberrar stjórnsýslu.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**

- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum bæjarins
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Viðhald og umsjón með teiknigrunni bæjarins
- Umsjón með m.a. umhverfismálum, veitum og byggingarmálum, í samráði við sviðsstjóra
- Kemur að verklegum útboðum og gerð samninga í samráði við sviðsstjóra
- Kemur að verkefnastjórn í samráði við sviðsstjóra
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af sviðsstjóra umhverfissviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í byggingartæknifræði, byggingarfræði eða byggingarverkfræði
- Þarf að uppfylla skilyrði til löggildingar sem hönnuður skv. 25. og 26. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Æskileg þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu
- Löggilding skv. lögum nr. 8/1996
- Góð tölvukunnátta, m.a. í teikniforritum, excel og word
- Æskileg þekking og reynsla af stjórnun og framkvæmdum
- Æskileg þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlunum
- Þekking og áhugi á umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum æskilegur
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Starfsmaður er hluti af teymi umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar. Starfsmenn sviðsins eru tólf. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gísli Hermannsson, sviðsstjóri, í síma 822-9113/5959-100.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2015.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðum umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Sækja þarf um starfið á ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar á www.seltjarnarnes.is.

Seltjarnarnesbær    www. seltjarnarnes. is

# VILT ÞÚ VERA Í LYKILHLUTVERKI?



## YFIRMAÐUR ÞJÓNUSTUVERS

Avis Budget leitar að kraftmiklum einstaklingi með mikla færni í mannlegum samskiptum til að stýra daglegum rekstri Þjónustuvers. Þjónustuver Avis Budget kappkostar að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

**Helstu verkefni:**

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Dagleg stýring Þjónustuvers
- Samskipti við ytri og innri viðskiptavini
- Gerð mönnunar- og þjónustuáætlana
- Þjálfun starfsmanna
- Skilgreining ferla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun er nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

## SÖLUMAÐUR

**Helstu verkefni:**

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptasambanda
- Tilboðs- og samningagerð

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

## MARKAÐSFULLTRÚI

**Helstu verkefni:**

- Framfylgja markaðsstefnu og áætlun
- Viðburðastýring
- Umsjón birtinga
- Útgáfa markaðsefnis
- Þjónustu- og markaðskannanir

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun er nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsstörfum
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Metnaður, frumkvæði og drifkraftur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin inn á heimasíðu félagins, avis.is fyrir 15.desember nk.
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Þorsteinsdóttir mannauðsstjóri, ingibjorg@avis.is

Bílaleigur AVIS og Budget eru meðal stærstu bílaleiga í heimi og starfa í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

AVIS® Budget®

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR!

Óskum eftir klárum grafískum hönnuði í hlutastarf. Það að geta unnið sjálfstætt.
Sveigjanlegur vinnutími. Í boði er framtíðarstarf hjá lifandi og skemmtilegu fyrirtæki.
Hæfniskröfur:

- Reynsla af augl.markaðnum.
- Þekking/kunnátta á InDesign og Photoshop.
- Skipulögð og markviss vinnubrögð.
- Áræðni og hugmyndaflug.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.









**Umsóknir sendist á rfl@rfl.is**

*Athugið upplýsingar eru ekki gefnar í síma.*

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Umsóknarfrestur er til 18.12.15**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

Flugskóli Íslands auglýsir eftir flugnemum (16 ára aldurstakmark) í einkaflugmannsnám. Hefst 11.janúar. Kvöldnám skráning á flugskoli.is. Skráðu þig!

facebook.com/flugskoli snapchat:flugskoli flugskoli.is

## Auglýsing frá Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum

Árið 2016 verða veittir úr Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum ferðastyrkir til að styðja íslenska þátttakendur í sænsk-íslenskum verkefnum. Markmið sjóðsins er að stuðla að auknu samstarfi Svíþjóðar og Íslands á sviði vísinda, menntunar og menningar. Um styrki þessa skal sótt á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á vefslóðinni www.norden.se.

- **Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2016** og skal skila umsóknum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sjóðsins.
- Styrkjum verður úthlutað í apríl nk.

*Stjórn sænsk- íslenska samstarfssjóðsins, 10. desember 2015*



# Fjölbreytt starf við móttöku og utanumhald í Norræna húsinu

Norræna húsið
The Nordic House

*Glæsilegur titill og með snjalla tilvísun í efni bókarinnar.*

*Það hlýtur að vera safarík saga á bak við þennan titil. Freistandi og ljóðrænt.*




### 3. sæti

**Eitthvað á stærð við alheiminn**
eftir Jón Kalman Stefánsson

*Fallegur titill sem vekur forvitni.*

*Stór og ljóðrænn titill og algjörlega í anda höfundarverks Jóns Kalmans.*

## Versti bókartitill ársins




### 1. sæti

**Sjóveikur í München**
eftir Hallgrím Helgason

*Ég veit það ekki, en í hvert sinn sem ég heyri minnst á Sjóveikur í München eftir Hallgrím Helgason, verður mér hugsað til Vaknað í Brussel, eftir Betu rokk. Það eru ekki góð hugrenningatengsl.*

*Þarfnast það útskýringa?*

*Sjóveiki og München saman í titli er ekki aðlaðandi. Þá væri ég frekar til í að vera bílveikur í Búdapest.*




### 2. sæti

**Brynhildur Georgía Björnsson**
eftir Ragnhildi Thorlacius

*Bók um konu sem átti einstaklega litríka og ævintýralega ævi en titillinn er eins og upphafið á skýrslu hagstofunnar. Andleysi ársins.*

*Hefði ekki mátt finna eitthvað einkennandi fyrir þessa merkilegu konu í bókartitil? Það finnst mér. Af nógu er að taka.*




### 3. sæti

**Stúlka með höfuð** eftir Þórunni Jörlu Valdimarsdóttur

*Þetta blekkir mann aðeins því kápan er falleg. En ef þú spáir í titilinn einan og sér, þá meikar hann algjörlega engan sens.*

*Æ, það er eitthvað svo skelfing áreynslukennt við þetta.*

## Þessir titlar komu einnig talsvert til álita




### Þá hló Skúli

eftir Óskar Guðmundsson

*Þá hló Skúli. Ha Skúli, hvaða Skúli, fógetinn eða rafvirkinn? Forvitnilegur maður sjálfsagt en einstaklega óspennandi, vísun í Þá hló þingheimur sem er enn þá verra.*




### Litlar byltingar, draumar um betri daga

eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur

*Litlar byltingar eru einhvern veginn óspennandi og það er eitthvað vælulegt við undirtitilinn.*




### Hvað með börnin?

eftir Hugleik Dagsson

*Já, hvað með þau? Þau fá að minnsta kosti örugglega ekki að blaða í þessari bók dónakallsins Hugleiks Dagssonar, en fyndinn er hann. Titillinn og Hugleikur.*

## Álitsgjafar Fréttablaðsins

**Hildur Sigurðardóttir**
grafískur hönnuður

**Ólöf Birna Garðarsdóttir**
grafískur hönnuður

**Ólöf Skaftadóttir**
blaðamaður

**Kristjana Guðbrandsdóttir**
blaðamaður

**Jakob Bjarnar Grétarson**
blaðamaður

**Hilmar Þ. Hilmarsson**
grafískur hönnuður

**Margeir Gunnar Sigurðsson**
bóksali

**Jón Kaldal**
ritstjóri

**Þorsteinn Joð Vilhjálmsson**
kvikmyndagerðarmaður

# JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í A4

ÁRNASYNIR

**25%**
**AFSLÁTTUR**
**AF KIKKERLAND, UMBRA, KREAFUNK OG HOUSE DOCTOR GJAFAVÖRUM***
**10.-14. DESEMBER**






A4

*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir meðan birgðir endast. Vöruval er mismunandi eftir verslunum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

Markhönnun ehf

nettó

NÝTT
KORTATÍMABIL

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Í NETTÓ




AÐEINS
11.049 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 4.549T KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 6.699 KR




VERÐ: 3.704 KR




VERÐ: 2.880 KR




VERÐ: 3.215 KR




VERÐ: 2.880 KR




VERÐ: 3.119 KR

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 12. – 13. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Hljóðfæri hljómar sem klumpur af þeyttri undanrennu (11)
**10** Þau standa undir stuði, finnist rétt vopn (9)
**11** Kræsilegt kaffibrauð kallar á átök afturhluta (11)
**13** Óttast að ásinn besti breytist í grýlu (10)
**14** Steinhæðarbeð eða skriða? Þar er efinn (11)
**15** Frostbelgur og svalabjór framkallar dautt hold (10)
**17** Finn væng skotanna í skjóli ákveðinna holhanda (11)
**21** Túlka hnegg hests sem beiðni um ljósaskilti (10)
**22** Pæjustýri er nú eitthvað fyrir þessa tátu (11)
**25** Tönnuðum trant og náðum nokkrum tuggum (9)
**28** Bý um bögglasendinguna (13)
**29** Leita lokaorrustu pútnapabba (7)
**30** Svona kraftaverkaseyði fylgir óvænt orka (12)
**31** Hér segir frá því er ég datt og lenti í kvíslinni (9)
**33** Fara eftir Bókinni í einu og öllu (11)
**37** Hver er trúverðugleiki slúðurs um hóf hins rétta? (14)
**39** Held ég varni þessi böli útbreiðslu (5)
**42** Dregur til sín upphafnar (7)
**43** Heyrði á tal þræla um álið og stálið (7)
**44** Hvað var Kata Jak að rugla um danskan Munk? (3)
**45** Ekki tvíbba, heldur tíbba! (6)
**46** Bæti ísinn milli jökulsöngva (9)
**47** Vil ekki að stjórn stjórni með yfirgangi og frekju (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Það er vísast þeirra að hirta guðsmenn (7)
**2** Með þunga byrði af úrgangi sem við seldum dýrum dómum (7)
**3** Smáfiskar, fálkabræður og forritarar (7)
**4** Hitti KK í æsku með rauða olíumálningu (7)
**5** Um nefndirnar og stjórnina sem þær hafa (7)
**6** Af vegmóðum á troðnum slóðum (11)
**7** Afar djarft struns um nær þverhníptan stíg (10)
**8** Hinn pollrólegi bólgublástur (10)
**9** Áköf, en svo timbruð að ég sé í gegnum þau (6)
**12** Svona skítkast er peningasóun (7)
**16** Eftir þetta atriði sjáum við stærstu stjörnuna, eða þar um bil (9)
**18** Ráð við fúa og meðvitundarleysi (14)
**19** Held snjókistum köldum með hjálp þessara græja (12)
**20** Hækka álögur til að tryggja bónusmáltíðir (10)
**23** Skurðlæknirinn þénaði í samræmi við það sem hann gerði (7)
**24** Nota garnflækjuna á slappasta hundinn (8)
**25** Mögla þá ruglaðir rumar (5)
**26** Söngvar sem ekki má syngja um áfengi (7)
**27** Forða sárabindum frá ringluðum rafti (5)
**29** Sé sækú með áverka. Því valda sjófuglar (9)
**32** Fersk grúppa frá Gladsaxe? (7)
**34** Balkanskagi bjagar sírita (6)
**35** Vil að þú annist þann sem kemst næst kjarnanum (6)
**36** Bulla í bjakki (6)
**38** Þessi limra angar langar leiðir af bulli (5)
**39** Hvaða brall stunda menntaskólinn og trúbadúrinn? (4)
**40** Ég vil einfaldlega ylja með tilstilli margra sóla (4)
**41** Óróleiki þarma þjakar sólguð (4)





Lausnarorð síðustu viku var

**MANNSKAÐAVEÐUR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Öskraðu gat á myrkrið** eftir Bubba Morthens frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Helga Gísladóttir, Kópavogi.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem heyrist allt of oft þessar vikurnar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.





BYLGJAN 989


# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SLEMMA BEGGJA MEGIN

Íslandsmót í parasveitakeppni var háð um síðustu helgi með þátttöku 12 sveita. Sigurvegari var sveit Ferils en í þeirri sveit voru Ásgeir Ásbjörnsson, Dröfn Guðmundsdóttir, Hrólfur Hjaltason og Hrund Einarsdóttir. Sú sveit var í forystu í meginhluta mótsins. Mörg ansi fjörug spil litu dagsins ljós í forgefnum spilum. Eitt spil vakti mikla athygli. Slemma stóð í báðar áttir sem verður að teljast sjaldgæft. Suður gjafari og NS á hættu:

| VESTUR | NORÐUR | AUSTUR | SUÐUR |
|---|---|---|---|
| ♠ 5 | ♠ ÁKD108 | ♠ 63 | ♠ G9742 |
| ♥ - | ♥ K109862 | ♥ G43 | ♥ ÁD75 |
| ♦ ÁKDG8632 | ♦ - | ♦ 109 | ♦ 754 |
| ♣ Á532 | ♣ D6 | ♣ KG10987 | ♣ 4 |

Sex tíglar var algengari samningur á AV hendurnar. Á einu borðanna ákvað Frímann Stefánsson að hefja sagnir á 6 tíglum í vestur sem fengu að spilast. Tvö borð spiluðu 6 spaða. Bæði spilin dobluð og vörnin fannst ekki (undan laufás og hjartatrompun). Í öðru spilanna var útspilið laufás og í hinu tígulás. Sex spaða samningur var spilaður í sama leiknum, í viðureign sveita Dennu og KSSM. Sex spöðum er hægt að hnekkja, en 6 hjörtum ekki. Hjartaslemma var hins vegar hvergi spiluð.

## Skák Gunnar Björnsson



Marcin Dziuba (2.558) átti leik gegn Sören Bach Hansen (2.247) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**45. Hf5! gxf5?** (45. ...He8 er betra) **46. Dh5! Dc6 47. Hg3! Dxe4+ 48. Kh2 Dg4** (48. ...De5 49. Dg5) **49. Hxg4 fxg4 50. Dg5 Kxh7 51. Df5+ Kh8 52. Dh5+ Kg8 53. Dxg4+ Kh8 54. Dh3+** og svartur gaf því eftir 54. ...Kg8 55. Dg2+ fellur hrókur.

**www.skak.is:** Friðriksmót Landsbankans kl. 13.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | 3 | | | |
| 6 | 7 | | 2 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | | 7 | | | 2 | |
| | | | 5 | 8 | 7 | 9 | | |
| 9 | 3 | 2 | | | 6 | | | |
| 5 | | | 9 | | | 6 | 1 | |
| | | | 4 | | | | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | | | | | | |
| 4 | 2 | | | | 5 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | 6 | | | 8 |
| | | 5 | | 1 | 3 | | 2 | 9 |
| 4 | 9 | | | | | | 5 | |
| | | 6 | 5 | 3 | 2 | | | |
| 7 | 8 | | | | 1 | | | 5 |
| 5 | | 4 | | | | | 6 | |
| | | | | | | 4 | | |
| | | | | 9 | | | | |
| 6 | | 3 | | 7 | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 9 | | | |
| | | 4 | | 2 | 5 | 7 | | |
| | 5 | | | | 3 | 6 | 8 | |
| | 1 | | 3 | 5 | | | 2 | |
| 4 | | | | | 2 | 5 | 1 | |
| | | 5 | 9 | | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | |
| | | 8 | 4 | 1 | 6 | | | |
| | 9 | 2 | | | | | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

# SNJALLAR JÓLAGJAFIR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)

1280x800 IPS
HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

2 LITIR

ICONIA

## B1-750

### STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 7" IPS HD fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

NÝ KYNSLÓÐ
ÖRÞUNN AÐEINS 8.6mm OG 320gr

250% ÖFLUGRI
NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL BAYTRAIL ÖRGJÖRVA

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

acer

**19.900**
FÆST Í 2 LITUM

SALORA

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 99.900

## 49"SJÓNVARP

### SNJALLARA SNJALLSJÓNVARP

- Hágæða 49" snjallara snjallsjónvarp
- 100Hz BPR Full HD LED 1920x1080 16:9
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- 100.000:1 Dynamic skerpa(1200:1 Native)
- Innbyggt Netflix, Youtube, Facebook o.fl.
- Fullkominn USB FHD Media spilari H.264
- 16W RMS Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 2xHDMI, 1xScart, 1xVGA, 2xUSB o.fl. tengi

**89.900**
MEÐ INNBYGGÐU NETFLIX

UPPLIFÐU! 360°
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF 360° 3D VR LEIKJUM, TÓNLISTARMYNDBÖNDUM, KVIKMYNDUM, OFL. OFL.

## FREEFLY

### VR SÝNDARVERULEIKAGLERAUGU

- Hágæða VR sýndarveruleikagleraugu
- Dúnmjúkur andlitspúði úr Faux-leðri
- 120° sjónarsvið veitir bestu upplifunina
- Víðar 42mm linsur með þokuvörn
- Hágæða taska og linsuklútur fylgja
- Fyrir nær alla 4.7" - 6.1" snjallsíma
- Auðvelt að koma símanum fyrir og stilla af
- Fislétt hönnun, aðeins 295 grömm
- Bluetooth fjarstýring fyrir helstu aðgerðir

**19.900**
KOMDU AÐ PRUFA:)

ÁBRENNT OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

CHERRY MX SWITCHES
FÆST RED BROWN, RED EÐA BLUE

TÖLVUTEK BLACK OG TÖLVUTEK MALEFIÐ
100% KEPPNIS
ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

## DUCKYONE

### FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU

- Ducky ONE mekanískt lyklaborð
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX bláir, rauðir eða brúnir svissar
- ABS DS hnappar sem eyðast ekki
- Flýtitakkar fyrir allar helstu aðgerðir
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Ótrúleg forritanleg LED baklýsing
- Dual Layer PCB eykur líftíma

**24.900**
MAGNAÐ LEIKJALYKLABORÐ

3 STÆRÐIR

HÁRNÁKVÆM
EINN NÁKVÆMASTI OPTICAL SENSOR SEM VÖL ER Á!

100% KEPPNIS
ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

## ZASERIES

### FYRIR ATVINNUSPILARA

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- Virkar jafnt fyrir rétthenta og örvhenta
- 7 forritanlegir Macro hnappar
- Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
- Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip

**14.900**
FÆST Í 3 STÆRÐUM!

144Hz
24" 144Hz 3D SKJÁR! ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

XL2411Z

## 24"3DLED

### 144Hz 3D LEIKJASKJÁR!

Hannaður fyrir kröfuhörðustu leikjaspilara heims með óaðfinnanlegar rammahreyfingar í 144Hz sem skila fullkominni leikjaupplifun ásamt Flicker-free tækni fyrir langtímaspilun;)

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 59.900

100% KEPPNIS
ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

NVIDIA 3D LIGHTBOOST TECHNOLOGY

BenQ

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!
- UltraFlex upphækkanlegur fótur

**49.900**
27" XL2720Z AÐEINS 99.900

ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)
VERÐ FRÁ **4.990**
Trust DIGITAL LIFESTYLE ACCESSORIES

### SPJALDTÖLVUHLÍF

JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 6.990
UR23i **4.990**
4 LITIR
KOSS

### FISLÉTT HEYRNARTÓL

JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 14.900
1TB SLIM **12.900**
KEMUR Í FJÓRUM LITUM!
SEAGATE

### 1TB SLIM FLAKKARI

4 LITIR
Enzo **34.900**
Arozzi

### LEIKJASTÓLAR

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HRAÐSENDUM* 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

acer Lenovo hp KOSS BenQ THONET & VANDER state.of.the.art.sound Microsoft intel Security

12. Desember 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



Ástkær systir mín, mágkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanbjörg Hróbjartsdóttir**
hárgreiðslumeistari,
Laugarnesvegi 96,

lést á Landspítalanum 27. nóvember.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðlaug Hróbjartsdóttir** | **Erlendur Guðmundsson**
**Þóra Berg Jónsdóttir** | **Sigmar B. Bjarnason**
**Sandra Björgvinsdóttir** | **Geir Bjarnþórsson**
**Ásta Ingimarsdóttir** | **Valur Freyr Steinarsson**
**Sigtryggur B. Sigmarsson** | **Jóhanna Sigurðardóttir**
**Elín Berg Sigmarsdóttir**
**Svana Berg Sigmarsdóttir** | **Ingvi Þór Georgsson**
**Ágúst Benedikt Sigmarsson** | **Alda Kristinsdóttir**
**Anney Ýr Geirsdóttir**
**Bergþór Vikar Geirsson**
**og langömmubörn.**



**Skúli Guðjónsson**
Dælengi 1, Selfossi,

lést mánudaginn 30. nóvember.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 14.

**Magnús Skúlason** | **Sigríður Sigurjónsdóttir**
**Kolbrún Skúladóttir** | **Sigurbergur Brynjólfsson**
**Aðalbjörg Skúladóttir** | **Bárður Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Gróa Guðjónsdóttir**
fv. lögreglukona og fulltrúi hjá sálfræðideild skóla í Reykjavík, síðast búsett í Torfufelli 20, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Reykjavík 7. desember sl., verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 18. desember nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja æskulýðs- og sumarstarf KFUM og KFUK í Vindáshlíð og Kaldárseli, Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi, Samhjálp og Mæðrastyrksnefnd.

**Kristján Búason**
**Jóna Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** | **Rúnar Vilhjálmsson**
**Búi Kristjánsson** | **Sif Sigfúsdóttir**
**Guðjón Kristjánsson** | **Ragnheiður H. Arnardóttir**
**Erlendur Kristjánsson** | **Elín Anna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

***Með kærleik og virðingu***

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Ungmennaráð UNICEF heldur nú skiptidótamarkað í þriðja sinn.** MYND/UNICEF

# Skiptast á leikföngum

**Skiptidótamarkaður ungmennaráðs UNICEF á Íslandi fer fram á sunnudag. Börn koma með leikföng, bækur og spil sem þau eru hætt að leika sér með og velja önnur í staðinn. Fá fræðslu um endurnýtingu, sjálfbærni og Barnasáttmála SÞ.**

Ungmennaráð UNICEF á Ísland stendur fyrir skiptidótamarkaði á morgun, sunnudag, frá klukkan eitt til fjögur í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Börnum er boðið að koma á markaðinn með leikföng, bækur og spil sem þau eru hætt að leika sér með, leggja þau inn í leikfangsafn ungmennaráðsins og velja sér önnur leikföng í staðinn.

„Leikur er mikilvægur þroska barna og öll börn hafa gaman af því að leika sér. Það skiptir engu máli hvar börn búa eða hvaða tungumál þau tala, leikur sameinar öll börn,“ segir Hjördís Eva Þórðardóttir, réttindafræðslufulltrúi UNICEF á Íslandi.

Á markaðnum munu fulltrúar í ungmennaráðinu leika við börnin á sama tíma og þau fræða þau um endurnýtingu, sjálfbærni og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

> **Á þessum árstíma er einnig mikilvægt fyrir fjölskyldur að finna stund milli stríða í amstri dagsins.**



Hjördís Eva Þórðardóttir, réttindafræðslufulltrúi UNICEF á Íslandi

„Á þessum árstíma er einnig mikilvægt fyrir fjölskyldur að finna stund milli stríða í amstri dagsins. Með því að leika við börnin okkar sendum við þeim mikilvæg skilaboð um að þau séu mikilvæg og tíma okkar verð,“ segir Hjördís.

Fulltrúar ungmennaráðs UNICEF komu saman í Gerðubergi í gær og hófu undirbúning markaðarins.

„Það eru forréttindi að fá að vinna með ungmennaráði UNICEF, ungu hugsjónafólki sem er með hjartað á réttum stað. Þau hlakka mikið til að taka á móti hressum krökkum og fjölskyldum þeirra á sunnudag,“ segir Hjördís.

Ungmennaráðið hefur tvisvar áður staðið fyrir skiptidótamarkaði og í bæði skiptin hefur fjöldi barna mætt og undirtektirnar verið frábærar.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er í Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík.

fanney@frettabladid.is



Við þökkum innilega hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar

**Þórs Heimis Vilhjálmssonar**

**Ragnhildur Helgadóttir** | **Þórunn Þórsdóttir**
**Kristín Þórsdóttir** | **Þórir Óskarsson**
**Inga Þórsdóttir** | **Stefán Einarsson**
**Helgi Þórsson** | **Guðrún Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og börn þeirra.**



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi,

**Jón Hjörtur Sveinbjörnsson**
Berjahlíð 2, Hafnarfirði,

lést þann 29. nóvember. Útförin hefur farið fram. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks Berjahlíðar 2 fyrir góða umönnun Jóns Hjartar og dýrmæta vináttu.

**Sveinbjörn Jónsson** | **Kristín B. Hjartardóttir**
**Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir** | **Valdimar Baldursson**
**Unnþór Sveinbjörnsson** | **Berglind Gestsdóttir**
**og frændsystkin.**



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Guðjónsson**
Norðurbakka 19b, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði, 29. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 14. desember kl. 13.

**Erna Aðalheiður Guðjónsdóttir**
**Nína Kristín Sverrisdóttir** | **Jón I. Ingólfsson**
**Sigríður Guðný Sverrisdóttir** | **Jón Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær systir okkar og mágkona,

**Ingibjörg Jónsdóttir**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 5. desember. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 13.00.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á frúargangi fyrir góða og kærleiksríka umönnun.

**Sigríður Guðný Jónsdóttir** | **Geir Guðgeirsson**
**Sesselja Ásta Jónsdóttir**

GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT
KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



# Brunar í borgina til að fullkomna spænskuna

**Það er engin ellimörk að finna á Gísla S. Einarssyni, fyrrverandi bæjarstjóra á Akranesi og alþingismanni, þótt sjötugur sé í dag. Hann fer í línubeitningu eldsnemma á morgnana og lærir svo spænsku síðdegis enda maður sem var kominn í vinnu þrettán ára gamall.**

Gísli S. Einarsson er að koma heim úr lauginni og trimminu og hefur varla ráðrúm til að hengja upp handklæðið sitt fyrir ágangi blaðamanns sem vill fá hann í viðtal vegna sjötugsafmælisins í dag.

Hann er annars að fást við línubeitningu þessa dagana, fer milli klukkan fimm og sex á morgnana og er að fram á hádegi. „Ég er að prófa beitningu aftur eftir fimmtíu og þriggja ára hlé,“ segir hann glaðlega og bætir við: „Það er bara tilfallandi, gæftir hafa verið svo góðar að undanförnu og mikið róið.“

Gísli á fjölbreyttan starfsferil að baki, sat um tíma á hinu háa Alþingi, var bæjarstjóri á Akranesi í fjögur ár og vann lengi hjá Sementsverksmiðju ríkisins, fyrst sem verkamaður, síðar yfirverkstjóri og við tölvustýrt vélaviðhald. Hann tók snemma til hendinni. „Ég var 13 ára ráðinn háseti á bát frá Akranesi og var á síldveiðum fyrstu sumrin. Var svo heppinn vorið 1959 að fá pláss hjá Ingimundi Ingimundarsyni skipstjóra og var á hlutarhæsta bát frá Akranesi það árið. Það var nokkuð gott fyrir stráktitt að vera með árslaun verkamanns eftir tvo mánuði. Fyrstu tvö sumrin var nótin dregin inn á höndum. Svo kom kraftblökkin, það var mikill munur.“

Gísli fór í vélvirkja-, vél- og skipstjórnarnám á sínum tíma og hann er enn að læra. „Ég hef verið síðustu fjögur og hálft ár úti í Noregi sem steypustöðvarstjóri og lærði þar steypublöndun, kom bara heim núna í október. Frúin var með mér í tvö og hálft ár úti og við áttum sælutíma þar. Vorum norður í Alta, þar er afskaplega kyrrt og fallegt veðurlag en frostið fer niður í svona 32 gráður. Þó er eiginlega kaldara hér í tíu stiga frosti og vindi.“

Tvisvar í viku brunar Gísli í borgina á spænskunámskeið, reyndar ekki í fyrsta skipti, hann kveðst hafa lært smávegis í Málaskólanum Mími fyrir mörgum árum. „Nú ætla ég að reyna að fullkomna þetta þannig að ég geti spjallað við fólk, ekki bara pantað mér bjór og mat.“

gun@frettabladid.is




**„Ég er að prófa beitningu aftur eftir fimmtíu og þriggja ára hlé,“ segir Gísli brattur.** MYND/ÚR EINKASAFNI

**Ég er að prófa beitningu aftur eftir fimmtíu og þriggja ára hlé. Það er bara tilfallandi, gæftir hafa verið svo góðar að undanförnu og mikið róið.**

---



✝

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Guðmundur Kristinn Klemenzson**

læknir,

lést þann 8. desember síðastliðinn. Útförin verður tilkynnt síðar.

**Ólafur Örn Klemenzson**
**Sæunn Klemenzdóttir**
**Sigurður Jökull Ólafsson**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Valdís Ólafsdóttir**
**Valdimar Klemens Ólafsson**
**Hallur Hallsson**
**Inga A. Valdimarsdóttir**
**Hallur Helgason**

---



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Benediktsdóttur**

frá Grundarási.

Einnig færum við starfsfólki á deild V4 á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sérstakar þakkir fyrir afburða aðhlynningu og þá stöku alúð og virðingu sem hún naut þar.

**Sigrún Aðalbjarnardóttir** **Þórólfur Ólafsson**
**Inga Hjördís Aðalbjarnardóttir** **Helgi Jón Jónsson**
**Aldís Aðalbjarnardóttir** **Páll Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hugheilar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Fanneyjar Tryggvadóttur**

Grund, Reykjavík,
áður Mánatúni 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Grund sem sýndi henni einstaka umhyggju og stuðning árin sem hún bjó þar.

**Joseph Lee Lemacks**
**Tryggvi Friðjónsson** **Kristbjörg Leósdóttir**
**Þórarinn Friðjónsson** **Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Gróa Friðjónsdóttir**
**Vigdís Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts

**Georgs Ólafs Jónssonar**

Laufengi 14.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 12G, Landspítala við Hringbraut, fyrir nærgætni og hlýju í veikindum hans.

**Jóhanna Jensdóttir**
**Dagrún Deirdre** **Helgi Helgason**
**Niall Brown** **Minna Brown**
**Jens Gunnarsson** **Herdís Vattnes**
**Helgi Már Gunnarsson** **Kolbrún Haraldsdóttir**
**Ingi Steinn Gunnarsson** **Auður Þórólfsdóttir**
**Hjalti Gunnarsson** **Ása Dalkarls**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Kristins Björnssonar**

fv. forstjóra,
Fjólugötu 1, 101 Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir einstaka umönnun. Jafnframt sendum við fjölskyldu og vinum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

**Sólveig Pétursdóttir**
**Pétur Gylfi Kristinsson**
**Emilía Sjöfn Kristinsdóttir**
**Björn H. Kristinsson** **Herborg Ingvarsdóttir**
**Inga Bríet, Kristinn Tjörvi, Einar Ísak og Markús Bragi**

---



✝

Elsku mamma okkar, dóttir, systir og mágkona,

**Nína (Jónína Marteinsdóttir)**

verður jarðsungin frá Laugarneskirkju 15. desember kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vildu minnast hennar láti Kraft, samtök ungs fólks með krabbamein, njóta þess.
Bnr.: 327-26-112233, kt. 571199-3009

**Daði Mánason, Gabríel Sigurðarson**
**Ólöf Þóra Steinólfsdóttir** **Pétur Stefánsson**
**Marteinn Jónsson**
**Stefán Sölvi Pétursson** **Vera Óðinsdóttir**
**Úlfur Orri Pétursson** **Linda María Karlsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Kristján Þorgeir Magnússon**

flugstjóri,

sem lést í Bandaríkjunum 26. nóvember verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 15. desember kl. 15.

**Jóhann Svavar Bl. Þorgeirsson** **Guðrún J. Halldórsdóttir**
**Davíð Blöndal Þorgeirsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**Kristín Diljá Þorgeirsdóttir**
**Jóhann Magnús Magnússon**
**Marinó Már Magnússon**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Kjartansdóttir**

húsmóðir, Frostafold 149,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. desember. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 13.

**Guðrún Halldóra Antonsd.** **Guðmundur Jón Friðriksson**
**Kjartan Halldór Antonsson** **Eydís Gréta Guðbrandsdóttir**
**Borgar Antonsson** **Helga Guðlaug Vignisdóttir**
**Óskar Sigurþór Antonsson** **Agne Cicinskaite**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

**Jóna Margrét Jóhannesdóttir**

Álfkonuhvarfi 45, Kópavogi,
áður í Ytri-Njarðvík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 14. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Rúnar Freyr Þorgilsson** **Daizy Cabeza**
**Íris Ósk Haraldsdóttir** **Ingvar Einarsson**
**Einar Kristinn Haraldsson** **Signý Ósk Ólafsdóttir**
**Heiðdís Ósk Haraldsdóttir** **Bjarni Kristinn Ólafsson**
**Haukur Örn Jóhannesson** **Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

Markhönnun ehf

netto

NÝTT KORTATÍMABIL



# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Í NETTÓ




AÐEINS 1.949 KR




VERÐ: 2.144 KR




VERÐ: 4.823 KR




VERÐ: 3.509 KR




VERÐ: 2.924 KR




VERÐ: 1.819 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 1.959 KR




VERÐ: 4.689 KR

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 12. – 13. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

## Konráð og félagar á ferð og flugi 178

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Brandarar

Frænkan: „Þú hefur augun hennar móður þinnar og nefið hans pabba þíns.“
Barnið: „Já, og buxurnar hans bróður míns.“

Pabbi, megum við fá hund á jólunum?
Nei, ætli við höfum ekki rjúpur eins og venjulega.

Spurðu mig hvort ég sé kanína.

Ertu kanína?
Já. Spurðu mig hvort ég sé krókódíll.
Ertu krókódíll?
Nei, asni ertu, ég var að segja þér að ég væri kanína.

Presturinn: Pétur minn, hlustar þú aldrei á samviskuna?
Pétur: Nei, á hvaða stöð er hún?


Mikael með magnaða bók

★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Stundin







Skemmtilegustu námsgreinarnar í skólanum eru forritun og enska, að mati Ólafs Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Getur verið besti Minecraft-spilari í heiminum

**Ólafur Örn Þorsteinsson** níu ára forritar, teiknar og býr til myndasögur í tölvunni og er meistari í leiknum Minecraft. Hann hefur prófað að kenna hjá Skema, sem stendur fyrir námskeiðum í leikjaforritun.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gamall ertu?** Ólafur Örn Þorsteinsson heiti ég og er níu ára, alveg að verða tíu.

**Hver er eftirlætisnámsgreinin þín í skólanum?** Að forrita í iPad eða tölvu. Svo finnst mér líka gaman að læra ensku.

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Mér finnst gaman að lesa, forrita, vera í tölvunni og teikna og búa til myndasögur.

**Hefur þú kynnst leiknum Minecraft?** Ég er búinn að leika mér í Minecraft síðan ég var sex ára.

**Hvað heillaði þig við hann?** Mér finnst svo flott hvað hann er svo pixel-legur og hvað maður getur gert margt í þessum leik.

**Getur þú lýst því í örstuttu máli út á hvað hann gengur?** Maður getur byggt, smíðað, séð allar uppfærslur, reynt að gera rosalegar skipanir, gert server (netþjón), spilað með öðrum og verið besti Minecraft-spilari í heiminum.

**Hefur þú prófað að kenna öðrum þennan leik?** Já, ég hef farið á nokkur námskeið hjá Skema og fengið að vera aðstoðarkennari.

**Hvernig stóð á því?** Hún Rakel hjá Skema leyfði mér að kenna.

**Er endalaust hægt að bæta við sig þekkingu í þessum fræðum?** Já það er hægt og kannski þarf ég meiri þjálfun og skelli mér á fleiri námskeið hjá Skema.

## Teikningar





BJARTUR

**Hann Bjartur Stefánsson,** sex ára, sendi okkur þessar skemmtilegu myndir sem hann teiknaði af löggu og bófa og sjóræningja.

# TENINGA ALIAS ER KOMIÐ Í VERSLANIR HAGKAUPS

## NÝ ÚTGÁFA AF VINSÆLA BORÐSPILINU ALIAS




**KASTAÐU TENINGUNUM OG FINNDU ORÐ TIL AÐ SKÝRA ÚR STÖFUNUM SEM KOMA UPP.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hæg suðlæg átt og víða léttskýjað í dag, en él eða dálítil snjókoma við suður- og vesturströndina. Frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 6° | 0° | 2° | 7° | 4° | 1° | -15° |
| **London** | **Amsterdam** | **Paris** | **Berlin** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 11° | 8° | 10° | 6° | 10° | 9° | 13° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 8° | 7° | 19° | -1° | 27° | 7° | 18° |

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| 06.49 | 00.38 |
| 4,05m | 0,51m |
| 19.05 | 13.07 |
| 3,76m | 0,49m |
| **Akureyri** | |
| 11.01 | 04.47 |
| 1,48m | 0,38m |
| 23.32 | 17.22 |
| 1,33m | 0,27m |
| **Ísafjörður** | |
| 08.44 | 02.36 |
| 2,28m | 0,38m |
| 20.55 | 15.10 |
| 2,03m | 0,37m |

### Tunglstaða

Vaxandi
1%

Sólarupprás:
11.10

Sólarlag:
15.30

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↖6 | -2° ↖9 | 3° ↑8 | 2° ↖6 | 1° ↙17 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↗2 | -3° ↖11 | -0° ↙2 | 1° ↗11 | -4° ↙22 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° ↗8 | -7° ↗5 | 0° ↗14 | -1° ↗9 | 0° ↙10 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -10° ↗6 | -9° ↗4 | 1° ↑6 | -5° ↑6 | 1° ↙11 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↓5 | -5° ↓7 | -0° ↙3 | 1° ↙5 | 3° ↙8 |





Ellefu dægurlög er fyrsta sólóplata **Grétars Örvarssonar** og hefur fengið frábærar viðtökur. Hér flytur hann ásamt landsþekktum tónlistarmönnum og söngkonum þekkt dægurlög í nýjum og skemmtilegum útsetningum.
Grétar sýnir hér á sér nýja hlið sem söngvari og útkoman er sérlega vönduð og ljúf geislaplata sem unnendur fallegra dægurlaga ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Sölustaðir: **Nettó, Samkaup, Hagkaup, Penninn-Eymundsson**

Einnig er hægt að panta diskinn áritaðan með því að senda email á **baxehf@gmail.com**





*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.


## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# „Ég táraðist undir lokin.“

KB / Kiljan






★★★★★

„... einstaklega vel heppnuð og falleg bók sem setur ferskan tón í ævisagnaritun á Íslandi.“

Magnús Guðmundsson / Fréttablaðið

„... það er í þessari bók einhver kjarni sem maður er oft að leita að í miklu stærri ævisögum.“

Haukur Ingvarsson / Kiljan

„Það besta sem Guðmundur Andri hefur gert og hefur þó gert margt gott.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

★★★★½

„Framúrskarandi vel lukkað og hjartnæmt verk ... Tvímælalaust ein af athyglisverðustu og bestu bókum ársins.“

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

„Thor stígur algjörlega ljóslifandi af þessum síðum ... Algjörlega frábær bók!“

Egill Helgason / Kiljan

## „Mikilvæg bók.“

Birna Bjarnadóttir / Víðsjá

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Snerti þjóðina meira en margan grunar

**Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur hefur skrifað bók um fyrri heimsstyrjöldina út frá sjónarhóli Íslendinga og áhrifa styrjaldarinnar á þjóðina.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Stríðið mikla, eða fyrri heimsstyrjöldin, hefur verið Íslendingum nokkuð fjarlægt. Ef betur er að gáð hafði þessi skelfilega styrjöld þó gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag. Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur hefur nú sent frá sér bókina Þegar siðmenningin fór fjandans til – Íslendingar og stríðið mikla 1914-1922. Þar fjallar Gunnar Þór um sögu fyrri heimsstyrjaldarinnar og segir þessa merku sögu frá sjónarhóli Íslendinga.

Gunnar Þór segir að umfjöllun um fyrri heimsstyrjöldina hafi óneitanlega setið aðeins á hakanum á Íslandi og staðið í skugganum af seinni heimsstyrjöldinni. „Það var styrjöld sem breytti miklu en fyrra stríðið hafði líka mikil áhrif á okkur og svo auðvitað Evrópu alla. Þetta umturnaði Evrópu og lagði línurnar fyrir það sem gerðist næstu áratugina.“



**ÞAÐ ER MERKILEGT HVAÐ TÍMINN Á ÁRUNUM FYRIR FYRRA STRÍÐ MINNIR UM MARGT Á OKKAR SAMTÍMA.**

Gunnar Þór Bjarnason
sagnfræðingur

### Minnir á samtímann

„Ég fer þá leið að meirihluti þess sem ég er að fjalla um er Íslandssagan en ég segi líka sögu stríðsins og geri það frá sjónarhóli Íslendinga. Þannig að þetta verður svona íslensk saga stríðsins sjálfs og áhrifin hér sem voru umtalsverð. Hvaða áhrif þetta hafði á siglingar og margt fleira. Það átta sig t.d. ekki allir á því að það var fullt af skipum í siglingum hingað sem Þjóðverjar skutu niður í fyrra stríði. Voru til kafbátar þá? hef ég stundum verið spurður og svarið er svo sannarlega já. Ég birti í bókinni tölur um fjölda þeirra skipa sem voru skotin niður en Íslendingar sluppu reyndar alveg ótrúlega vel. Þetta hefði getað farið miklu verr því nýju Eimskipafélagsskipin Gullfoss, Goðafoss og Lagarfoss sluppu alveg. En það gekk svo sem á ýmsu.“

Gunnar Þór bendir á að ein af ástæðum þess að mikilvægt sé að skoða þessa sögu sé til þess að læra af henni. „Það er merkilegt hvað tíminn á árunum fyrir fyrra stríð minnir um margt á okkar samtíma. Það var góðæri, enginn hugsaði um stríð og allir héldu að það væri bara afgreitt mál og svo skellur þetta á. Þetta var mikið áfall. En þegar seinna stríðið skall á þá var búin að vera kreppa, fasisminn í uppgangi og kommúnisminn í Rússlandi og það var meira eins og allir hafi búist við þeirri styrjöld en það var ekki þannig með fyrra stríð.“



Mynd af þýskum kafbáti tekin um borð í Gullfossi 22. júní 1915.

### Evrópa úr skorðum

„Fyrra stríðið var ekki hugmyndafræðilegt eins og seinna stríðið. Þetta voru fyrst og fremst hagsmunaátök á milli stórveldanna sem hefði átt að vera hægt að koma í veg fyrir. Það hafa einmitt margir bent á að þetta stríð hafi verið svo mikill óþarfi. Þess vegna eyði ég talsverðu púðri í að skoða hvernig þetta gerðist og hvernig Íslendingar upplifðu það. Það er þetta morð á þessum hertoga í Sarajevó og þetta hefði ekkert þurft að fara svona.

Tölur eru nú á reiki um mannfall í þessu stríði en það er oft miðað við um fimmtán milljónir. Tíu milljónir hermanna og fimm milljónir almennra borgara. En það er í raun hægt að rekja dauða miklu fleiri til stríðsins. Svo brutust út í lokin alls kyns styrjaldir, borgarastríðið í Rússlandi, stríðið milli Póllands og Rússlands, milli Grikkja og Tyrkja, þjóðernishreinsanir og eftirhreytustríð sem standa fram á þriðja áratuginn. Þetta setti Evrópu alla úr skorðum.“

### Mótunartími

Áhrifanna af öllum þessum hörmungum og eftirhreytum stríðsins gætti alltaf á Íslandi. „Það er stundum talað um stríðsgróða í upphafi vegna þess að við fengum meira fyrir vörurnar okkar en aðfluttar vörur snarhækkuðu í verði. Síðustu tvö stríðsárin eru tvö erfiðustu ár Íslandssögunnar frá því á seinni hluta nítjándu aldar. Þetta var miklu verri kreppa en varð hér árið 1930. Það myndaðist hérna mikill skortur. Skipakomum snarfækkaði á stríðsárunum. Það þurfti að aflýsa skólahaldi og skammta vörur og ég fjalla dálítið um þetta því ég held að fólk átti sig ekki alveg á þessu. Þegar það er farið að tala um erfiðleika á þessum tíma þá kemur alltaf Frostaveturinn upp í hugann en hann er aukaatriði. Hann skellur á í ársbyrjun 1918 og gerði vissulega illt verra þessar vikur sem hann stóð en grunnurinn að þessu er siglingatregðan sem stríðið skapaði og skorturinn sem það hafði í för með sér. Árin fyrir stríð höfðu verið mikill uppgangstími en svo kemur þetta áfall. Það er ekki fyrr en líður á þriðja áratuginn sem við erum komin á sama stað og og við vorum 1913.“

### Íslendingar í stríði

Það var talsvert um Íslendinga sem voru beinir þátttakendur í styrjöldinni. „Lengsti kaflinn fjallar um vestur-íslenska hermenn. Þar er ég mest að fókusera á stráka sem voru nýfarnir og voru í raun miklu frekar Íslendingar en Kanadamenn. Það er þarna sérstakur kafli um strák sem var búinn að vera í tvö ár í MR og það var eitthvert óyndi í honum svo hann fór vestur um haf og er bara kominn í herinn. Þetta er það sem hafði hvað mest áhrif á mig þegar ég var að vinna þetta; að lesa bréf og kynna sér sögu stráka sem voru aldir upp hérna við Esjuna. Við þetta verður stríðið eitthvað svo miklu nálægara og hittir mann beint í hjartastað. Að lesa um þessa stráka sem eru að skrifa og hugsa á íslensku færir okkur nær.“

Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins...
www.versdagsins.is




# Sársauki lífsins

BÆKUR

**Eitthvað á stærð við alheiminn**

★★★★★

**Höfundur:** Jón Kalman Stefánsson
**Útgefandi:** Bjartur
355 síður

Eitthvað á stærð við alheiminn, nýjasta bók Jóns Kalmans Stefánssonar, er kunnugleg þeim sem þekkja fyrri bækur hans. Upphafskafli bókarinnar kynnir helstu stef hennar; ástina, dauðann, sorgina og skáldskapinn. Þetta er allt samtvinnað í stuttri frásögn um Lillu frænku sem missir dóttur sína og yrkir í kjölfarið ljóð, um dótturina og harminn, sem fylgir henni alla tíð. Þrátt fyrir mikinn fjölda persóna, tímaskeiða og sögusviða enduróma þessi grunnstef í gegnum alla bókina. Dauðinn er sífellt nálægur og sorgin sem fylgir honum, en líkt og tónlist er „sá staður þar sem fegurðin huggar sársaukann“ (199) þá má segja það sama um skáldskapinn. Hann bæði skapar sársaukann og huggar um leið.

Í sjálfu sér er ekkert byltingarkennt við þessa fjölskyldusögu um íslenskan almúga, ógnarvald hafsins, fisksins og vinnunnar, brauðstritið og draumana, ástina og fjarlægðina á milli manna, en það er textinn sjálfur sem gerir það að verkum að bókin er sem ný. Þetta er framhald bókar Jóns Kalmans Fiskarnir hafa enga fætur, sem kom út 2013, og lesendur fylgja sömu fjölskyldu eftir og halda áfram að kynnast ástum þeirra og sorgum. Bækurnar eru sjálfstæðar en saman draga þær þó upp fyllri mynd af persónunum og lífi þeirra. Lýsingar á umhverfinu spegla oft og tíðum umfjöllunarefni bókarinnar; uppsveiflur og niðursveiflur í efnahagsmálum þjóðarinnar og öldudalir tilverunnar hjá persónunum kallast á. Sagan berst frá Norðfirði millistríðsáranna, með viðkomu í Reykjavík á sjötta áratugnum og endar á Reykjanesi, annars vegar á níunda áratugnum og hins vegar í samtímanum. Keflavík, Sandgerði og aðrir þéttbýliskjarnar á Reykjanesi eru þó mikilvægustu bakgrunnsþættir sögunnar. Þetta berangurslega og vindbarða umhverfi (hvort sem er í eiginlegri eða yfirfærðri merkingu) er kannski ekki alltaf uppörvandi, en lýsingarnar á fólkinu sem þar býr eru litaðar af hlýju þess sem gerir sér grein fyrir breyskleika mannanna – og að auki þá hlýtur að vera von fyrir bæjarfélag sem breytir allt of stórri byggingu gjaldþrota sparisjóðs í bókasafn.



Þetta er bók sem maður fyrirgefur það sem manni líkar ekki vegna kosta hennar. Framan af er stundum erfitt að átta sig á persónunum og tengslum þeirra, m.a. vegna þess að þetta er framhald af annarri bók um sömu persónur. Það hjálpar heldur ekki að bókin flakkar ört fram og til baka í tíma og skiptir jafnvel um tíð í miðri efnisgrein (sem stuðaði mig dálítið í byrjun). En galdur orðanna, og þær djúpstæðu tilfinningar sem þau tjá, knýr verkið áfram og gerir það að verkum að maður getur ekki hætt að lesa. Ég held að stíll Jóns Kalmans hafi aldrei notið sín jafn vel og í þessari bók, nema ef vera skyldi í fyrri hluta Himnaríkis og helvítis (2007), enda er margt í þessari bók sem minnir á þá sögu. Lífsbarátta mannsins í nútímanum snýst kannski ekki jafn mikið um baráttuna við náttúruöflin en það þýðir ekki að tilveran geti ekki verið grimm. Ástin, samkenndin og skáldskapurinn eru mótvægi við hörkuna, en fegurðin býr líka í sorginni, söknuðinum og átökunum. Að minnsta kosti í texta Jóns Kalmans, enda fylgir hann manni jafnvel þegar maður hefur lagt bókina frá sér.

**Ásdís Sigmundsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifamikil saga um ástina og dauðann sem sýnir hvernig fegurðin getur búið í sársaukanum.




**1. sæti**
BÓKSÖLULISTINN
ALLAR BÆKUR
30.11-6.12

*„Besta bók Yrsu.“*
FRIÐRIKA BENÓNÝS,
KILJUNNI

★★★★
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON,
MORGUNBLAÐINU

★★★★
HRINGBRAUT.IS

★★★★
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR,
FRÉTTABLAÐINU

★★★★½

# „HÚRRA YRSA!“

GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR, DV

*„Sjúklega góð glæpasaga“*
HRINGBRAUT.IS

VERÖLD








MYND/RAGNHEIÐUR HARPA LEIFSDÓTTIR

# Vill sanna að okkur þyki vænt um alla

## Jól í Kallafjöllum er örlagasaga sem flutt verður með tónlist í Hannesarholti á morgun.

„Sagan fjallar um hugprúða konu sem fer upp á hálendi Íslands að hjúkra veikum jólasveini. Móðir hans heitir Grýla Steinkarlsdóttir og er einstæð móðir með aragrúa barna. Dúðadurtur sonur hennar og Leppatuska dóttir hennar eru síst til hjálpar og eiginmaðurinn Leppalúði er farinn á fjöll til að finna sjálfan sig. Konan vill sanna fyrir jólasveini að okkur þykir vænt um alla, ekki bara fólkið sem býr rétt hjá okkur.“

Þannig lýsir Guðrún Ásmundsdóttir efni eigin sögu sem hún og Jónína Jónsdóttir ætla að segja í Hannesarholti á morgun, sunnudag, klukkan 15. Með þeim eru Monika Abendroth hörpuleikari og Alexandra Chernishova sópransöngkona sem flytja tónlist á borð við Ave Maria og Nóttin var sú ágæt ein eftir Sigvalda Kaldalóns. „Monika og Alexandra eru eins og englar sem lýsa upp dimm skotin í Grýluhelli,“ segir Guðrún. **– gun**

**SAGAN FJALLAR UM HUGPRÚÐA KONU SEM FER UPP Á HÁLENDI ÍSLANDS AÐ HJÚKRA VEIKUM JÓLASVEINI.**








**„Ég er gamalreynd í hlutverki kynnis,“ segir Halldóra.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Með því fegurra sem ég hef séð

„Það er ekkert sem lyftir jólaskapinu í hærri hæðir en tónlist og þegar 70 manna hljómsveit mætir börnum og unglingum sem leika listir sínar þá verður töfrastund,“ segir Halldóra Geirharðsdóttir, sem verður kynnir á fernum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg í dag og á morgun.

„Ég er gamalreynd í hlutverki kynnis á svona tónleikum og mér finnst það stórkostlegt. Ég er Barbara trúður og brý til brýr milli atriða í dagskránni sem eru hvert öðru flottara,“ segir Halldóra og byrjar að telja upp. „Það eru 319 manns sem koma að tónlistarflutningnum. Fyrir utan sinfóníuna eru fjórir kórar frá Langholtskirkju, það er táknmálskórinn Litlu sprotarnir, óperusöngkonan Dísella Lárusdóttir og það er táknmálssöngkonan Kolbrún Völkudóttir. Líka tveir einleikarar, fiðluhópur Lilju Hjaltadóttur, bjöllukór frá Reykjanesbæ að ógleymdum nemendum úr Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Svo svífa nemendur Listdansskóla Íslands um svið Eldborgar. Þetta er með því fegurra sem ég hef komið nálægt.“ **-gun**


JÓLAGJAFIR FYRIR DÝR OG DÝRAVINI
Í DÝRARÍKINU HOLTAGÖRÐUM
20%
AFSLÁTTUR AF GLÆSILEGUM FUGLABÚRUM
54 LÍTRA EHEIM FISKABÚR MEÐ LOKI, LJÓSI, HREINSARA OG HITARA
JÓLATILBOÐ
17.637
EHEIM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ OG GÓÐ VERÐ
STÚTFULL VERSLUN AF GÓÐUM OG GLEÐILEGUM JÓLAGJÖFUM
GÆÐIN SKIPTA MÁLI
DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini
Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins
Sími 568 66 68
Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar










Góða skemmtun í bíó










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur
**12. DESEMBER**

### Skemmtanir

**Hvað?** Jólasveinar í Þjóðminjasafninu
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands, myndasalur
Jólasveinarnir skemmta börnum í Þjóðminjasafninu daglega eins og venjulega frá því þeir fara að koma til byggða.

**Hvað?** Jólabað jólasveinanna
**Hvenær?** 17.00
Jólasveinarnir fara í sitt árlega jólabað í Jarðböðunum við Mývatn. Þeir eru nú misglaðir bræðurnir með þessa hefð og því um að gera fyrir alla að mæta og taka þátt í fjörinu! Einnig er hægt að hitta þá bræðurna fyrir baðið á Hallarflöt í Dimmuborgum kl. 13-15.

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar Sinfóníunnar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Harpa
Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlega vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna. Hér er hátíðleikinn í fyrirrúmi og fluttar eru sígildar og heillandi jólaperlur.

**Hvað?** Hýr jól
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Neskirkja
Jólasnjórinn verður í regnbogalitunum þegar jólatónleikar Hinsegin kórsins fara fram í Neskirkju. Hýrir jólatónar í bland við dægurtónlist og popp.

**Hvað?** Tónleikar með Valdimar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Hljómsveitin Valdimar var stofnuð árið 2009 þegar Valdimar Guðmundsson og Ásgeir Aðalsteinsson byrjuðu að semja lög heima hjá Ásgeiri. Fljótlega varð til sex manna hljómsveit sem sló óvænt í gegn bæði hjá almenningi og gagnrýnendum.



**Hvað?** Jólagestir Björgvins
